ÁSLAUG TRAUSTADÓTTIR

*Kennir nemendum að búa til súpu og brauð*

matur heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




HEILSA OG HREYFING

*Allir ómeiddir í lok bardaga*

Sérblað um heilsu og hreyfingu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR

*Fékk stuðning frá foreldrum sínum*

Söngkonan gefur út sína fyrstu plötu

FÓLK 50





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. október 2007 — 291. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## FÖSTUDAGUR

**Tuttugu og einn í úrslit**

Fleiri konur en karlar keppa um þulustarfið

FÓLK 50



**Ástin er svarið**



Mugison syngur um ástina í sínum ýmsu myndum á nýjustu plötu sinni, Mugiboogie.

FÓLK 42

**KR á beinu brautina**



Íslandsmeistarar KR eru aftur komnir á beinu brautina eftir mjög örugg-an og sanngjarnan sigur á Snæfelli vestur í bæ í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 44

**SIRKUS**

**Öll trixin í bókinni**

Einar Bárðarson um bransann, ástina og lífið í Lundúnum.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**VEÐRIÐ Í DAG**




**KÓLNANDI** Með morgninum verður hvöss suðvestanátt á Vesturlandi, annars heldur hægari. Snýst í hægari norðanátt með kvöldinu. Þurrt eystra, annars rigning eða skúrir en snjókoma eða slydda á Vestfjörðum. Kólnandi veður.

VEÐUR 4

# Útgerðin segir 80 milljarða tapaða vegna hávaxtastefnu

**Vaxtastefna Seðlabankans hefur kostað sjávarútveginn 80 milljarða króna á síðustu fjórum árum, að mati LÍÚ. Formaður sambandsins segir óþolandi að sjónarmið atvinnulífsins séu hundsuð af stjórnvöldum.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) telur að vaxtastefna Seðlabankans hafi kostað íslenskan sjávarútveg áttatíu milljarða króna á síðustu fjórum árum. Útgerðin hafi því að meðaltali tapað sömu upphæð síðustu fjögur árin og tekjutap niðurskurðar veiðiheimilda á yfirstandandi fiskveiðiári er talið verða.

Björgólfur Jóhannsson, formaður LÍÚ, gagnrýndi vaxtastefnu Seðlabankans harðlega við upphaf 68. aðalfundar samtakanna í gær. „Vextir Seðlabankans eru allt of háir og nauðsynlegt að hefja lækkun þeirra strax. Talsmenn atvinnulífsins hafa ítrekað krafist breytinga og lagt fram tillögur en ekkert verið gert með þær. Það er óþolandi að stjórnvöld skuli hundsa algerlega sjónarmið atvinnulífsins.“ Björgólfur sagði að við óbreytt ástand yrði ekki unað, því verið væri að draga máttinn úr útflutningsatvinnuvegunum, sem græfi undan undirstöðum efnahagslífsins og samfélagsins í heild.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir í inngangi ársskýrslu samtakanna fyrir starfsárið 2006 til 2007 að sjávarútvegurinn standi frammi fyrir tuttugu milljarða króna skerðingu á tekjum vegna niðurskurðar veiðiheimilda á yfirstandandi fiskveiðiári. Hann segir jafnframt að viðvarandi hágengisstefna Seðlabankans hafi kostað sjávarútveginn um áttatíu milljarða á síðustu fjórum árum.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði í ræðu sinni á aðalfundinum að sterk staða krónunnar væri óþolandi. „Er mér nær að halda að erfiðleikar vegna hinnar sterku stöðu gjaldmiðilsins séu síst minni og ef til vill meiri en þeir sem stafa af niðurskurði aflaheimilda.“ Einar telur það vera umhugsunarefni að hækkun húsnæðisverðs, sem er helsta ástæða þess að verðbólga er yfir markmiðum Seðlabankans, skuli óbeint valda útflutningsgreinunum svo miklum vanda sem raun beri vitni. Í því ljósi þurfi að skoða þá mælikvarða sem lagðir séu til grundvallar hagstjórninni í landinu. Hann bindur þó vonir við spár sem gera ráð fyrir að gengi krónunnar muni lækka á næsta ári.

- shá / sjá síðu 4



**BORGARSTJÓRASPJALL** Fjórir borgarstjórar Reykjavíkur voru saman komnir í Höfða í gær að fagna fimm þúsundasta fundi borgarráðs. Þau Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Egill Skúli Ingibergsson létu sig ekki muna um að deila reynslu sinni með nýjum borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarráð fagnaði áfanga:

## Fimm þúsund fundir að baki

**STJÓRNMÁL Fimm þúsundasti fundur borgarráðs fór fram í Höfða í gær. Að fundinum loknum var tekið á móti gestum, en öllum núlifandi borgarráðsfulltrúum frá upphafi var boðið í Höfða, auk núverandi borgarstjórnar.**

**Borgarráð, sem þá hét bæjarráð, var sett á fót í júlí árið 1932. Þeir sem fyrst áttu sæti í því voru Guðmundur Ásbjörnsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson og Stefán Jóh. Stefánsson. Fyrsti formaður ráðsins var Knud Zimsen borgarstjóri.**

**Björn Ingi Hrafnsson, núverandi formaður borgarráðs, segist hafa haft gaman af því að hitta borgarráðsfulltrúa frá gamalli tíð. „Að öðru leyti var þetta nú bara hefðbundinn fundur.“ - sh**

Rætt var um hugtakanotkun um innflytjendur í Alþjóðahúsinu í gær:

# Segir orðið negri ekki neikvætt

**SAMFÉLAGSMÁL** Mörður Árnason íslenskufræðingur varaði við því sem hann kallaði orðaflótta á hádegisfundi um hugtakanotkun í málefnum innflytjenda sem haldinn var í Alþjóðahúsinu í gær.

Yfirskrift fundarins var „Hvað má og hvað má ekki? Svertingi, útlendingur, negri, nýir Íslendingar“ og voru fyrirlesarar auk Marðar þau Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður miðstöðvar innflytjendarannsókna, og Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Kristján fjallaði um prentfrelsi á bókum sem tilheyrðu öðrum hugmyndaheimi en samtímanum. Taldi hann bókina Tíu litla negrastráka, sem nú hefur verið endurútgefin, vissulega ekki heppilega fyrir börn. Hún væri þó afurð sögulegs ferlis sem ekki væri hægt að afmá auk þess sem myndskreytingar bókarinnar væru hluti af verkum myndlistarmannsins Muggs.

Hallfríður sagði það miður að talsmenn pólitískrar rétthugsunar, hvað varðaði málnotkun, legðu sig ekki fram við að brýna fyrir landsmönnum að sýna minnihlutahópum virðingu í orðum heldur legðu þeir áherslu á að nota hugtök sem hefðu verið íslensku. Tók hún sem dæmi orðið aðlögun, eða gagnkvæm aðlögun, en hún taldi orðið „integration“ mun betra í umræðu um innflytjendur.

- kdk










## SPURNING DAGSINS



*Katrín, buðuð þið í nokkra lokka fyrir formanninn?*

„Nei, hann er svo myndarlegur fyrir að það má ekki miklu við hann bæta.“

Hár úr höfði byltingarleiðtogans Che Guevara var boðið upp í gær. Félagar í Vinstri grænum hafa meðal annars prentað boli með mynd af Steingrími J. Sigfússyni í líki Che Guevara. Katrín Jakobsdóttir er þingmaður VG.

Fjárskaði er flutningabíll valt þegar vegkantur gaf sig í hvassviðri á Snæfellsnesi:

# Drápust á leið til slátrunar

**LÖGREGLA** Um sextíu kindur drápust er flutningabíll valt við bæinn Arnarstaði á Snæfellsnesi í gær. Tvo menn sem í bílnum voru sakaði ekki.

Kindunum hafði verið safnað saman á bæjum í Helgafellssveit og átti að flytja þær til slátrunar. Um 230 kindur voru í bílnum og var þeim sem ekki drápust í veltunni komið fyrir í nálægum útihúsum eftir óhappið.

Hvasst var og vont skyggni þegar blautur kantur gaf sig undan stórum flutningabílnum á þröngum stað á veginum. Kindurnar sem drápust eru taldar hafa kafnað. Lögreglumenn og björgunarsveitarmenn komu til aðstoðar. - gar



**FJÁRSKAÐINN Í HELGAFELLSSVEIT** Talið er að flestar kindurnar sem drápust hafi kafnað.

Biðlað til flutningabílstjóra:

## Hleypi fram úr

**UMFERÐARÖRYGGI** Ákall til flutningabílstjóra hefur verið birt á fréttavefnum Tíðis í Vesturbyggð. Það er Anna Guðmundsdóttir á Patreksfirði sem biðlar til bílstjóranna að sýna ökumönnum minni bíla tillitssemi þegar komið er úr Breiðafjerjunni Baldri. „Þannig er að þegar stórir flutningabílar aka upp úr ferjunni eru þeir oftar en ekki fyrstir eða með þeim fyrstu að aka út úr skipinu. Fljótlega eftir að komið er suður fyrir Stykkishólm byrja tilraunir annarra bíla til að komast fram úr,“ segir Anna. „Fínt væri ef bílstjórar flutningabílanna hinkruðu í örstutta stund og hleyptu minni bílunum á undan.“ - gar

Launakjör ríkisforstjóra:

## Fær 900 þúsund hjá Flugstoðum

**RÍKISSTARFSMENN** Þorgeir Pálsson, forstjóri ríkisfyrirtækisins Flugstoða ohf, fær 900 þúsund krónur í mánaðarlaun samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu. Þorgeir, sem var flugmálastjóri áður en þeirri stofnun var skipt upp og Flugstoðir ohf. settar á laggirnar, fékk 820 þúsund krónur í mánaðarlaun fyrir breytinguna um síðustu áramót.

Til samanburðar má nefna að Páll Magnússon útvarpsstjóri hækkaði í launum úr um 800 þúsund krónum í 1.500 þúsund við það að Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag í byrjun apríl. - gar



**Á VETTVANGI** Slökkviliðsmenn voru kallaðir út ásamt lögreglu og sjúkraliði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnuvél valt við Smáralind:

## Gröfustjórinn slapp rispaður

**SLYS Vinnuvél valt á hliðina ofan í grunn við norðanverða Smáralind skömmu eftir hádegi í gær. Einn var í vélinni þegar hún valt og slapp hann með rispur.**

**Lögregla, sjúkra- og slökkvilið var kallað á staðinn. Óttast var að verr hefði farið og mögulega þyrfti að klippa manninn úr vélinni en það reyndist ekki nauðsynlegt.**

**Vélin laskaðist og tafðist vinna nokkuð á meðan unnið var á vettvangi, meðal annars við að reisa vélina við að nýju.** - sh

Heimagerður ís slær í gegn:

## Skapar tvö störf

**FRAMLEIÐSLA** Á bænum Holtseli í Eyjafirði er framleiddur sælkeraís sem nefnist Holtselshnoss. Fjölskyldan á bænum tekur öll þátt í framleiðslunni á ísnum, sem meðal annars er seldur í verslunum Nóatúns, og annar ekki eftirspurn.

Ísgerðin hefur að sögn Guðmundar Jóns Guðmundssonar bónda skapað tvö ný störf. Holtsel er eina mjólkurbúið á Íslandi sem framleiðir ís af þessu tagi en á bænum eins og Guðmundur orðar það sjálfur. - rh/sjá allt í miðju blaðsins

# Tveir bjóðendur geta fengið allar lóðirnar

**Tveir aðilar gætu fengið allar þær lóðir sem í boði voru í Fossvogi eftir lóðauppboð. Hanna Birna Kristjánsdóttir segir uppboð bjóða upp á lóðabrask. Hún segist óttast að slík uppboð verði aftur meginregla hjá nýjum meirihluta.**

**SKIPULAG** Tveir aðilar eru hæstbjóðendur í byggingarrétt á öllum þeim 22 lóðum sem í boði voru sunnan Sléttuvegar í Fossvogi. Lóðirnar eru fyrir samtals 57 eignir. Í þær bárust 1.609 tilboð frá 167 bjóðendum.

Þeir sem eiga hæsta tilboð í fleiri en eina lóð gætu keypt þær allar en eru aðeins bundnir af einu tilboði. Frá framkvæmdasviði Reykjavíkur fengust þau svör að ekki væri hægt að gefa upplýsingar um hversu margar lóðanna bjóðendurnir hyggjast kaupa. Sigrún Benediktsdóttir og eiginmaður hennar, Ingólfur Friðjónsson, voru hæstbjóðendur í 23 íbúðir en feðgarnir Kristján P. Guðnason og Guðni D. Kristjánsson eru svo hæstbjóðendur í þær 34 sem eftir eru. „Þetta er alfarið okkar einkamál,“ svaraði Sigrún spurð hvort ætlun þeirra væri að taka öllum íbúðunum. Guðni vildi heldur ekki svara fyrir um hvort ætlunin væri að kaupa allar íbúðirnar.



**SVÆÐIÐ GÆTI DEILST Á FÁAR HENDUR** Reykjavíkurborg auglýsti eftir tilboðum í byggingarrétt á 22 lóðum fyrir 57 íbúðir. Ein lóð er ætluð fjölbýlishúsi fyrir 28 íbúðir, þrettán lóðir eru fyrir keðjuhús með þrettán íbúðum og átta lóðir eru fyrir samtengd tvíbýlishús með sextán íbúðum. Tveir hæstbjóðendur voru í allar þær lóðir sem í boði voru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvörðun um það hvernig standa ætti að úthlutun íbúðanna var tekin fyrir stjórnarskipti í borginni. Eitt af loforðum sjálfstæðismanna fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var þó að ekki ætti að láta lóðir til hæstbjóðanda og að áhersla yrði lögð á að hver umsækjandi fengi aðeins eina lóð úthlutaða á föstu verði. Þar sem slíkt kæmi í veg fyrir hagnaðarvonir lóðabraskara. „Það er alveg rétt, lóðauppboð getur boðið upp á lóðabrask, hins vegar er þetta skásta leiðin sem hægt er að fara þegar um er að ræða jafn gróin hverfi og á Sléttuvegi þar sem afar takmarkað framboð er af byggingarsvæði,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna og fyrrverandi formaður Skipulagsráðs Reykjavíkur. „Það er eðlilegt að fast verð sé á lóðum í nýjum hverfum og þannig viljum við sjálfstæðismenn hafa það og þannig hefur það verið í okkar stjónartíð svo tryggt sé að að allir borgarbúar eigi kost á lóð. Sú leið sem var notuð á Sléttuvegi á alls ekki að vera meginregla en þannig var það nú samt í stjórnartíð R-listans. Ég hef áhyggjur af því að núverandi meirihluti muni aftur gera lóðauppboð að almennri reglu,“ segir Hanna.

„Við höfðum auðvitað á árum áður boðið út lóðir og höfum ekki gefið nein fyrirheit um annað,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. „Við gengum úr skugga um að aðeins einn íbúi fengi lóð í Úlfarsfelli á sínum tíma en í þessu tilviki var þetta boðið hæstbjóðendum. Við munum fara yfir reynsluna á þessu máli og móta stefnu nýs meirihluta út frá henni,“ segir Dagur. karen@frettabladid.is



**RÁÐHERRABÍLL** Mercedes Benz dómsmálaráðuneytisins reyndist dýrastur í útboði Ríkiskaupa.

Dómsmálaráðherra:

## Ráðherrabíll á 2,8 milljónir

**BÍLAR Hæsta boðið í ráðherrabíl Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, í útboði Ríkiskaupa var 2,8 milljónir króna. Bíllinn var í útboði ásamt nokkrum fjölda annarra bíla í eigu ríkisins.**

**Bíll dómsmálaráðherra er af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 2004, og er ekinn tæplega 74 þúsund kílómetra. Tilboðið í bílinn var það langhæsta í útboðinu.**

**Lægst var boðið í Renault-fólksbíl úr eigu Ríkisútvarpsins, 35 þúsund krónur. Sá bíll er þrettán ára og ekinn 105 þúsund kílómetra. Og 69 þúsund krónur voru boðnar í sjö ára Opel-bíl frá Ríkislögreglustjóra.** - gar

Tímabundin sveifla Decode:

## Náði fjögurra ára botngengi

**VERÐBRÉF** Gengi hlutabréfa Decode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, fór um tíma í gær niður í það lægsta sem það hefur verið á Nasdaq-markaðnum í New York í meira en fjögur ár þegar hluturinn seldist á 3,15 dollara. Það hefur ekki farið svo lágt síðan í byrjun september 2003 þegar gengið var 3,10. Niðursveiflan var þó tímabundin og endaði gengið í 3,45 dölum á hlut í lok dagsins, sem er ríflega tveggja prósenta hækkun frá því í fyrradag. - gar

Björn Ársæll Pétursson, fyrrverandi stjórnarformaður REI:

# Vildi ekki fá fjárfesta strax

**ORKUMÁL** „Ég lagði til að utanaðkomandi fjárfestar kæmu ekki að REI fyrr en í desember þar sem ég taldi það alls ekki tilbúið fyrir innkomu fjárfesta,“ segir Björn Ársæll Pétursson, fyrrverandi stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest. Hann gegndi stjórnarformennsku fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins frá því í mars til 23. ágúst. „Mér fannst ekki ljóst með hvaða hætti fjárfestar ættu að koma að félaginu. Það átti eftir að fara fram undirbúningsvinna þegar ég hætti og það er ekki að sjá að hún hafi farið fram.“

Í Fréttablaðinu á þriðjudag kom fram að rætt hefði verið um einkaréttarsamning á hugverki og þjónustu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á síðasta stjórnarfundi Björns, 23. ágúst, en haft var eftir honum í fréttum Ríkisútvarpsins 16. október að aldrei hefði verið rætt um einkaréttarsamning í hans tíð. Björn Ársæll segir umræðuskjöl hafa verið lögð fram sem ekki hafi verið kynnt sem samningsdrög. „Það var aldrei rætt um né sett á blað að samningur milli REI og OR yrði óuppsegjanlegur einkaréttarsamningur, og hvað þá til tuttugu ára. Það var rætt um tíu ár en ekki tuttugu, og að hann yrði uppsegjanlegur.“

Björn Ársæll segir enn fremur að þau plögg sem notuð hafi verið til undirbúnings samnings milli REI og OR hafi öll tekið mið af því að REI hafi að öllu leyti verið í eigu OR. „Það liggur í augum uppi að forsendur fyrir samningi milli REI og OR breytast þegar fjárfestar koma inn í félagið með skömmum fyrirvara. Það lá ekkert á því að fjárfesta strax inn í félagið enda eru jarðvarmaverkefnin langtímafjárfesting, sem eru mæld í árum frekar en vikum eða dögum.“ - mh



**BJÖRN ÁRSÆLL PÉTURSSON** „Það var rætt um tíu ár en ekki tuttugu.“

Erindi til Ísafjarðarbæjar:

## Vilja flugvöll á Hornstrandir

**SKIPULAGSMÁL Umhverfisráð Ísafjarðar hefur nú til skoðunar hugmynd um að gera flugvöll í Fljótavík á Hornströndum. Fram kom á fundi umhverfiráðs á miðvikudag að erindi hefði borist frá Hjalta J. Guðmundssyni forstöðumanni hjá Umhverfisstofnun sem vísaði í greinargerð varðandi flugöryggi í Fljótavík og hugsanlega lagningu flugbrautar. Sagði Hjalti að leita þyrfti leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda í friðlandinu auk þess sem fyrir þyrfti að liggja samþykki sveitarfélags og landeigenda. Málinu var vísað til vinnuhóps aðalskipulags norðan Djúps.** - gar



**Á HORNSTRÖNDUM**

TBWA\REYKJAVÍK

Í DAG GENGUR AUGLÝSINGASTOFAN HIMINN OG HAF
TIL SAMSTARFS VIÐ TBWA OG VERÐUR ÞAR MEÐ HLUTI AF EINNI STÆRSTU OG
MEST VERÐLAUNUÐU AUGLÝSINGASTOFUKEÐJU
HEIMS. Í KJÖLFARIÐ TEKUR STOFAN UPP NÝTT NAFN OG HEITIR NÚ

# TBWA\REYKJAVÍK

TBWA ER MEÐ HÖFUÐSTÖÐVAR Í NEW YORK OG 292 STOFUR Í 78 LÖNDUM. STOFURNAR VINNA NÁIÐ SAMAN OG FYLGJA SAMEIGINLEGRI HUGMYNDAFRÆÐI, SEM REYNST HEFUR AFAR ÁRANGURSRÍK FYRIR STÓR ALÞJÓÐLEG VÖRUMERKI Á BORÐ VIÐ NISSAN, McDONALD'S, APPLE, SONY PLAYSTATION, ABSOLUT VODKA O.FL.

## KYNNING Á BORGINNI Í DAG

TBWA/REYKJAVÍK BÝÐUR TIL KYNNINGAR Á SILFRI, HÓTEL BORG, KL. 15 Í DAG. ÞAR MUN CLAES RASMUSSEN, FRAMKVÆMDASTJÓRI TBWA\COPENHAGEN, KYNNA TBWA-SAMSTARFIÐ OG HUGMYNDAFRÆÐINA SEM LIGGUR AÐ BAKI. AUGLÝSINGA- OG MARKAÐSFÓLK ER SÉRSTAKLEGA VELKOMIÐ!

TBWA\REYKJAVÍK

# NÝ STÆRÐ

## Á ÍSLENSKUM AUGLÝSINGAMARKA

TBWA\REYKJAVÍK – Tryggvagötu 11 – 101 Reykjavík – Sími 510 9000 – www.tbwa.is

## GENGIÐ 25.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,61 | 60,89 |
| Sterlingspund | 124,29 | 124,89 |
| Evra | 86,67 | 87,15 |
| Dönsk króna | 11,622 | 11,69 |
| Norsk króna | 11,199 | 11,265 |
| Sænsk króna | 9,400 | 9,456 |
| Japanskt jen | 0,5301 | 0,5333 |
| SDR | 94,78 | 95,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,1749

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rússneskar sprengjuflugvélar flugu nálægt ráðherrafundi NATO í Hollandi:

# Engin lausn á ágreiningi

**HOLLAND, AP** Tvær langfleygar sprengjuflugvélar Rússlandshers héldu í óvenjulegt æfingaflug í gær, er þær flugu suður með öllum Noregi og nálguðust Holland, þar sem varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsins sátu á rökstólum, meðal annars með varnarmálaráðherra Rússa. Frá þessu greindu talsmenn norska hersins.

Á fundi NATO-ráðherranna með rússneska varnarmálaráðherranum Anatolí Serdjúkov náðist lítill árangur. Ágreiningsmál hafa hrannast upp milli Rússa og NATO á síðustu misserum og ber þar hæst fyrirhugaða uppsetningu búnaðar fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna í Póllandi og Tékklandi og deiluna um framtíð Kosovo.

NATO-ráðherrarnir ræddu annars verkefni bandalagsins í Afganistan. Það hefur staðið því fyrir þrifum að margar NATO-þjóðirnar hafa verið tregar til að leggja til nægan liðsafla. Níu ríki hétu því þó að senda liðsauka, sem samtals nemur um 1.000 manns. Mörg þvertaka þó eftir sem áður fyrir að sínir hermenn taki þátt í að halda úti stríðinu gegn skæruliðum talibana í suðurhluta landsins. - aa



**RÆTT VIÐ RÚSSA** Varnarmálaráðherrar Rússlands og Bandaríkjanna takast í hendur í Noordwijk í gær. Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdstjóri NATO, stendur hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vatnsviðri á Fáskrúðsfirði:

## Þakplötur fuku í veðurofsa

**VEÐUR** **Mikið vatnsveður var á Fáskrúðsfirði í gær og var björgunarsveitin Geisli kölluð út síðdegis vegna veðurofsans. Íbúar muna vart annað eins blautviðri.**

**Þakplötur voru farnar að fjúka af svokölluðum Hilmishúsum við Fáskrúðsfjarðarhöfn og var kallað á björgunarsveit og kranabíl til að bregðast við því. Þá brotnuðu rúður í frystihúsi Loðnuvinnslunnar. Björgunarsveitin vann að því fram eftir degi að lágmarka tjón.**

**Vindhraði mældist allt upp undir 39 metrar á sekúndu um hádegisbil.** - sh



**TYRKNESKIR HERMENN** Beita stórskotaliðs- og loftárásum á stöðvar skæruliða í Norður-Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Tyrkland og Írak:

## Loftárásir yfir landamærin

**TYRKAND, AP** Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sagði í gær að mótbárur Bandaríkjastjórnar dygðu ekki til að aftra Tyrklandsher frá því að halda inn í Norður-Írak til að elta uppi skæruliða Kúrda. Talsmenn hersins greindu frá því í gær að hann hefði drepið fleiri en 30 skæruliða sem hefðu verið að undirbúa árás.

Tyrkneskar herflugvélar og þyrlur gerðu loftárásir á stöðvar skæruliða rétt innan við írösku landamærin á miðvikudag. Tyrkir þrýsta á írösk stjórnvöld að handtaka og framselja leiðtoga kúrdísku skæruliðanna. - aa/sdg

### LEIÐRÉTTING

Í frétt Fréttablaðsins af viðtali við Hallgrím Helgason í danska tímaritinu Weekendavisen var rangt farið með nafn blaðamannsins sem tók viðtalið. Hann heitir Þröstur Haraldsson, ekki Helgason. Er beðist velvirðingar á mistökunum.

# Óþolandi staða fyrir útflutningsfyrirtæki

**Einar K. Guðfinnsson segir sterka stöðu krónunnar óþolandi fyrir útflutningsfyrirtæki. Hann telur stjórnvöld þurfa að skoða mælikvarða sem lagðir séu til grundvallar hagstjórninni. LÍÚ gagnrýnir vaxtastefnu Seðlabankans harðlega.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að sterk staða krónunnar sé óþolandi og valdi íslenskum sjávarútvegi og öðrum útflutningsgreinum miklum búsifjum. Einar sagði í ræðu á 68. aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) sem hófst í gær að stjórnvöld hlytu að velta því alvarlega fyrir sér hvort þeir mælikvarðar sem lagðir væru til grundvallar hagstjórn á Íslandi væru að öllu leyti réttir.

Einar fjallaði um efnahagsmál í ræðu sinni og sagði að almennt mætti segja að íslenska krónan hefði styrkst svo mikið sem raun bæri vitni vegna þess að Seðlabankinn héldi uppi háum vöxtum. Markmiðið með því væri að halda niðri verðbólgu. „Við glímum hins vegar við verðbólgu sem stafar einkanlega af hækkun húsnæðisverðs. Þessi hækkun kemur því beint í bak útflutningsgreinanna, veikir stöðu þeirra og stuðlar meðal annars að því að störfum hefur fækkað á því sviði. Þetta er að mínu mati mjög mikið umhugsunarefni og við hljótum að velta því alvarlega fyrir okkur hvort þeir mælikvarðar sem lagðir eru til grundvallar okkar hagstjórn séu að öllu leyti réttir.“ Hann sagði líka athyglisvert að skoða þær forsendur sem Samtök atvinnulífsins hafa sett fram um þróun ýmissa hagstærða hér innanlands. „Ekki verður betur séð en að [þær forsendur] stangist mjög á við þær forsendur sem unnið er eftir á öðrum sviðum,“ sagði Einar.



**FRÁ AÐALFUNDI LÍÚ** Einar K. Guðfinnsson segir sterka krónu óþolandi fyrir fyrirtæki í útflutningi. Hann er hér með Friðriki J. Arngrímssyni, framkvæmdastjóra LÍÚ, á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON** Formaður LÍÚ gagnrýndi vaxtastefnu Seðlabankans harðlega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samhljómur var í orðum ráðherra og Björgólfs Jóhannssonar, formanns LÍÚ, sem gagnrýndi vaxtastefnu Seðlabankans harðlega í ræðu sinni. Á þetta benti Björgólfur og beindi til ráðherra að lækkun stýrivaxta væri aðeins spurning um ákvörðun stjórnvalda. „Við erum að skora á ykkur að taka þessa ákvörðun.“ LÍÚ telur að íslenskur sjávarútvegur hafi tapað áttatíu milljörðum króna á síðustu fjórum árum vegna vaxtastefnu Seðlabankans.

Í ræðu Björgólfs kom fram afar hörð gagnrýni á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Hann sagði að tiltrú manna í sjávarútvegi á niðurstöður og ráðgjöf stofnunarinnar væri minni nú en nokkru sinni fyrr. Það kæmi þó ekki á óvart þar sem Hafrannsóknastofnun hefði ekki svigrúm til að gegna lögbundnu hlutverki sínu vegna fjárskorts.

Í ræðu sinni gagnrýndi Björgólfur einnig byggðakvóta og auðlindagjaldið, sem hann sagði vera skatt á landsbyggðina.

svavar@frettabladid.is

Samgöngur í Árborg:

## Sérleyfi bindur bæjarstjórnina

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihluti bæjarráðs Árborgar segir samgönguráðuneytinu ítrekað hafa verið bent á nauðsyn þess að afnema sérleyfi fyrir áætlunarbíla á leiðinni Selfoss - Eyrarbakki - Stokkseyri. Í gær samþykkti meirihlutinn samstarf við Þingvallaleið, til eins árs, um að koma á almenningssamgöngum á þessari leið. Fulltrúi minnihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarráðinu vildi að samgöngur innanbæjar yrðu undanskildar í verkefninu. Meirihlutinn lagði áherslu á að á meðan sérleyfið væri í gildi væri ekki hægt að semja við aðra en Þingvallaleið sem hefur sérleyfið frá Vegagerðinni til ársloka 2008. - gar



**FIAT UNO** Ótrúlegt þykir að maðurinn skyldi koma dýrunum í bílinn.

Þröng á þingi í litlum bíl:

## Búfénaði troðið í bláan Fiat Uno

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** **Lögreglumenn í dreifbýli í Suður-Afríku fundu tvær kýr og tvær geitur í bíl sem varla er nægilega rúmgóður fyrir fjórar manneskjur.**

**Hafin var leit að bílnum, bláum Fiat Uno, eftir að nágrannar eigandans höfðu látið vita af þessum flutningsmáta dýranna. Þegar lögregla kom á staðinn hafði maðurinn troðið dýrunum í bílinn og reyndi að bruna á brott. Flóttinn bar ekki árangur og neyddist hann til að stöðva skömmu síðar.** - sh






Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

póst húsið

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÓLNANDI VEÐUR**

**Nú með morgninum eru horfur á að slegið geti í storm á Snæfellsnesi og þar í nánd og að hvassviðri verði víða í dag vestan og norðvestan til. Annars yfirleitt strekkingur eða allhvasst. Hann er að halla sér smám saman í norðan átt síðdegis og í kvöld og samfara því kólnar. Ég á von á snjókomu á Vestfjörðum nú fyrir hádegi en svo víðar seint í kvöld.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Suðvestan strekkingur með vætu. Hæg norðlæg átt með snjó- eða slydduéljum seint í kvöld. Hiti 0-6 stig.**

## VEÐURSPÁ

um hádegi »





» á morgun





8-13 m/s.

» sunnudagur





Hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C hálfskýjað | London | 14°C léttskýjað | Friedrichshafen | 9°C skúrir |
| Billund | 10°C alskýjað | París | 12°C léttskýjað | Lúxemborg | 12°C heiðskírt |
| Osló | 6°C skúrir | Amsterdam | 12°C alskýjað | Alicante | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 9°C léttskýjað | Frankfurt | 11°C léttskýjað | Róm | 22°C skúrir |
| Gautaborg | 10°C heiðskírt | Berlín | 11°C skúrir | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



## SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR

**að hætti landsliðs matreiðslumeistara**

- 800 g kjúklingalundir
- 100 g grófkorna sinnep
- 50 g dijon sinnep
- 25 g whisky BBQ sósa
- 25 g ólífuolía
- salt og pipar
- grillpinnar

Hrærið saman grófkorna sinnepi, dijon sinnepi, BBQ sósu og ólífuolíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2-3 klst. Þræðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3-4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.



Holta-kjúklingur

40% afsláttur við kassa

Ferskar **kjúklingalundir**

**TILBOÐ 1.382 kr/kg**

Merkt verð 2.304,-



Kjöt & fiskitorgið

Alltaf ferskt

**Lambalæri**
- ferskt úr kjötborði

**TILBOÐ 898 kr/kg**

Verð áður 1.479,-



**Hamborgarhryggur**
- danskur, úrbeinaður

**TILBOÐ 1.499 kr/kg**

Verð áður 2.198,-



*Landsins mesta vöruúrvalið!*

MJÓLKURSAMSALAN

## Ms skyr.is dagmál
## 3 nýjar tegundir í skyr.is flóruna

10% afsláttur við kassa




– epla og peru




– hindberja og vanillu




– jarðarberja

Gildir til 28. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að kaupa Biblíuna í nýrri þýðingu?*

| | |
|---|---|
| Já | 13% |
| Nei | 87% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sækir þú tónlist á vefinn?*

Segðu skoðun þína á visir.is. Vísir

Sextán prósenta kynbundinn launamunur samkvæmt kjarakönnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

# Fá sömu laun fyrir minni menntun

**REYKJAVÍK** Í kjarakönnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (STRV) er óútskýrður launamunur kynjanna 16,1 prósent, sé tekið tillit til aldurs, starfsaldurs, menntunar, starfsstéttar og vinnutíma. Hlutfallið er svipað og gerist almennt í launakönnunum, að sögn Rögnu Benediktu Garðarsdóttur, hjá Félagsvísindastofnun.

Menntun hefur meiri áhrif á laun kvenna en karla. Karlar með grunnskólamenntun eru með svipuð meðallaun og konur með háskólamenntun á framhaldsskólastigi.

Um 80 prósent heildarlauna kvenna eru grunnlaun en hjá körlum er hlutfallið 60 prósent og er vaktaálagsgreiðslur hærra hlutfall heildarlauna hjá þeim. Þá fá karlar fleiri fasta yfirvinnutíma greidda en konur. Konur í fullu starfi fá 60 prósent af föstum yfirvinnulaunum karla í fullu starfi.

„Þessi könnun er tæki til að skoða þessi mál. Ef menn meina það sem þeir segja um að minnka launamun kynjanna, þá er hægt að styðjast við þessa könnun," segir Garðar Jóhannesson, formaður STRV, og bætir því við að niðurstöðurnar verði notaðar í næstu kjarasamningum, sem losna haustið 2008. **- eb**




Slökkvilið berst enn við skógarelda í Kaliforníu:

# Fleiri brunnin lík finnast

**KALIFORNÍA, AP** Björgunarsveitarmenn fundu tvö lík í brunarústum húss norður af San Diego í gær og er þar með vitað um átta dauðsföll af völdum skógareldanna sem geysað hafa að undanförnu í sunnanverðri Kaliforníu.

Eldarnir nálguðust ískyggilega þúsundir húsa til viðbótar, en þar sem draga tók úr styrk þurra Santa Ana-staðvindsins og lofthiti tók að lækka glæddust vonir um að slökkvistarf skilaði betri árangri.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hélt á vettvang hamfarasvæðisins í gær til að kynna sér aðstæður í félagi við Arnold Scwharzenegger ríkisstjóra. **- aa**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FORSETINN Á VETTVANG** Bandaríska forsetaþyrlan með Bush forseta innanborðs á flugi yfir hamfarasvæðinu í gær.



Djúpavogsbúar og nágrannar
Ungbarnasund, barnasund.
á Djúpavogi.

Fyrirhugað er að halda ungbarna og barnasundnámskeið á Djúpavogi helgarnar 2-4 nóv. og 16-18 nóv.
Einnig er í boði vatnsleikfimi fyrir fullorðna.

Kennt er laugardaga og sunnudaga.
Ungabörn 2-6 mánaða og 6-12 mánaða.
Barnasund 1-3 ára, og 3-6 ára, athugið foreldrar eru með ofan í laug í öllum hópum.

Námskeiðið er 8. skipti og kostar 10.000.
Upplýsingar og skráning hjá Sóleyju Einars. Íþrótta og ungbarnasundkennara í síma 898-1496

NJÓTTU VATNSINS ÁN ÓTTA MEÐ ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI.




# Tómstundir fyrir börn með sérþarfir vantar

**Iðjuþjálfi á Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra segir skort á því að börn með sérþarfir geti sinnt tómstundum. Slíkt sé þeim þó afar mikilvægt þar sem það dragi úr einangrun og búi þau undir þáttöku í samfélaginu.**

**RÉTTINDAMÁL** „Það er ljóst að tómstundaúrræði sem í boði eru uppfylla ekki þarfir allra barna," segir Gerður Gústavsdóttir, yfiriðjuþjálfi hjá Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Gerður segir að þó að flestir skjólstæðingar Æfingastöðvarinnar séu með frávik í hreyfiþroska komi oft í ljós að erfiðleikar þeirra séu ekki síður af félagslegum toga. Því skorti þá oft færni í að fylgja jafnöldrum sínum eftir í leik og áhugamálum. Hún segist verða mikið vör við áhyggjur foreldra yfir því að börn þeirra eigi ekki félaga og gangi illa í samskiptum við aðra. Æfingastöðin hafi brugðist við áhyggjuorðum foreldranna með því að leggja aukna áherslu á hópastarf sem miði að því að börnin öðlist frekari færni í samskiptum. Auk þess sé vonast til þess að það verði þeim hvatning til að taka þátt í öðru tómstundastarfi sem öllum eigi að vera opið. Ekki virðist þó hlaupið að því.

„Við höfum fundið fyrir því að börn sem eru hjá okkur eiga erfitt með að finna tómstundir við hæfi. Það er afar mikið framboð af alls kyns starfi fyrir börn en ekki alltaf komið til móts við þau sem eru með sérþarfir," segir Gerður. Hún bendir á að oft eigi hreyfihömluð börn erfitt með að komast á þá staði sem starfið fer fram á og verkefni þurfi oft að laga að færni hvers og eins.

„Mér þykir mjög mikilvægt að börn með sérþarfir eigi hvort tveggja kost á því að stunda tómstundir með öðrum börnum með svipaða reynslu og í starfi sem öllum er opið," segir Þóra Stephensen.



**LEIKIÐ SAMAN** Þau Lilja Mist Sigurðardóttir, Einar Már Másson, Helga Lára Jónsdóttir, Sindri Snær Sigurðsson, Þórhildur V. Kristínardóttir, Elísa Kristjánsdóttir og Pétur Ingi Ásgeirsson skemmta sér vel í Æfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LEITUÐU AÐ TÓMSTUNDUM VIÐ HÆFI** Þóra segir að enginn af þeim tómstundakostum sem voru í boði í heimahverfi þeirra hafi hentað Dagbjörtu dóttur hennar. Þær mæðgur leituðu því lengra og fann Dagbjört sig vel í Stúlknakór Reykjavíkur og svo í sundtímum hjá Íþróttafélagi fatlaðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Þóra og dóttir hennar Dagbjört Andrésdóttir, sextán ára nemi með sérþarfir, ætla að flytja erindi um reynslu sína af tómstundastarfi á ráðstefnu sem haldin verður í dag. Ráðstefnan ber yfirskriftina Tómstundir barna með sérþarfir og verður haldin í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6.

Þóra segir að þar sem fjölskylda hennar hafi búið nokkuð frá miðborg Reykjavíkur, þar sem mest af starfi fyrir börn með fatlanir fer fram, hafi fyrst verið reynt að finna eitthvað við hæfi fyrir Dagbjörtu í heimahverfi þeirra. Fljótlega hafi komið í ljós að þar væri ekkert fyrir hana að hafa. Hún hafi því fyrst byrjað að æfa söng í Stúlknakór Reykjavíkur og síðar sund hjá Íþróttafélagi fatlaðra. Árangurinn af tómstundum dóttur hennar hafi tvímælalaust búið hana betur undir þátttöku í samfélaginu. **karen@frettabladid.is**

Hæstiréttur þyngdi dóm yfir þremur karlmönnum um eitt ár:

# Þrír fíkniefnasmyglarar áttu sér engar málsbætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þyngt dóm yfir þremur mönnum sem reyndu stórfellt fíkniefnasmygl hingað til lands á vormánuðum á síðasta ári.

Þeir Ársæll Snorrason, Hörður Eyjólfur Hilmarsson, Ólafur Ágúst Hraundal og Johan Hendrik Engelsman, sem er hollenskur ríkisborgari, reyndu þá að smygla til landsins rúmlega fimmtán kílóum af amfetamíni og rúmlega tíu kílóum af kannabisefnum sem þeir höfðu falið að mestu í bensíntanki BMW-bifreiðar.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Hörð Eyjólf í sex ára fangelsi, Engelsman einnig í sex ára fangelsi, Ársæl í fjögurra ára fangelsi og Ólaf Ágúst til að sitja inni í átta og hálft ár. Íslendingarnir þrír áfrýjuðu þessum dómi til Hæstaréttar, sem þyngdi hann um eitt ár yfir hverjum þeirra. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að við ákvörðun refsingar hafi meðal annars verið horft til hættueiginleika fíkniefnanna, magns þeirra og styrkleika. Brotin sem allir ákærðu áttu hlut að ættu sér fáar hliðstæður í dómaframkvæmd að því er varðar magn fíkniefna. Hinir ákærðu ættu sér engar málsbætur.



**ÁFRÝJAÐI EKKI** Hollendingurinn Johan Hendrik Engelsman var sá eini sem ekki áfrýjaði.

Hollendingurinn áfrýjaði ekki til Hæstaréttar. **- jss**

# ÚTSALA

## með gjafakorti í Smáralind

**dagana 22. til 27. október**




**Nú er tvöfaldur ávinningur af því að versla notaðan bíl á útsölu hjá Bílalandi B&L.**
**Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.**
**Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort**
**Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort**

**Útsalan er einnig hjá umboðsmönnum B&L á Selfossi, Akranesi, Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum.**

**Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**
**Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:**



BMW 318, 2000 - Ek. 147 þús.



Hyundai Terracan, 2003 - Ek. 116 þús.



Hyundai Tucson, 2004 - Ek. 75 þús.



Renault Megane ST, 2006 - Ek. 21 þús.



Renault Clio, 2006 - Ek. 20 þús.



Land Rover Freelander, 2001 - Ek. 75 þús.



Hyundai Trajet, 2004 - Ek. 42 þús.



Remault Laguna, 2000 - Ek. 137 þús.



Hyundai SantaFe, 2006 - Ek. 33 þús.



Hyundai Sonata, 2003 - Ek. 93 þús.



Renault Megane, 2005 - Ek. 39 þús.

bíla land B&L
notaðir bílar

**Opið frá kl. 9 til 18**
**og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.**

**bilaland.is**
**Grjóthálsi 1 - 575 1200**

**bílaland.is**

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir athafnamaður-inn sem reynir að eignast hálfan Hallargarðinn?*

2 *Hvað heitir höfundur bókar-innar Játningar karlrembu?*

3 *Hvað heitir nýjasta plata Mugisons?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Yfir 40 þúsund þotur og skrúfuflugvélar eru í reglulegu flugi í heiminum í dag:

# Flugslys fleiri í ár en í fyrra

**SAMGÖNGUR** Eitt flugslys verður fyrir hver tvö milljón flugtök flugvéla í atvinnuflugi í dag, en voru 2,4 fyrir hver tvö milljón flugtök árið 1996. Ellefu alvarleg flugslys urðu hjá þotum í atvinnuflugi á síðasta ári en þrettán á fyrstu níu mánuðum ársins í ár.

Þetta kemur fram í frétt sem birt er á vef samgönguráðuneytisins, og byggist á upplýsingum sem fram komu á ráðstefnu um flugöryggismál sem haldin var á vegum flugöryggissamtaka, samtaka áætlunarflugfélaga og samtaka tæknimanna.

Árið 2006 var þó með óvenju lágri slysatíðni. Á síðustu árum hafa orðið 11-19 slys á ári hverju þar sem þotur í atvinnuflugi eiga í hlut. Mannskaði varð í sjö af þrettán slysum sem orðið hafa á árinu.

Í frétt ráðuneytisins kemur fram að rösklega 40 þúsund þotur og skrúfuþotur séu á skrá sem vélar í atvinnuflugi í heiminum í dag. Þar af eru þotur rösklega tuttugu þúsund, skrúfuþotur ríflega sex þúsund og einkaþotur eða smáþotur tæplega fjórtán þúsund.

Airbus og Boeing, stærstu flugvélafamleiðendur heims, gera ráð fyrir því að á næstu tveimur áratugum verði 29 þúsund flugvélar smíðaðar. Þær muni mæta vaxandi þörf í heiminum, einkum í Asíu, og leysa eldri vélar af hólmi. **- bj**



**BRUNI** Leifar Boeing-farþegaþotu China Airlines sem brann á Naha-flugvelli í Japan í ágúst. Enginn slasaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur sýknar ríkið:

# Ásatrúarmenn fá ekki búbót

**DÓMSMÁL Ásatrúarfélagið á ekki heimtingu á greiðslum úr ríkissjóði til jafns við Þjóðkirkjuna. Þetta er niðurstaða Hæstaréttar í máli félagsins gegn íslenska ríkinu. Rétturinn staðfesti sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur.**

**Ásatrúarfélagið stefndi ríkinu þar sem það taldi sig eiga rétt á sömu framlögum og þjóðkirkjan úr ríkissjóði, og vísaði sérstaklega til framlaga sem renna í jöfnunarsjóð sókna og í kirkjumálasjóð.**

**Á þetta féllst dómurinn ekki. Verkefni Ásatrúarfélagsins yrðu ekki lögð að jöfnu við lögboðnar skyldur þjóðkirkjunnar.** **- sh**

Alcoa-Fjarðaál:

# Kryfjum og lærum af þessu

**VINNUMARKAÐUR** „Við höfum verið að ráða um 400 starfsmenn og það segir sig sjálft að í svona stórum hópi er hætta á að einhverjir falli ekki í hópinn eða standi ekki undir væntingum,“ segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa-Fjarðaáls.



**ERNA INDRIÐADÓTTIR**

„Við höfum verklagsreglur sem á að fylgja í svona tilvikum. Við munum kryfja þetta mál og læra af því ef ekki var rétt að málum staðið. Við hörmum það ef ekki hefur verið farið vel að þessum konum en það er fráleitt að þetta hafi verið gert til að skapa óöryggi meðal starfsmanna.“ **- ghs**

Framkvæmdastjóri Afls gagnrýnir uppsagnir tveggja kvenna sem störfuðu hjá Alcoa á Reyðarfirði:

# Meðferðin var niðurlægjandi

**VINNUMARKAÐUR** Tveimur konum, sem störfuðu hjá Alcoa-Fjarðaáli á Reyðarfirði, var sagt upp með „sérstaklega ógeðfelldum hætti“ hvorri sinn daginn í síðustu viku, að sögn Sverris Albertssonar, framkvæmdastjóra Afls starfsgreinafélags. Önnur konan fékk þá skýringu að hún gæti ekki lært á tæki, hin að hún hefði ekki fallið í hópinn. Konunum hafði ekki verið gefin nein viðvörun.

„Í báðum tilfellum voru konurnar sóttar á vaktina í viðtal, þeim afhent uppsagnarbréf og fyrirmæli um að kvitta fyrir móttöku. Önnur neitaði því. Þeim var síðan vísað út fyrir hlið af öryggisvörðum og staðið yfir þeim meðan þær tæmdu fataskápana,“ segir Sverrir. Annarri konunni var meinað að fara með samstarfsfólki sínu í rútu. Hún var send heim í leigubíl.

„Mín upplifun er sú að þessum aðferðum sé beitt til að skjóta öðrum skelk í bringu og skapa óöryggi á vinnustaðnum,“ segir Sverrir og telur afleiðingarnar alvarlegar. Önnur konan hafi verið að koma út á vinnumarkaðinn eftir fjórtán ár heima og fjölskyldur beggja hafi flutt búferlum vegna þessarar atvinnu.

Hann kveðst hafa sett sig strax í samband við yfirmenn eftir fyrri uppsögnina, þeir viðurkennt að ekki hafi verið rétt að málum staðið og lofað bót og betrun. Daginn eftir hafi seinni konunni verið sagt upp með jafnvel harkalegri aðferð.

„Báðar fjölskyldurnar hafa sett sig í fjárhagsskuldbindingar miðað við þessa atvinnu og nú standa þær frammi fyrir talsverðum erfiðleikum. Þetta er niðurlægjandi. Menn þurfa ekki að vera sérfræðingar til að átta sig á því að þetta hefur neikvæð og niðurdrepandi áhrif,“ segir Sverrir. **- ghs**



**ÁLVER ALCOA-FJARÐAÁLS Á REYÐARFIRÐI** Tveimur konum var sagt fyrirvaralaust upp, þeim fylgt af öryggisvörðum út fyrir hlið og staðið yfir þeim meðan þær tæmdu fataskápana hjá Alcoa-Fjarðaáli á Reyðarfirði. „Þetta hefur neikvæð og niðurdrepandi áhrif,“ segir framkvæmdastjóri Afls starfsgreinafélags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**Komið og kynnið ykkur þjónustu Atlantic Airways og Hótel Føroyar og Færeyjar sem áfangastað ferðamanna í Kringlunni föstudaginn 26.október milli kl. 12 - 18**



Hotel Føroyar ★★★★

ATLANTIC AIRWAYS

**www.faereyjaferdir.is**





**HLAUT JAFNRÉTTISVIÐURKENNINGU** Menntaskólinn í Kópavogi þykir hafa staðið sig vel í fræðslu og framkvæmd kynjajafnréttis.

Menntaskólinn í Kópavogi:

# Viðurkenning fyrir starf í þágu jafnréttis

**JAFNRÉTTI** Menntaskólinn í Kópavogi hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs í ár fyrir að hafa skýra og virka jafnréttisstefnu gagnvart bæði nemendum og starfsfólki skólans. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra veitti viðurkenninguna.

Menntaskólinn hefur tekið þátt í samevrópsku verkefni þar sem leitast er við að gera nemendur meðvitaða um kyn og kynímyndir og staðið fyrir sérstakri jafnréttisviku.

Jafnréttisráð vill með viðurkenningunni hvetja aðra skóla til líkrar starfsemi, að því er kemur fram í tilkynningu félagsmálaráðuneytisins. **- eb**

**LÖGREGLUMÁL**

## Eikarbátur sökk

Hafrós KE 2, þrettán tonna eikarbátur, sökk í smábátahöfninni í Sandgerði skömmu fyrir hádegi í gær. Björgunarsveit úr bænum tókst að koma bátnum á flot og draga hann að Norðurbryggju. Þar liggur hann við flotbelgi. Orsök óhappsins er ókunn en málið er í rannsókn.


Við óskum Bláa Lóninu til hamingju
með opnun glæsilegra nýbygginga
ATAFL
í 50 ár
FJARHITUN
VERKFRÆÐISTOFA
RAFTEIKNING HF
RT
VA ARKITEKTAR
VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA



**PÚTÍN Í PORTÚGAL** Vladimír Pútín Rússlandsforseti gengur hjá portúgölskum hermanni í viðhafnarbúningi við komuna til Lissabon í tilefni af samráðsfundi forystu ESB og Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvissa um Fríkirkjuveg 11 þrátt fyrir samkomulag við Björgólf Thor Björgólfsson:

# Beita gleraugum meirihlutans

**REYKJAVÍK** „Allt sem ekki er búið að ákveða þarf að skoða með gleraugum nýs meirihluta,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, um hugsanlega stækkun lóðar sem selja á með Fríkirkjuvegi 11.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að embættismenn á vegum borgarinnar hefðu náð samkomulagi við Björgólf Thor Björgólfsson um að hann fengi nærri fjórfalt stærri lóð með húsinu á Fríkirkjuvegi 11 en kveðið var á um í útboði. Vinstri græn hafa verið andvíg sölu hússins og stækkun lóðarinnar.

Að sögn Þorleifs hefur ekki gefist tími til að fara yfir mál á borð



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

við söluna á Fríkirkjuvegi 11 vegna anna við stærri viðfangsefni. Hann segir naumast hægt að draga söluna á húsinu til baka en lóðastækkunin sé hins vegar efni í sérstaka skoðun.

„Þetta er hluti af menningararfi

> Það er ekki búið að ákveða neitt.
>
> ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON BORGARFULLTRÚI VINSTRI GRÆNNA

Reykvíkinga og mikilvægur þáttur í mannlífinu. Málið er uppi á borðum eins og allt annað hjá nýjum meirihluta. Það er ekki búið að ákveða neitt,“ ítrekar Þorleifur, sem aðspurður kveðst ekki geta svarað því nú hvort VG fallist á stækkun lóðarinnar. „En sjálfur var ég alfarið á móti því að Fríkirkjuvegur 11 yrði seldur,“ bendir hann á. - gar

Ríkisútvarpið sýknað:

## RÚV mátti sýna þátt um morð

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Ríkisútvarpinu, sem sakað var um að hafa ýft upp sár með sýningu þáttar í röðinni Sönn íslensk sakamál.

Umræddur þáttur fjallaði um morð á bensínstöð við Stóragerði í upphafi síðasta áratugar og stefndu aðstandendur annars fórnarlambsins Ríkisútvarpinu fyrir að brjóta gegn friðhelgi einkalífs þeirra og valda þeim sálarangist.

RÚV er hins vegar sýknað á þeim grundvelli að ábyrgðin á efninu liggi hjá framleiðandanum, ekki þeim sem það sýnir. - sh



**SÖGULEGT FLUG** A-380-risaþotan í flugtaki frá Singapúr-flugvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrsta áætlunarflug risaþotu:

## Áfangi í sögu farþegaflugs

**SINGAPORE, AP** **Áfanga í flugsögunni var náð í gær þegar Airbus A380-risaþota Singapore Airlines flaug sína fyrstu áætlunarferð frá Singapúr til Sydney í Ástralíu. Um borð voru 455 farþegar, sem margir hverjir hreiðruðu um sig í lúxusklefum og tvöföldum rúmum.**

**Flugið, sem tók sjö tíma, gekk vandkvæðalaust fyrir sig.**

**Sumir farþeganna höfðu greitt tugþúsundir dollara á netuppboði til að gefast færi á að taka þátt í þessum viðburði í flugsögunni. A-380-þotan getur rúmað allt að 800 farþega og því þykir hún innleiða nýja tíma í farþegaflugi.** - aa

Kona handtekin í kjölfar bruna:

## Í haldi grunuð um íkveikju

**LÖGREGLUMÁL** Kona á fertugsaldri er í haldi grunuð um að hafa kveikt í íbúð sinni að Hilmisgötu í Vestmannaeyjum í fyrrakvöld.

Lögregla og slökkvilið voru kölluð á staðinn og gekk greiðlega að slökkva eldinn en íbúðin skemmdist nokkuð. Fljótlega vaknaði grunur um íkveikju og var konan handtekin í kjölfarið. Hún mun margsinnis hafa komið við sögu lögreglu áður.

Ekki var ljóst hvort krafist yrði varðhalds yfir konunni. - sh

# Heillaskref fyrir Háskólann

**Miklar breytingar standa fyrir dyrum í Háskóla Íslands. Deildum skólans verður skipt í fimm fræðasvið og þjónusta við kennara og nemendur verður stórbætt með sérstökum þjónustukjörnum innan hvers sviðs.**

**MENNTUN** Breytinga er þörf á skipulagi Háskóla Íslands svo hann nái markmiði sínu að verða meðal bestu skóla í heimi, að mati starfshóps háskóláráðs. Kynntar voru tillögur að umfangsmiklum breytingum á stjórnskipulagi skólans í hátíðarsal skólans í gær.

Erlendar og innlendar úttektir á skólanum hafa almennt verið jákvæðar en þó hafa mikilvægar athugasemdir verið gerðar við stjórnkerfið og bent á skort á stoðþjónustu við kennara og nemendur.

„Stoðþjónusta við kennara verður styrkt og þjónusta við nemendur efld. Þá munum við gera háskólann samkeppnishæfari í breyttu umhverfi í atvinnulífinu og á alþjóðavettvangi,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands. Hún segir skólann ekki ná markmiðum sínum ef kennarar eru of uppteknir við að ljósrita og sinna öðrum skrifstofustörfum.

Í tillögum starfshópsins er lagt til að deildum skólans verði skipt í fimm fræðasvið; félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, raunvísindasvið og menntavísindasvið, sem Kennaraháskóli Íslands fellur undir þegar af sameiningu skólanna verður á næsta ári. Innan hvers sviðs verður þjónustukjarni með allri grunnþjónustu á borð við námsráðgjöf, alþjóðatengsl og tölvuþjónustu.

Forsenda umbótanna eru viðbótarfjármagn sem samið var um við menntamálaráðuneytið fyrr á árinu og aukningu sértekna með til dæmis eflingu styrktarsjóða.

Auglýst verður eftir forsetum fræðslusviða á Íslandi og erlendis en deildarforsetar verða áfram kjörnir fulltrúar.

Ólafur Þ. Harðarson, formaður starfshópsins, segir breytingarnar vera mikið heillaskref fyrir Háskóla Íslands.



**BREYTINGARNAR KYNNTAR** Ólafur Þ. Harðarson, formaður starfshóps Háskóla Íslands, kynnti breytingarnar í hátíðarsal skólans í gær. MYND/KRISTINN INGVARSSON

„Við höfum skoðað vandlega fyrirkomulag skóla í Evrópu og Bandaríkjunum og skoðað sérstaklega þær breytingar sem hafa verið gerðar, en markmið okkar var alltaf að hanna skipulag í sæmilegri sátt við það sem fyrir er.“

Tekist var á um hvort fræðasviðin ættu að vera sex talsins og bæta við sviði viðskipta- og hagfræðideildar og lagadeildar.

„Undir félagsvísindasviði verða samtals 4.000 nemendur sem eru helmingi fleiri en undir hinum. Það var því spurning um skipulag. Að lokum var ákveðið að hafa þessar þrjár deildir saman, sem býður upp á ýmis sóknarfæri,“ segir Ólafur. eva@frettabladid.is

## BETRI ÞJÓNUSTA VIÐ STÚDENTA

„Við erum mjög ánægð með breytingarnar,“ segir Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs. „Markmiðið er að bæta þjónustu og einfalda ferla og ég held að það muni hafast með þessu. Það er búið að ræða þetta fram og til baka á mismunandi tímum og tekið var fullt tillit til athugasemda okkar. Í lokatillögunum er því ekkert sem við erum á móti en við gættum þess vel að stúdentar ættu fulltrúa í öllum ráðum.



DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

Breytingarnar fela í sér þjónustu sem margir fá ekki núna. Almennt er andi breytinganna sá að bæta aðbúnað. Þjónustan verður nær stúdentum en ekki úti um allar trissur eins og nú. Talað hefur verið um að hafa námsráðgjöf á hverju sviði og alþjóðaskrifstofu. Þá þurfa kennarar að stússa mikið en með því að stækka skrifstofueininguna léttist skrifstofuálagið og þeir geta þá sinnt nemendum betur.“




LÍN braut stjórnsýslulög:

# Sendi starfsmann í frí

**DÓMSMÁL** Lánasjóður íslenskra námsmanna braut stjórnsýslulög þegar fyrrum starfsmanni var gert að taka sér frí frá störfum um óákveðinn tíma. Er LÍN gert að greiða manninum 534 þúsund krónur í bætur, samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Í dómi kemur fram að maðurinn, sem þá var deildarstjóri hjá LÍN, hafði um nokkurra ára bil verið í vanskilum með afborganir af námslánum sínum. Skuldin endaði í innheimtu hjá lögmanni.

Maðurinn var sendur í frí en síðan sagt upp vegna skipulagsbreytinga. - jss

Deilur í bæjarráði Árborgar:

# Saka hvorir aðra um skróp

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarfulltrúar sökuðu hvorir aðra á fundi bæjarráðs Árborgar í gær um að mæta illa á nefndarfundi. Sjálfstæðismaðurinn Snorri Finnlaugsson hafði í bæjarstjórn í síðustu viku gert athugasemd um að fulltrúi V-lista í landbúnaðarnefnd hafi ekki setið tvo fundi né boðað varamann í sinn stað. Jón Hjartarson, bæjarfulltrúi V-lista, svaraði þessu í gær og sagði fulltrúa Sjálfstæðisflokks hafa látið sig vanta á fund leikskólanefndar án þess að boða forföll eða varamann. Sjálfstæðismaðurinnn Eyþór Arnalds sagði þá verulegan misbrest á mætingu í ýmsar nefndir. - gar



SNORRI FINNLAUGSSON

Vefur Tryggingamiðstöðvar:

# Gott aðgengi óháð getu fólks

**TÆKNI** Vefur Tryggingamiðstöðvarinnar fékk vottun frá vefráðgjafarfyrirtækinu Sjá og Öryrkjabandalaginu.

Með vottuninni fyrir forgang III er tryggt að vefur sé aðgengilegur öllum notendum óháð fötlun eða getu. Ekkert annað íslenskt fyrirtæki, opinbert eða í einkarekstri, hefur fengið þessa vottun og er hún jafnvel sjaldgæf á heimsvísu.

Sjá byggir vottun sína á gátlista sem er alþjóðlegur staðall fyrir aðgengi fatlaðra á netinu.

Forgangur III þýðir að vefur TM er orðinn aðgengilegur fyrir flesta þjóðfélagshópa. Meðal nýrra möguleika eru myndskeið á táknmáli fyrir heyrnarlausa og netspjall þar sem heyrnarlausir geta spjallað við starfsmenn TM um tryggingamál. - eb


www.volkswagen.is




Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- 16" álfelgur • Hraðastillir • Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Leðurklætt stýri • Hiti í framsætum • Aðkomuljós

Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Það er öryggisatriði að vera á góðum vetrardekkjum. N1 er með mesta úrval landsins af hjólbörðum og á hjólbarðaverkstæðum okkar færð þú fyrsta flokks þjónustu og góð ráð fyrir veturinn. Svo getur þú auðvitað geymt dekkin hjá okkur.

WWW.N1.IS N1 - Meira í leiðinni.



Föndraðu jólin inn með Panduro Hobby föndurvörum



Jólatréð í stofu stendur ...



Heims um ból ...



Skín í rauðar skotthúfur ...

Panduro HOBBY




Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smiðjuvegi 5 + Glerárgötu Akureyri
Aðalstræti 27 Ísafirði
Sími 515 5100 + www.a4.is

A4


Starfsfólk Litla-Hrauns skorar á yfirvöld að breyta áætlunum um byggingu fangelsa:

# Frekar verði byggt meira á Hrauninu

**FANGELSI** Fangaverðir á Litla-Hrauni hafa sent frá sér greinargerð þar sem þeir lýsa kostum þess að stækka við fangelsið frekar en að ráðast í að reisa fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði með plássi fyrir sextíu fanga. Þeir skora á stjórnvöld að setja stækkun Litla-Hrauns í forgang.

Í greinargerðinni segir að aðstaða á Litla-Hrauni sé til fyrirmyndar, þar starfi reynslumikið starfsfólk og að svæðið sé auðvelt til byggingar. „Fangelsismálastofnun á góð svæði í kringum Litla-Hraun innan öryggisgirðingar sem auðveld eru til bygginga þannig að byggingarkostnaður verður minni en á öðrum stöðum. […] Hægt er að selja stór og verðmæt byggingarsvæði sem ríkið er eigandi að á svæðinu til að fjármagna byggingarkostnað.“

Starfsfólkið búi þar að auki flest í námunda við fangelsið, sem sé ómetanlegt ef upp komi neyðartilvik. Stór hluti starfsfólks sé einungis þrjár til tíu mínútur á leið til vinnu. Jafnframt er lagt til að Fangelsismálastofnun verði færð til Árborgar. Góð reynsla sé af flutningi Landbúnaðarstofnunar á Selfoss og víst sé að sama yrði með Fangelsismálastofnun.

Allt starfsfólk fangelsisins skrifar undir áskorunina. **- sh**



**LITLA-HRAUN** Starfsfólkið segir auðvelt að byggja upp á svæðinu í kringum Litla-Hraun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hjónaband einungis fyrir karl og konu

**Þjóðkirkjan hefur heimilað prestum að staðfesta samvist, fyrst allra þjóðkirkna. Í þingsályktun sem lögð var fram á kirkjuþingi er sérstaklega tekið fram að hjónabandið sé sáttmáli karls og konu. Þá er lögð áhersla á frelsi presta.**

**TRÚMÁL** Prestum Þjóðkirkjunnar verður heimilt að staðfesta samvist ef lögum um slíkt verður breytt á Alþingi. Þetta var samþykkt á Kirkjuþingi sem lauk í Grensáskirkju í gær. Þingið stendur þó enn við hefðbundinn skilning á hjónabandinu sem sáttmála karls og konu.

„Við erum hrædd um að með þessari ályktun sé Þjóðkirkjan búin að segja við Alþingi að reyna ekki að leggja niður staðfesta samvist þannig að hjónaband verði eini kosturinn. Þá er ekki hægt að taka þessa umræðu aftur upp,“ segir Hulda Guðmundsdóttir, guðfræðingur og kirkjuþingsfulltrúi.



**HRAFNKELL TJÖRVI STEFÁNSSON**

Hulda sagði í umræðum á þinginu að eftir að hafa hitt forsvarsmenn Samtakanna ´78 hefði hún áttað sig á því að tillagan myndi valda meiri sársauka en gleði.

„Við fögnum þessu skrefi en gerum alvarlegar athugasemdir við að kirkjan sjái sig knúna til að ríghalda í þennan hjónabandsskilning. Þetta er orðræða mismununar og útilokunar,“ segir Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ´78. „Við teljum að umræðunni um hjónabandið sé ekki lokið. Það er ekki kirkjunnar að gefa út einhliða yfirlýsingu um hjónabandið, heldur er þetta samfélagsleg spurning.“

Kirkjuþing lagði áherslu á að frelsi presta til að staðfesta samvist verði virt. „Við göngum út frá því að þetta sé heimildarákvæði og gerum ekki alvarlega athugasemd við það að prestar megi neita samkynhneigðum um þjónustu að því gefnu að þeir megi neita öðrum um þjónustu.“

Í umræðum um staðfesta samvist var sérstaklega rætt um hvort tala ætti um vígslu staðfestrar samvistar eða ekki og vildi biskup ekki taka afstöðu til þess.

„Það er undarlegt að ekki sé tekið fram hvort verið sé að meina vígslu eða staðfestingu. Kirkjan á eftir að svara því hvort það sé verið að vígja staðfesta samvist eða staðfesta samvist.“ **eva@frettabladid.is**



**STAÐFEST SAMVIST** Ekki er ljóst hvort prestar komi til með að vígja staðfesta samvist eða staðfesta samvist veiti Alþingi trúfélögum heimild fyrir slíku.


RV Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt






Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV UNIQUE 100706

Gasvinnsla í Barentshafi:

# Gazprom semur við StatoilHydro

**RÚSSLAND, AP** Gazprom, jarðgasvinnslu- og dreifingareinokunarfyrirtæki Rússlands, tilkynnti í gær að fyrirtækið hefði samið við StatoilHydro ASA í Noregi um samstarf við að þróa gasvinnslu á Shtokman-svæðinu, sem er undir hafsbotni nær 500 km frá landi í Barentshafi norður af Múrmansk.

Jarðgaslindirnar á Shtokman-svæðinu eru gríðarstórar og eru taldar geta annað jarðgasþörf Evrópu í fjölda ára. Gazprom hafði áður samið við hið franska Total um 25 prósenta hlut í fyrirtækinu sem annast mun þróun gasvinnslunnar og nú fær StatoilHydro 24 prósenta hlut. - aa

Ríkisstuðningur við landbúnað í OECD-löndunum:

# Landbúnaðarstyrkir hvergi meiri en hér

**LANDBÚNAÐUR** Ríkisstuðningur við landbúnað er hvergi í heiminum meiri en hér á landi. Þetta kemur fram í nýjustu skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um niðurgreiðslur til landbúnaðar í aðildarríkjunum, en þau eru ríkustu lönd heims.

Alls var á árinu 2006 varið nærri 270 milljörðum Bandaríkjadala, andvirði um 16.200 milljarða króna, í landbúnaðarniðurgreiðslur í OECD-löndunum.

Heildarstuðningur ríkisins við landbúnað á Íslandi nemur yfir 60 prósentum af afurðaverðmæti. Þetta hlutfall er jafnhátt í Noregi, Sviss og Suður-Kóreu. Í Evrópusambandinu er þetta hlutfall nú komið niður í 32 prósent. Langlægst er þetta hlutfall á Nýja-Sjálandi, aðeins um 1 prósent.

Um þróun landbúnaðarstyrkja á Íslandi segir í skýrslunni, að talsvert hafi dregið úr þeim sem hlutfall af afurðaverðmæti á síðustu 20 árum. „En stuðningurinn við framleiðendur er einn sá mesti í OECD og aðeins hefur dregið lítillega úr honum, auk þess sem aðgerðir sem velda mestri markaðsbjögun eru eftir sem áður yfirgnæfandi,“ segir í samantekt skýrslunnar.

Þar segir enn fremur að binda megi vonir við að Doha-lota viðræðna Heimsviðskiptastofnunarinnar, WTO, um aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum með landbúnaðarafurðir, muni verka sem hvati á frekari umbætur á landbúnaðarstefnu OECD-ríkjanna. - aa



**MESTI STUÐNINGURINN** Ríkisstuðningur sem hlutfall af afurðaverðmæti telst vera yfir 60 prósent hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ráðuneyti um barnavernd:

# Orkar tvímælis að fulltrúi fái áheyrnarsæti

**PERSÓNUVERND Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Kópavogi, hefur fallið frá að taka sæti áheyrnarfulltrúa í félagsmálaráði bæjarins. Bæjarstjórnin samþykkti í febrúar ósk VG um að fá áheyrnarfulltrúa í bæði félagsmálaráði og skólanefnd. Félagsmálaráðuneytið segir hins vegar að vegna barnaverndarlaga og umfjöllunar félagsmálaráðs um barnaverndarmál geti það orkað tvímælis að í ráðinu sitji áheyrnarfulltrúi. Því óskaði Ólafur eftir að fá sæti áheyrnarfulltrúa í skipulagsnefnd í staðinn og samþykkti bæjarstjórn það.** - gar



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Sigurður Guðmundsson:

# Landlæknir kominn heim

**HEILBRIGÐISMÁL** Sigurður Guðmundsson landlæknir er kominn aftur til starfa eftir ársleyfi. Hann tók við starfi sínu í gær.

Sigurður hefur síðastliðið ár starfað í Malaví á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Snæbjörnsdóttur, hjúkrunarfræðingi og framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þau unnu við uppbygginguheilbrigðisþjónustu á Monkey Bay-svæðinu.

Í fjarveru Sigurðar gegndi Matthías Halldórsson starfi landlæknis, en hann tekur nú aftur við fyrra starfi sem aðstoðarlandlæknir. - jss



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

Landlæknisembættið:

# Mjaðmarliðaaðgerðum fjölgar

**HEILBRIGÐISMÁL Gerviliðaaðgerðum á mjöðm hefur fjölgað um nær helming hér á landi á árunum 200-2005. Þetta kemur fram í Talnabrunni Landlæknisembættisins, sem er nýtt fréttabréf um heilbrigðistölfræði.**

**Á árinu 2000 voru skráðar 354 slíkar aðgerðir sem aðalaðgerð, en á árinu 2005 voru þær 515.**

**Er þetta fjölgun um 45 prósent. Í flestum tilfellum er slitgigt orsök þess að einstaklingur þarf að gangast undir slíka aðgerð. Fleiri konur en karlar greinast með slitgigt og endurspeglast sú staðreynd í aðgerðunum. Þannig eru ríflega 60 prósent þeirra framkvæmd á konum.** - jss




# BÓNUS BÝÐUR BETUR

BÓNUS BÝ




Pepsi Max 2 ltr.
**89 kr. flaskan**




Bónus ís 1 ltr. súkkulaði og vanillu aðeins **79 kr. boxið.**




Ali beikoni 2 pk
M




**KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1. FLOKKUR**
**aðeins 399 kr/kg.** enginn biti tekinn úr **20% afsláttur** merkt verð: 499 kr/kg.




Ferskir ungnautahamborgarar 4 stk m/brauði **399 kr. pakkinn**




KF kofareykt folaldakjöt **40% afsláttur**
**382 kr/kg.** merkt verð 637 kr/kg.

BÓNUS

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

**AFGREIÐSLUTÍMI** FÖSTUDAG: 10.00 TIL 19.30

# ÐUR BETUR

# BÓNUS BÝÐUR BETUR




40% afsláttur aðeins 1099 kr/kg.
Merkt verð 1831 kr/kg.




Myllu samlokubrauð fjölkorna
770g 89 kr. stk.






OS heimilisostur nú á 20% lægra verði 664 kr/kg.




Gular melónur 89 kr/kg.
Vatnsmelónur 69 kr/kg.




Mjólku jógúrt 150g dósir, aðeins 38 kr. dósin




Ferskt nautahakk 699 kr/kg.




Ariel þvottaefni 30 skammta pakki.
Gámaverð 20% lægra verð 789 kr. pakkinn.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

HEIMASÍÐA BÓNUS ER: **BONUS.IS** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

BÓNUS



**HRAFNAÞING** Hrafnavinurinn Renauld leitar logandi ljósi að hrafninum Teddie sem týndist í París fyrir mánuði síðan. Hann hefur hengt upp fjölda auglýsinga með mynd af Teddie og símanúmeri sínu ef fólk skyldi hafa upplýsingar um afdrif hans. NORDICPHOTOS/AFP

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um áhrif Íslands á alþjóðavettvangi:

# Kvenorka meðal styrkleika

**UTANRÍKISMÁL** Árangursrík virkjun „kvenorku“ er meðal þess sem Ísland hefur fram að færa á alþjóðavettvangi. Þetta sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í erindi sem hún flutti á málfundi í Háskólanum í Reykjavík, sem haldinn var undir yfirskriftinni „Ísland á alþjóðavettvangi – skiptum við máli?“

Aðrir þættir sem Ingibjörg Sólrún tíundaði sem styrkleika íslensks samfélags, sem veldur því að á fulltrúa Íslands er hlustað á alþjóðavettvangi, er virkjun endurnýjanlegra orkugjafa, einkum jarðvarma, og sjálfbær nýting auðlinda hafsins. Með „kvenorku“ vísaði Ingibjörg til sterkrar stöðu kvenna í íslensku samfélagi, svo sem varðandi atvinnuþátttöku, sem aðrar þjóðir horfi nú orðið gjarnan til sem fyrirmyndar.



**SKIPTUM MÁLI** Guðni Th. Jóhannesson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Vera Knútsdóttir voru öll sammála um að Ísland gæti haft áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Heimsmálin eru heimamál og heimsverkefnin eru jafnframt heimaverkefnin,“ sagði ráðherrann og vildi með þessum orðum vekja athygli á því hvernig hagsmunir lands og þjóðar eru samtvinnaðir virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi í hinum hnattvædda heimi nútímans.

Á fundinum fluttu líka framsöguerindi Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og Vera Knútsdóttir, háskólanemi og formaður ICEMUN á Íslandi, sem er Íslandsdeild „Model United Nations“, sem stefnir saman ungmennum til að líkja eftir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. - aa

Tusk velur ráðherra í Póllandi:

# Hægri höndin í innanríkismálin

**VARSJÁ, AP** **Nánasti samstarfsmaður Donalds Tusk, verðandi forsætisráðherra Póllands, hefur verið útnefndur næsti innanríkisráðherra landsins. Tusk kynnti í gær útnefningu Grzegorz Schetyna í embættið, en hann er helsti trúnaðarmaður Tusks í hægriflokknum Borgaravettvangi.**

**Tusk fundaði einnig með Radek Sikorski, sem áður gegndi starfi varnarmálaráðherra, og sagðist vera að íhuga að gera hann annað hvort að varnarmálaráðherra að nýju eða utanríkisráðherra.**

**Tusk mun í vikunni leita frekar að ráðherraefnum innan flokksins.** - sh

Tékkneskir verkamenn:

# Skráðir eftir nokkra mánuði

**VINNUMARKAÐUR** **Verktakafyrirtæki, sem vinnur við uppsetningu á búnaði við álver Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði, virðist hafa haft tæplega þrjátíu Tékka óskráða í vinnu frá því í sumarbyrjun, eða þar til mennirnir voru skráðir hjá Vinnumálastofnun um miðja síðustu viku.**



**SVERRIR ALBERTSSON**

**Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri Afls starfsgreinafélags, segir að athyglisvert sé að mennirnir virðist hafa starfað í landinu í nokkra mánuði án þess að hafa verið skráðir. Ekki hafi verið kvartað undan launum en vinnutíminn þótt „óheyrilega langur“, segir hann.** - ghs

Brottflæmingar minnst í Berlín:

# Áform um safn í skoðun

**ÞÝSKALAND, AP** Þýsk stjórnvöld eru að skoða möguleika á að koma á fót í Berlín varanlegu safni til minningar um brottflæmingu Þjóðverja og annarra Evrópubúa frá heimkynnum sínum í og eftir síðari heimsstyrjöld.

Ullrich Wilhelm, talsmaður þýsku stjórnarinnar, sagði að samningaviðræður stæðu enn yfir um málið, en áformin ættu að liggja fyrir áður en árið er úti.

Fyrri áform samtaka brottflæmdra í Þýskalandi um að koma á fót slíku safni mættu mikilli andstöðu í Póllandi, þar sem allt tal um þessa sögulegu atburði er pólitískt viðkvæmt. Nær allir þýskir íbúar fyrrum austurhéraða Þýskalands, sem gefin voru Póllandi er landamæri þess voru færð til vesturs eftir stríð, voru flæmdir brott. - aa




**STEFNA AÐ SAFNI** Angela Merkel kanslari og Erika Steinbach, forseti Samtaka brottflæmdra, á fimmtugsafmælisfagnaði samtakanna í Berlín í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MESTA HÆTTAN** Mesta hættan er á að hestainflúensa berist hingað með fólki sem fer á milli landa, úr einu hesthúsi í annað, án þess að gæta fyllsta hreinlætis.

# Óttast hestainflúensuna

## Viðbragðsáætlun vegna hestainflúensu er nú til staðar hér. Þá eru allir innfluttir hundar ónæmisprófaðir því hundar hafa smitast af flensu erlendis.

**DÝRAHALD** Viðbragðsáætlun gegn hestainflúensu hefur verið komið á hér á landi. Þá eru allir innfluttir hundar prófaðir fyrir sjúkdómnum meðan á einangrunardvöl stendur, því talið er mögulegt að þeir geti borið hestainflúensusmit með sér, að sögn Sigríðar Björnsdóttur, dýralæknis hrossasjúkdóma.

Hestainflúensa greindist í fyrsta sinn í Ástralíu nú undir haust en landið hafði fram að því, ásamt Nýja-Sjálandi og Íslandi, haft þá sérstöðu að vera laust við þennan alvarlega hrossasjúkdóm. Í flestum öðrum löndum er hestainflúensa landlæg eða hefur komið upp.

Ástralir og Nýsjálendingar hafa heimilað innflutning lifandi hrossa eftir ströngum reglum og eftirliti í einangrunarstöðvum. Það fyrirkomulag hefur gengið áfallalaust í áratugi, en hestainflúensan kom upp í einangrunarstöð í Sydney og hefur farið eins og logi um akur síðan.

Sigríður segir að viðbragðsáætlunin hér á landi felist í að einangra strax hross sem greinist með sjúkdóminn og setja upp varnarsvæði í kringum sýkta staði.

„Þá myndu aðgerðir hefjast með algjöru banni á flutningi á hrossum. Ekki mættu fara inn á bannsvæðin aðrir en ákveðnir einstaklingar undir ákveðnum, mjög ströngum kröfum um hreinlæti,“ útskýrir Sigríður.

Hún segir að gildandi innflutningsbann á lifandi hestum sé mikilvæg vörn gegn því að hestainflúensa berist hingað til lands.

„En þrátt fyrir það getur inflúensan borist hingað ef fólk fer óvarlega, með því að fara til dæmis beint úr einu hesthúsi í útlöndum og í annað hér. Eins og umferð hestafólks er orðin tel ég því miður að þetta geti borist hingað, utan á fólki, með fatnaði, hönskum, skótaui og á fleiri vegu.

Það væri mjög góð regla ef fólk færi ekki á milli hesthúsa fyrr en að liðnum 48 tímum, auk þess hreinlætis sem krafist er, því það er sá tími sem smitefnið getur lifað utan hýsils.“

Spurð um áhrif þess ef hestainflúensa myndi berast hingað segir Sigríður að það yrði óskaplegt áfall.

„Í því veðurfari sem er í Ástralíu eru hross að drepast úr þessu. Við myndum ekkert vita hvernig þetta færi í útiganginum hér, fylfullar hryssur til að mynda. Hross geta fengið lungnabólgu upp úr þessari pest og þá þarf ekki að fjölyrða um framhaldið.“

jss@frettabladid.is


Háskólinn í Reykjavík er skóli 21. aldarinnar; kraftmikill alþjóðlegur háskóli sem verður fyrsti valkostur þeirra sem vilja framsækið og skapandi nám.

OPIÐ HÚS



VERKFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
FRUMGREINAR
VIÐSKIPTAFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNSLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
STÆRÐFRÆÐI
ÍÞRÓTTAFRÆÐI

LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER FRÁ KL. 11:00-15:00 VERÐUR OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK, KRINGLUNNI 1.

Nemendur og starfsfólk HR taka á móti gestum í anddyri skólans, Kringlunni 1, (gamla Morgunblaðshúsinu) og veita upplýsingar um það nám sem í boði er í Háskólanum í Reykjavík.

Sérstök áhersla verður lögð á að kynna þær námsbrautir sem taka inn nýnema á vorönn og kynningarfundir á því námi verða haldnir sem hér segir:

STOFA K5

Kl. 12:00 Frumgreinar - Málfríður Þórarinsdóttir, sviðsstjóri frumgreinasviðs.

Kl. 13:00 Meistaranám í byggingarverkfræði og tengdum faggreinum - Ingunn Sæmundsdóttir, forstöðumaður meistaranáms í verkfræði og tengdum faggreinum.

Kl. 14:00 Tölvunarfræði - Ásrún Matthíasdóttir, verkefnastjóri háskólanáms með vinnu.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
www.hr.is

PLANETAN 2007




**RANDOM**

HÖNNUÐUR

NEULAND

VERÐ

159.000 KR.

MIÐAÐ VIÐ EINA HILLU.
81,6 CM Á BREIDD, 216,3 CM
Á HÆÐ OG 25 CM Á DÝPT.

# HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNANSTOKKS

iittala



KANNA
7.930 KR.

STÓRT GLAS
1.465 KR.

LÍTIÐ GLAS
1.260 KR.

STÓRT GLAS Á FÆTI
1.660 KR.

LÍTIÐ GLAS Á FÆTI
1.334 KR.



Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Og í **Eymundsson** má kaupa sér bækur um hönnun og lífsstíl til að lesa yfir kaffinu.



VERÐ
8.900 KR.

**LOUNGE CHAIR & OTTOMAN**

HÖNNUÐUR

CHARLES & RAY EAMES 1956

VERÐ

439.500 KR.



**PLASTIC CHAIR**

HÖNNUÐIR

CHARLES & RAY EAMES, 1950

VERÐ

19.900 KR.



ENNEMM / SÍA / NM30366

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

## „ORÐRÉTT“

### *Sannkölluð kjarabarátta*

**„Það á að stökkva okkur á dreif til að hafa ekki jafn sterka viðsemjendur.“**

BJÖRN ÞORSTEINSSON, PRÓFESSOR VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLANN Á HVANNEYRI, UM „SOVÉSK VINNUBRÖGÐ“ FJÁRMÁLARÁÐHERRA.
**Fréttablaðið, 25. október**

### *Landbúnaðarráðherra í laumi?*

**„Við erum að tala um að halda áfram að grisja vörugjaldaskóginn eins og byrjað var að gera í vor.“**

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON VIÐSKIPTARÁÐHERRA UM FYRIRHUGAÐA SÓKN Í ÞÁGU NEYTENDA.
**Fréttablaðið, 25. október**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DAVÍÐ GUÐBRANDSSON LEIKARI

## *Kötturinn Mjási talar út í eitt*



„Af mér er allt gott að frétta. Sýningar á Gosa eru farnar af stað og uppselt á næstu tólf sýningar. Það hljóta að vera góðar fréttir fyrir mig,“ segir Davíð Guðbrandsson leikari.

„Ég er farinn að æfa hlutverk í Súperstar og leggst það allt saman mjög vel í mig. Af öðru en leikhúsinu er kannski lítið að frétta af mér. Kötturinn minn Mjási hefur það gott, þrífst vel og mjálmar mikið,“ segir Davíð og útskýrir því næst stoltur að gæðakötturinn Mjási tjái sig með um tuttugu mismunandi tegundum mjálms. „Hann talar í raun út í eitt, ég held meira en fyrrverandi kærastan mín,“ segir Davíð og flissar góðlátlega yfir tilhugsuninni um köttinn.

„Svo hef ég haldið mér í formi í leikhúsinu með því að standa á stultum. Við Magnús Jónsson leikari skellum okkur á þær í sýningunni um Gosa og hefur það gengið nokkuð áfallalaust fyrir sig. Það er svolítið gaman að prófa þessi leiktæki eftir að vera kominn með skeggrót og bringuhár. Þessi sýning hefur samt gengið svo áfallalaust og stresslaust fyrir sig að ég hef fáar sögur. Það virðast allir hafa haft sitt á hreinu frá því í byrjun enda mjög skýrar línur dregnar í upphafi.“

## PÍ:
### MEIRA EN TRILLJÓN AUKASTAFIR FUNDNIR

Töfratalan pí er fasti sem táknar hlutfallið á milli ummáls og þvermáls hrings. Gildi þess er um það bil 3,14159. Pí er óræð tala, sem merkir að ómögulegt er að skrifa hana sem almennt brot. Þó eru nokkur sem notast var við á árum áður, til dæmis 22/7 og 223/71. Á fyrri tímum áttu menn í stökustu vandræðum með að finna nýja aukastafi tölunnar, en í dag eru yfir trilljón þeirra fundnir. Nær aldrei er þó þörf fyrir fleiri en tíu aukastafi, jafnvel við flóknustu útreikninga.

Alþjóðlegi pí-dagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert hinn 14. mars, sem Bandaríkjamenn skrifa 3.14.

## SJÓNARHÓLL
### MUNUR Á VÖRUVERÐI Í FÆREYJUM OG Á ÍSLANDI



**HJÁLMAR ÁRNASON** Forstöðumaður fagskóla hjá Keili í Reykjanesbæ.

### *Kemur á óvart*

„Þetta kemur mér nokkuð á óvart vegna þess að oft hefur verið talað um að áhrif danskra heildsala á færeyskt vöruverð séu óheppileg. Samkeppni sé minni í Færeyjum en hérlendis en svo virðist ekki vera. Það segir kannski meira um að fákeppni sé of mikil hér á kostnað samkeppni. Færeyski markaðurinn er minni en okkar og út frá þeim rökum ætti vöruverð að vera hærra þar. Færeyingar eru enn háðari en við innflutningi á neysluvörum og út frá því ætti vöruverð að vera hærra. Mér finnst þetta gefa tilefni til að fara í dálitla naflaskoðun um samkeppnisstöðu almennt hér á íslenskum neytendamarkaði. Við neytendur erum að borga brúsann,“ segir Hjálmar Árnason, forstöðumaður fagskóla hjá Keili í Reykjanesbæ.






# Mikilvægt að halda sögunni á lofti

**Lögmannsstofan Logos fagnar hundrað ára afmæli samfelldrar lögmannaþjónustu á sínum snærum. Logos varð til með samruna tveggja lögmannsstofa um aldamótin en Sveinn Björnsson, síðar forseti lýðveldisins, stofnaði aðra þeirra fyrir réttri öld. Fundarherbergi kennt við Svein verður opnað í tilefni dagsins.**



**LÖGMANNSSTOFAN LOGOS** Um aldamótin störfuðu átján lögmenn hjá Logos. Nú eru þeir 45, þar af sex sem starfa hjá skrifstofu fyrirtækisins í London. Gunnar Sturluson er lengst til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Sturluson, framkvæmdastjóri Logos, var á ferð og flugi milli funda þegar blaðamaður náði tali af honum og í óðaönn við að skipuleggja afmælisfögnuðinn í dag. „Við ætlum að bjóða viðskiptavinum og ýmsum sem við tengjumst í atvinnulífinu til veislu af þessu tilefni,“ segir hann. „Hinn 17. ágúst í sumar voru liðin hundrað ár frá því Sveinn Björnsson opnaði Málflutningsskrifstofuna í Reykjavík. Málflutningsskrifstofa Sveins starfaði út öldina þar til hún og A&P lögmenn sameinuðust undir merkjum Logos um síðustu aldamót. „Málflutningsskrifstofa Sveins var fyrsta lögmannsstofan á landinu á sínum tíma,“ segir Gunnar, „og þótti í mikið lagst á þeim tíma. Fram að því störfuðu hér nokkrir lögmenn en enginn hafði verið með opna skrifstofu eins og Sveinn gerði. En við höfum því haldið upp á stofnár málflutningsskrifstofunnar sem okkar afmælisár.“

Gunnar segir Logos vera klassíska lögfræðiskrifstofu á sviði fyrirtækjalögfræði. „Helstu verkefni stofunnar eru alls kyns fjár-



**MÁLFLUTNINGSKRIFSTOFAN** Málflutningsskrifstofan var lengi vel til húsa í gömlu Morgunblaðshöllinni.



**SVEINN BJÖRNSSON** Stofnaði Málflutningsskrifstofuna árið 1907. Hún sameinaðist A&P lögmönnum um síðustu aldamót undir nafninu Logos.



**SVEINSSTOFA** Eitt af fundarherbergjum Logos er kennt við Svein Björnsson og hefur húsgögnum, myndum og munum úr eigu Sveins verið komið fyrir í herberginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

festingar íslenskra og erlendra aðila í atvinnurekstri, fjármögnun, samrunaverkefni, verkefni á sviði Kauphallarréttar og bankalögfræði hvers konar.“

Stofan hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin sjö ár. Um aldamótin störfuðu 18 lögfræðingar hjá Logos. Nú eru þeir 45, þar af sex á skrifstofu fyrirtækisins í London. „Vöxturinn hefur verið um tuttugu til þrjátíu prósent á ári. En ég hugsa að árið í ár slái öll met, veltan á eftir að aukast um sextíu til áttatíu prósent, ég er ekki alveg búinn að sjá hvar það endar,“ segir Gunnar, sem segir vöxtinn fyrst og fremst helgast af auknum umsvifum í íslensku atvinnulífi.

Gunnar segir að starfsmenn Logos séu stoltir af sinni löngu sögu og hafi ávallt haldið henni á lofti. „Í tilefni dagsins ætlum við til dæmis að opna Sveinsstofu, sem er eitt fundarherbergjanna. Þar höfum við meðal annars komið fyrir húsgögnum, myndum og persónulegum eigum Sveins Björnssonar en þannig viljum við minna á söguna og gera Sveini sérstaklega hátt undir höfði.“

Aðspurður hvað framtíðin beri í skauti sér segir Gunnar að á Logos séu menn í sífelldri leit að nýjum tækifærum. „Hver veit nema við færum kvíarnar enn frekar út? Við útilokum ekki neitt á meðan það er góður „bissness“. En fyrst og fremst ætlum við að einbeita okkur að því að bjóða hágæðaþjónustu í Reykjavík og í London.“

**bergsteinn@frettabladid.is**







# TAX FREE DAGAR

Dagana 26.-28. október afnemum við VSK af **ÖLLUM FATNAÐI.**

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. október 2007.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**Vefurinn: Timarit.is**

Flettu í fyrsta tölublaði Fjölnis, Mogganum frá upphafi eða einhverjum af yfir 230 blöðum og tímaritum Íslandssögunnar.

www.timarit.is

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**SKÝRING: NÝTT NETHRUN Í UPPSIGLINGU?**

# Facebook metið á níu hundruð milljarða króna

Netbólan, sem sprakk með látum um aldamótin, virðist vera að láta á sér kræla á ný. Netfyrirtæki sem skapa lítinn sem engan hagnað eru metin á marga milljarða dollara, og fjárfestar berjast um hluti í þeim. Aðstæðurnar minna á þær sem leiddu til hrunsins á verðbréfamörkuðum fyrir rúmum sjö árum.

Nýjasta útspilið í þessum málum er kaup Microsoft á 1,6 prósenta hlut í Facebook, sem rekur síðu þar sem fólk getur sett upp eigin svæði á netinu, ekki ósvipað MySpace. Fyrir þennan hlut í Facebook borgaði Microsoft sem jafngildir tæpum fimmtán milljörðum króna, og er allt fyrirtækið metið á heila níu hundruð og þrettán milljarða íslenskra króna. Fyrirtækið áætlar að skila engum hagnaði í ár.

Til samanburðar er Yahoo, fyrirtæki með 38 sinnum fleiri starfsmenn, metið á um tvöfalt hærri upphæð. Árlegar tekjur þeirra eru rúmlega þrjátíufalt meiri en hjá Facebook.

Upphaf nýju netbólunnar má að einhverju leyti rekja aftur til kaupa uppboðsfyrirtækisins eBay á Skype, fyrirtækinu sem á og rekur símaforritið vinsæla, fyrir tveimur árum. Kaupverðið var tæpir 160 milljarðar króna. Niklas Zennström, annar stofnandi Skype og forstjóri, hefur viðurkennt að eBay hafi borgað of mikið fyrir fyrirtækið, og rekstur þess hafi ekki gengið sem skyldi. 84 milljarða króna tap eBay á síðasta ársfjórðungi skrifaðist á Skype-kaupin. Zennström hafði nokkrum vikum áður sagt starfi sínu lausu vegna þess að gengi fyrirtækisins hafði ekki staðist væntingar.

Upphaflega netbólan sprakk vegna þess að væntingar fjárfesta voru komnar langt fram úr öllu hófi og netfyrirtækin sjálf skiluðu litlum hagnaði þrátt fyrir að búa yfir góðum hugmyndum. Ef stórfyrirtæki halda áfram að dæla tugum milljarða í fyrirtæki eins og Facebook og Skype gæti sagan auðveldlega endurtekið sig.

**TÆKNIHEIMURINN**

### iPod-verð á niðurleið samkvæmt viðskiptaráðherra

Verði vörugjöld felld niður á næstu árum, eins og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur sagt, mun það hafa mikil áhrif á verð iPod-spilara hérlendis. Eins og fram hefur komið á þessari síðu eru iPod-spilarar flokkaðir sem upptökutæki hjá tollinum og bera því 25 prósenta vörugjald. Fyrir vikið kaupa margir spilarann erlendis og smygla honum inn til landsins, en það gæti breyst með niðurfellingu vörugjalda.

### Ísland áhugaverðara í augum tölvuleikjafyrirtækja

Markaðsmenn frá leikjafyrirtækinu Activision komu hingað til lands í vikunni og fóru yfir komandi leiki á kynningu á miðvikudag. Nokkrar vikur eru síðan markaðsstjórar frá Electronic Arts, stærsta leikjafyrirtæki í heimi, komu hingað til að halda svipaða kynningu á sínum leikjum. Litli bletturinn sem er Ísland á markaðskortum leikjafyrirtækja fer greinilega stækkandi.

### Kínverjar skjóta á loft geimflaug

Kínverjar skutu á loft geimflauginni Chang'e 1 á miðvikudag, sem fer á braut um tunglið. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi fjölmennasta þjóð veraldar sendir geimflaug til tunglsins. Flaugin mun fljúga í kringum tunglið næsta árið og safna gögnum um yfirborð þess. Markmiðið er að Kínverjar verði fyrsta Asíuþjóðin til að senda geimfara á tunglið.



### BioShock og Wii Sports bestir á verðlaunahátíð

BioShock-leikurinn frá fyrirtækinu 2K Boston hlaut viðurkenningu fyrir besta leik ársins á bresku BAFTA-verðlaununum á miðvikudag. Wii Sports, sem er framleiddur af Nintendo og kom út fyrir leikjatölvuna Wii, hlaut hins vegar flest verðlaun á hátíðinni, sex af þrettán. Önnur verðlaun hlutu Crackdown fyrir besta hasarleik og besta hljóð, Okami fyrir bestu frumsömdu tónlist í tölvuleik og God of War II fyrir bestu sögu og persónusköpun.

### Sýndarheimarnir ógn við grundvallargildi samfélagsins

Sýndarheimar sem höfða til ungs fólks eru ógn við þau grundvallargildi sem við viljum kenna börnum okkar. David Puttnam, kvikmyndaframleiðandi sem situr í lávarðadeild breska þingsins, segist óttast að lexían sem börnin læra af þessum sýndarveröldum sé að þau séu fyrst og fremst neytendur. Á ráðstefnu um sýndarheima hvatti hann framleiðendur til að búa til heima sem kenna börnum betur grundvallargildi samfélagsins.








**Á SKRIFSTOFUNNI** Jónas segir vinsælustu tölvuleikina á skrifstofunni vera Guitar Hero, Singstar, Counter-Strike og Battlefield 2. Einnig spili starfsmenn reglulega aðra fjölspilunarleiki til að fylgjast með því hvað sé að gerast í bransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölspilunarkaffipásuleikur með mafíuþema

**Umræða um íslensk tölvuleikjafyrirtæki hefur hingað til einskorðast við CCP, sem framleiðir fjölspilunarleikinn EVE Online, en fleiri fyrirtæki hafa sprottið upp í kjölfar velgengni þess. Gogogic sérhæfir sig í svokölluðum kaffipásuleikjum, sem krefjast ekki jafn mikillar athygli eða tíma og hefðbundnari tölvuleikir.**

Jónas Björgvin Antonsson, rekstrarstjóri hjá Gogogic, segir aðalverkefni fyrirtækisins vera eins konar fjölspilunar-kaffipásuleik sem er með mafíuþema. „Þessi leikur snýst meðal annars um að safna sér mannskap og vopnum, sem þú getur síðan nýtt þér til að berjast við aðra spilara. Hann heitir Boss of Bosses, og verður aðgengilegur í gegnum venjulegan vafra (e. browser).“

Hann segir leiki á borð við Boss of Bosses hala inn tekjur á annan hátt en venjulegir fjölspilunarleikir, þar sem spilarar borga flestir mánaðarlega áskrift. „Í þessum leikjageira hefur skapast hefð fyrir því að það sé alltaf hægt að spila leikinn ókeypis og ná ágætis árangri þannig. Svo geta spilarar borgað pening, annað hvort með áskrift eða smáum færslum, og fengið eitthvað meira í staðinn. Boss of Bosses mun fylgja þessu tekjulíkani.“

Velgengni CCP og fjölspilunarleiksins EVE Online hefur ekki farið framhjá mörgum á Íslandi, allra síst starfsmönnum Gogogic. „Auðvitað hefur það áhrif að íslensku leikjafyrirtæki gangi mjög vel með sinn fjölspilunarleik. Stærsta atriðið er sennilega hversu margar dyr þeir hjá CCP hafa opnað varðandi tiltrú fólks á að svona sé hægt,“ segir Jónas.

„Maður er hættur að fá augngotur frá fólki sem heldur að maður sé vitleysingur og spyr: „Leikir, er eitthvað hægt að græða á því?“

Auk Boss of Bosses eru starfsmenn Gogogic að vinna í leikjatengdum verkefnum fyrir NBC Universal, og hafa unnið vefsíður fyrir Símann, Nýherja og fleiri. „Það er fyrirsjáanlegt að okkur fari að fjölga hérna, okkur vantar sérstaklega menn sem eru góðir í Flash-forritun.“ salvar@frettabladid.is

Útgáfa Leopard-stýrikerfisins:

# Evrópa á undan Bandaríkjunum

**Íslendingar fá nýjustu útgáfu stýrikerfisins OS X frá Apple, sem kallast Leopard, á undan Bandaríkjamönnum. Stýrikerfið verður gefið út klukkan sex í dag að staðartíma um allan heim. Þar sem Bandaríkin eru þó nokkrum klukkustundum á eftir okkur fáum við, ásamt Evrópubúum, að njóta hlébarðans á undan Könum, sem fá yfirleitt tækninýjungar á undan Evrópubúum.**



**HLÉBARÐINN** Salan hefst í verslun Apple klukkan sex í dag. MYND/APPLE

**Steingrímur Árnason, þróunarstjóri hjá Apple IMC, segir ánægjulegt að fá loksins að vera á undan Bandaríkjamönnum. „Við fengum kannski ekki iPhone á undan, en þetta fáum við.“**

Alan Ellis, stjórnandi vefræningjasíðunnar Oink:

# Segir Oink engu ólöglegri en Google

Alan Ellis, 24 ára breskur kerfisfræðingur sem rak eina stærstu vefræningjasíðu heims, Oink.cd, segist ekki hafa gert neitt af sér. Hann var handtekinn á þriðjudag í lögregluaðgerð á vegum Interpol og vefþjónar í Hollandi voru gerðir upptækir.

Vefinn notuðu tæplega 200.000 manns til að skiptast á gögnum, aðallega tónlist, með hjálp BitTorrent-tækninnar. Hann var ekki ósvipaður hinum íslenska IsTorrent-vef, en sérhæfði sig í tónlistardreifingu.

Í viðtali við breska dagblaðið Daily Telegraph segir Ellis engri tónlist hafa verið dreift í gegnum sjálfan vefinn, heldur hafi fólk notað hann til að skiptast á gögnum. Oink hafi því verið engu ólöglegri en Google-leitarvélin, sem getur hjálpað fólki að finna höfundarréttarvarið efni á netinu.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag kom fram að notendur Oink yrðu rannsakaðir í kjölfar handtökunnar og lokunar vefjarins. Alex Strain, talsmaður alþjóðlegu hljóðritunarsamtakanna IFPI, sem koma að málinu, sagði mögulegt að Íslendingar væru meðal þeirra.

Á bloggsíðu sinni segir Ellis þetta ekki koma til greina. Upplýsingar sem geymdar voru um notendur vefjarins séu ekki nægilegar til að réttlæta rannsókn. „Þeir hljóta að hafa eitthvað betra að gera en að elta uppi 180.000 Britney Spears-aðdáendur.“ - sþs



**OINK.CD** Skilaboð um lögreglurannsókn er nú það eina sem birtist á Oink.cd.



Suðurlandsbraut 4A, 1988–2000



Kirkjustræti 10, 1907–1917



Borgartún 24, 1985–2001



Austurstræti 7, 1917–1957



Efstaleiti 5, frá 2001



London, 42 New Broad Street frá 2006



Aðalstræti 6 1957–1988


Fíton/SÍA

# Hundrað ára forskot

LOGOS er stærsta lögmannsstofa á Íslandi, og rekur sögu sína aftur til ársins 1907 þegar Sveinn Björnsson opnaði fyrstu málflutningsskrifstofu landsins. Allt fram til dagsins í dag hefur áhersla á fagmennsku og framsækni skilað LOGOS forystuhlutverki í þjónustu við viðskiptalífið. Við veitum viðskiptavinum okkar alla þá liðveislu sem þeir þarfnast hér heima og aðstoðum þá við að uppfylla metnaðarfull áform í útlöndum, með öflugri starfsemi í Reykjavík og London.

1907 100 2007

Efstaleiti 5
103 Reykjavík IS
+354 5 400 300
+354 5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1JD
+44 (0) 207 920 3000
+44 (0) 207 920 3099

logos@logos.is
www.logos.is

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.135 **+1,23%**

**Fjöldi viðskipta:** 574
**Velta:** 7.332 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **HAMPIÐJAN** | +8,33% | **SPRON** | -3,01% |
| **EXISTA** | +2,49% | **365** | -2,49% |
| **GLITNIR** | +1,84% | **EIK BANKI** | -2,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,22 +0,36% ... Bakkavör 65,80 +1,39% ... Eimskipafélagið 41,70 -0,48% ... Exista 32,90 +2,49% ... FL Group 24,45 +1,03% ... Glitnir 27,70 +1,84% ... Icelandair 26,55 +0,00% ... Kaupþing 1.116 +1,83% ... Landsbankinn 43,95 +0,69% ... Straumur-Burðarás 19,00 -1,55% ... Össur 103,50 -0,96% ... Teymi 6,30 -0,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Exista hagnast óvænt

Exista hagnaðist um 870 milljónir evra, eða 76 milljarða króna, á fyrstu níu mánuðum ársins. Hagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 7,4 milljónum evra eða 646 milljónum króna.

Þetta er fjarri því sem greiningardeildir bankanna spáðu en þær gerðu ráð fyrir að tap yrði á rekstri félagsins, að meðaltali upp á 120,3 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi.


Lýður Guðmundsson

Arnar Freyr Ólafsson, sérfræðingur í Greiningu Glitnis, segir ástæðuna þá að ekki var gert ráð fyrir 65 milljón evra uppfærslu á óskráðum eignum félagsins. Ekki hafi heldur verið gert ráð fyrir tekjum upp á sjö milljónir evra vegna hlutar Exista í Sampo og Kaupþingi. Sömu skýringar var að finna í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans í gær og sagt að ekki kæmi fram hvaða óskráðar eignir voru uppfærðar í bókhaldinu.

Eignir Exista jukust um 93 prósent frá áramótum og voru 746 milljarðar króna, í lok september. Þar af er eignarhlutur í öðrum félögum metinn á um 415 milljarða króna. Að langstærstum hluta er það eign Exista í fjármálafyrirtækjunum Sampo og Kaupþingi. **- bg**

**HAGNAÐUR Á HLUT Í EXISTA**

| Tímabil | Upphæð |
|---|---|
| jan-sept 2007 | 6,75 krónur |
| jan-sept 2006 | 2,54 krónur |

## MARKAÐSPUNKTAR

Færeyski bankinn Eik Group skilaði nærri 3,1 milljarðs króna hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins. Hagnaðurinn nær tvöfaldaðist frá sama tímabili í fyrra þegar hann nam um 1,7 milljörðum króna.

Hlutabréf í SPRON lækkuðu um þrjú prósent í gær. Þetta var þriðji dagurinn í röð sem lækkun varð á bréfum félagsins sem skráð var á markað á þriðjudaginn. Upphafsgengi þess í Kauphöll Íslands þá var 18,9 krónur á hlut. Við lokun markaðar í gær stóð það í 14,6 krónum.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's staðfesti í gær lánshæfismat Glitnis og segir horfur stöðugar. Einkunn fyrir skuldbindingar til langs tíma er Aa3, fyrir skammtímaskuldbindingar P-1 og fjárhagslegan styrkleika C.

# Sáttur með Símann



Verulegur viðsnúningur varð á rekstri Skipta hf., móðurfélags Símans, á milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins. Hagnaður félagsins nam tæpum 3,3 milljörðum króna á tímabilinu samanborið við rúmlega 3,1 milljarðs króna tap á sama tíma í fyrra.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta og Símans, segir í tilkynningu afkomuna mjög góða hvort sem horft sé til starfsemi í fjarskipta- eða upplýsingatækni og séu horfur á að reksturinn á fjórða ársfjórðungi verði góðar. **- jab**

# Krefjandi aðstæður

Hagnaður Bakkavarar nam 11,3 milljónum punda, jafnvirði 1,4 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi samanborið við 15,2 milljónir punda á sama tíma í fyrra. Þetta er undir væntingum greiningardeilda viðskiptabankanna, sem spáðu því að hagnaðurinn myndi hlaupa á bilinu 12 til 14 milljónir punda.

Haft er eftir Ágústi Guðmundssyni, forstjóra Bakkavarar, í tilkynningu, að félagið standi frammi fyrir mjög krefjandi aðstæðum þar sem verð á hráefni hafi haft veruleg áhrif á matvælaframleiðslu. **- jab**

# Dræmt hjá Stork

Hollenska iðnsamstæðan Stork skilaði heldur dræmara uppgjöri en reiknað var með á þriðja ársfjórðungi. Hagnaðurinn nam 17 milljónum evra, jafnvirði tæpra 1,5 milljarða króna, samanborið við 25 milljónir á sama tíma í fyrra. Afkoman er talsvert undir lægstu spám markaðsaðila sem reiknuðu með allt frá 21 til rúmlega 30 milljóna evra hagnaði á tímabilinu.

Marel, Eyrir Invest og Landsbankinn eiga saman rúman 43 prósenta hlut í samstæðunni. **- jab**

# Hagnaður á hlut dregst saman um fjórðung

**Hagnaður hluthafa Straums-Burðaráss nemur 1,8 milljónum evra eftir skatta á þriðja ársfjórðungi, en 17 milljónum á sama tíma í fyrra. Meðalspá greiningardeilda bankanna gerði ráð fyrir hagnaði upp á 10,8 milljónir evra.**


**WILLIAM FALL FORSTJÓRI STRAUMS-BURÐARÁSS** Uppgjör Straums-Burðaráss var kynnt í Rúgbrauðsgerðinni við Borgartún í Reykjavík á morgunverðarfundi, laust fyrir klukkan níu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagnaður á hlut í Straumi-Burðarási dregst saman um 26 prósent þegar bornir eru saman fyrstu níu mánuðir þessa árs og síðasta. Í fyrra nam hagnaðurinn 23 evrum á hlut, eða rétt tæpar 2.000 krónur. Eftir þriðja ársfjórðung í ár er hagnaður á hlut hins vegar kominn í 17 evrur á hlut, eða tæpar 1.500 krónur. Bankinn birti í gærmorgun uppgjör fyrir þriðja ársfjórðung þessa árs.

Hagnaður hluthafa eftir skatta á þriðja ársfjórðungi er 1,8 milljónir evra, en var á sama tíma í fyrra 17 milljónir evra. Fyrstu níu mánuði ársins nemur hagnaður hluthafa eftir skatta 157 milljónum evra og dregst saman um 33,9 prósent frá því í fyrra þegar hann var 237,5 milljónir evra.

Willam Fall, forstjóri Straums, bendir hins vegar á að um leið og rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi hafi endað í 32,8 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi, sem raunar er 2,6 prósenta aukning frá árinu áður, hafi tap af verðbréfum numið 45 til 46 milljónum dala á fjórðungnum. „Í þessum árangri endurspeglast því breiðari tekjugrunnur félagsins," segir hann og telur að breytingar sem ráðist hefur verið í hjá bankanum hafi bætt mjög afkomu hans í erfiðu árferði sem einkennst hafi af óróa á fjármálamörkuðum. William Fall bendir á að Straumur hafi haldið áfram að auka vaxta- og þóknunartekjur og þær séu nú drifkrafturinn í starfsemi bankans. Þá hafi markvisst verið dregið úr áhættuskuldbindingum í hlutabréfum.

Forstjóri Straums leggur áherslu á að áhætta bankans af undirmálslánum í Bandaríkjunum sé engin, þótt óbein áhrif megi merkja. Þannig hafi órói á fjármálamörkuðum seinkað verkefnum og samningum og af þeim sökum færist inn í lokaársfjórðung ársins tekjur sem bankinn hafi reiknað með á þeim þriðja. Að sama skapi segir hann að hraður tekjuvöxtur á öðrum ársfjórðungi hafi líka tekið frá þeim þriðja.

Afkoma Straums er nokkuð frá spám greiningardeilda bankanna, en þær gerðu ráð fyrir yfir 10 milljóna evra hagnaði til hluthafa í stað 1,8 milljóna. Nokkru munaði þó því Glitnir spáði 7 milljóna tapi, en Landsbankinn og Kaupþing, 9,7 og 14,5 milljóna evra hagnaði. Glitnir segir afkomuna þó „gróflega í takti við væntingar" nema hvað hreinar vaxtatekjur hafi reynst miklu hærri en vænst var og þóknunartekjur langt undir væntingum.

**olikr@frettabladid.is**

**HAGNAÐUR Á HLUT Í STRAUMI-BURÐARÁSI**

| Tímabil | Upphæð |
|---|---|
| Jan-sept 2007 | 17 evrur |
| Jan-sept 2006 | 23 evrur |


SVO NÝTUR HVER SEM HANN ÞIGGUR




ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Þú finnur þjóðlegar og skemmtilegar jólagjafir
í Safnbúð Þjóðminjasafnsins.
Opið alla daga 11–17, lokað á mánudögum.


ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!
www.i-t.is
ÞETTA ER SÉRPÖNTUÐ INNRÉTTING
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Pólitíski hluti Orkuveitumálsins:

## Þögnin rofin

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þögn borgarstjórnarmeirihlutans um Orkuveitumálið er um sumt skiljanleg og rökrétt. Í máli sem þessu eru fjölmörg tæknileg álitaefni. Ekkert er athugavert við að slík atriði séu skoðuð nákvæmlega áður en opinber afstaða er tekin til þeirra í heild. Stærstu atriði þessa máls snúast hins vegar um pólitíska afstöðu til grundvallaratriða sem breyting á meirihluta á ekki að trufla. Þar þarf ekki rannsóknar við svo að umræða geti farið fram og ákvarðanir legið fyrir. Tvö atriði hafa þar meira mikilvægi en önnur.

Annað efnið lýtur að sölu á náttúruauðlind í eigu Reykvíkinga til einkaaðila. Hún er hluti sameiningarmáls REI og Geysis. Hitt snýst um þá kröfu fulltrúa í fyrri stjórn Orkuveitunnar að tímafrestir til boðunar eigendafunda taki ekki einvörðungu til þeirra sem fara með atkvæði á fundum heldur einnig stjórnarmanna sem hafa þar lögbundinn seturétt og málfrelsi. Sú krafa styðst bæði við gild lýðræðisleg og lögfræðileg rök.

Fyrir stofnun nýja meirihlutans höfðu borgarfulltrúar Vinstri græns og Framsóknarflokks lýst öndverðum sjónarmiðum um þessi tvö lykilatriði sameiningarmálsins. Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa ekki lýst afstöðu. Þar af leiðir að þeir verða ekki ósamkvæmir sjálfum sér um niðurstöðuna hver sem hún verður. Um Vinstri grænt og Framsóknarflokk gildir hins vegar að aðeins annar flokkurinn getur tekið þátt í að ljúka málinu með málefnalegum trúverðugleika.

Núverandi formaður sameinaðs borgarstjórnarflokks meirihlutans hefur höfðað mál gegn Orkuveitunni til ógildingar á ákvörðunum sem teknar voru á sameiginlegum fundi stjórnar og eigenda Orkuveitunnar. Slíkir sameiginlegir fundir eru hvorki til samkvæmt lögum um Orkuveituna né sameignarsamningi.

Formaðurinn höfðar ekki þetta mál vegna einkahagsmuna eða af einskærum tómstundaáhuga á lögfræðilegum álitaefnum. Forsenda málshöfðunarinnar er pólitískt mat hans á hagsmunum Reykvíkinga í krafti þáverandi stöðu sinnar í stjórn Orkuveitunnar. Lögmaður formannsins flytur þessa hagsmunagæslu hans fyrir réttinum og styður hana lagalegum rökum.

Að sama skapi mun lögmaður stjórnar Orkuveitunnar tala í umboði hennar. Í röksemdum hans mun koma fram hvernig nýi meirihlutinn í heild telur hagsmunum borgarbúa best borgið í máli þessu. Því hefur verið haldið leyndu. En spurningar umboðsmanns Alþingis um upprunalega meðferð málsins kveikja það álitaefni hvort ekki hefði verið rétt að taka formlega og lýðræðislega ákvörðun um í hverju sú hagsmunagæsla á að vera fólgin. Síðan væri lögmanni falið að leiða lagarök að þeirri afstöðu fyrir dóminum.

Kjarni málsins er þessi: Tali lögmaður stjórnar Orkuveitunnar á sama veg og lögmaður formanns sameinaðs borgarstjórnarmeirihluta er ljóst að Vinstri grænt hefur unnið glímuna við Framsóknarflokkinn. Tali stjórn Orkuveitunnar hins vegar gegn formanni borgarstjórnarmeirihlutans fyrir dóminum hefur Vinstri grænt lotið í gras í málinu í pólitískum skilningi.

Verði sú raunin hefur Vinstri grænt í tveimur sveitarstjórnum á þessu ári axlað ábyrgð á sölu á lítið eitt stærri hlut af opinberum orkulindum en Sjálfstæðisflokkurinn eftir að hann hefur verið leystur frá ábyrgð á lyktum þessa máls. Í því falli yrðu öll orð um auðlindasölu fremur ódýr. Þetta skýrist þegar þögnin um pólitíska hluta málsins verður rofin í dómsal á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjarverandi borgarstjórar

Fimmþúsundasti fundur borgarráðs frá upphafi var haldinn í gær. Í tilefni dagsins var fyrrverandi borgarstjórum boðið að þiggja kökur og kaffi. Fyrir utan Dag B. Eggertsson, sitjandi borgarstjóra, mættu Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Egill Skúli Ingibergsson. Fleiri vantaði hins vegar. Þórólfur Árnason var hvergi sjáanlegur, ekki frekar en Árni Sigfússon, Markús Örn Antonsson, Davíð Oddsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson. Þá sá Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ekki ástæðu til að mæta þótt hann sitji í því borgarráði sem fundaði í gær.



### Á bakvakt

Blaðið 24 stundir greindi í gær frá launakjörum varaborgarfulltrúa, sem fá í laun tæpar 300 þúsund krónur, eigi þeir sæti í tveimur fastanefndum. Fyrir að sitja í einni fastanefnd fá varaborgarfulltrúar rúmar 220 þúsund krónur en eigi þeir ekki sæti í neinni nefnd fá þeir 150 þúsund krónur fyrir að vera á bakvakt. Guðrún Ásmundsdóttir er sú eina í hópi fyrstu varamanna sem á ekki sæti í fastanefnd. Óskar Bergsson er launakóngur varamanna með tæpar 390 þúsund krónur í laun.



### Varamenn í fullu starfi

Tilgangurinn með varamönnum í borgarstjórn var sjálfsagt uphaflega sá að þeir hlypu í skarðið í forföllum aðalmanna. Í 24 stundum talar Ólafur Hjörleifsson, lögfræðingur borgarstjórnar, hins vegar um „skerðingu“ á launum varaborgarfulltrúa ef þeir eiga sæti í færri en tveimur nefndum. Með öðrum orðum miðast grunnlaun varaborgarfulltrúa við að þeir geri talsvert meira en einfaldlega að vera til taks ef einn af aðalmönnum veikist eða fer til útlanda. Fyrst aðalmenn geta ekki sinnt störfum sínum hjálparlaust, er þá ekki ástæða til að fjölga borgarfulltrúum?

bergsteinn@frettabladid.is

## Eignarnám við Þjórsá?



ATLI GÍSLASON

**Í DAG** | Mannréttindi og Þórsá

Nú er ljóst að samningaumleitanir Landsvirkjunar við ýmsa landeigendur við Þjórsá vegna fyrirhugaðra virkjana hafa siglt í strand. Eigendur Skálmholtshrauns hafa til að mynda alfarið hafnað samningum og af Urriðafossvirkjun og Urriðafosslóni verður ekki nema Landsvirkjun knýi fram eignarnám á jörðinni allri. Við blasir að jörðin verður verðlaus komi til þess að áform Landsvirkjunar nái fram að ganga. Í raun skapa fyrirhuguð virkjanalón stórfellda hættu vegna flóða í kjölfar jarðskjálfta, Suðurlandsskjálfta, sem eiga sér upptök á þessu landsvæði, svonefndum Hreppafleka. Eru þá ónefndar mjög verulegar breytingar á grunnvatnsstöðu og lífríki Þjórsár. Í ljósi framanritaðs og þeirrar stórfelldu umhverfisspjalla sem fyrirhugaðar virkjanir munu hafa í för með sér vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort stjórnarskráin heimili eignarnám.

### Vörn gegn ofríki

Samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar er eignarrétturinn friðhelgur og engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, lagafyrirmæli komi til og fullt verð. Hér skiptir mestu máli að meta hvort almenningsþörf sé fyrir hendi. Við mat á því verður að gæta meðalhófs og jafnræðis og deginum ljósara að persónulegir hagsmunir einstakra manna og fyrirtækja eða fjárþörf ríkis og sveitarfélaga eru ekki næg ástæða til eignarnáms. Og vel að merkja: Heimildir til að skerða mannréttindi, þ.m.t. friðhelgi eignarréttar, ber að túlka þröngt því mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum eða einokunarfyrirtækjum.

Réttindi hverra hafði ríkið í huga þegar Landsvirkjun fékk forkaupsrétt að ríkisjörðinni Þjótanda en Flóahreppi var neitað? Réttindi hverra hafði ríkið í huga þegar til stóð að færa Landsvirkjun hluta af þjóðlendu við Búrfell? Aldrei kom til tals að færa bændum þjóðlendurnar þótt þeir hafi manna helst nýtt þær. Er eignarrétturinn minna virði þegar fólk á landsbyggðinni á í hlut en ekki alþjóðlegir auðhringir og stórfyrirtæki? Er eignarréttur þeirra sem eiga lítið ómerkilegri en þeirra sem eiga mjög mikið? Valdhafar virðast hafa það eitt að markmiði að breyta náttúru okkar og umhverfi í enn meiri auðæfi fyrir aðra en heimamenn, fyrir aðra en almenning. Fjármagnið skal áfram streyma til stórfyrirtækja og auðmanna, sem með aðgerðaleysi stjórnvalda fá stöðuga hjálp við að sölsa undir sig frekari auðlindir þjóðarinnar.

### Hvaða hagsmunir eru í húfi?

Er almenningsþörf á því:

- að eyðileggja með óafturkræfum hætti náttúruperlur Þjórsár og næsta nágrennis og stefna lífríki og búsetu þar í verulega hættu?
- að sniðganga alþjóðasamninga og íslensk lög um sjálfbæra þróun, mengunarbætur og varúðarregluna?
- að láta náttúruna ekki njóta vafans um verulega flóðahættu, hækkun grunnvatnsstöðu og eyðileggingu laxastofnsins í Þjórsá og lífríkis almennt?
- að virkja í þágu útlendra einokunarálbræðslna og selja raforkuna á útsöluprís meðan almenningur, bændur og innlendir atvinnurekendur greiða margfalt hærra raforkuverð?
- að selja raforkuna til mengandi þungaiðnaðar og til verðmætasköpunar erlendis?
- að nýta alla mengunarkvóta okkar í einsleitar og mengandi álbræðslur og hafa eggin öll í sömu körfu?
- að eyðileggja Hellisheiðina með sjónmengandi raflínum?
- að sjá til þess að Ísland verði það land sem eykur mest útblástur gróðurhúsalofttegunda í Evrópu?
- að koma í veg fyrir að raforka okkar verði nýtt til umhverfisvænnar starfsemi?
- að spilla rómuðum ferðamannastöðum og verðmætum byggingar- og landbúnaðarsvæðum?
- að koma í veg fyrir tækifæri til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi?

Nei, það er engin almenningsþörf fyrir því að eyðileggja náttúruperluna Þjórsá í þágu erlendra einokunarálbræðslna á kostnað almennings og innlends atvinnureksturs, sem í dag borgar allt að tífalt hærra raforkuverð en einokunarálbræðslurnar. Það er umhugsunarefni að fólk sem í sífellu þykist verja eignarrétt fólks þegi nú þunnu hljóði þegar landeigendur við Þjórsá þurfa að þola linnulausan þrýsting um að fallast á afarkosti ellegar missa jarðir sínar. Það eitt að Landsvirkjun hafi fengið vatnsréttindin í Þjórsá á silfurfati tveimur dögum fyrir síðustu alþingiskosningar er hneyksli, og er sá gjörningur þó bara einn angi af dæmalausum vinnubrögðum í ferlinu öllu.

Ég vænti þess að mannréttindasinnar í öllum stjórnmálaflokkum snúi bökum saman og leggist af fullum þunga gegn öllum áformum Landsvirkjunar um skerðingu á einstaklingsfrelsi og grundvallarmannréttindum.

*Höfundur er alþingismaður.*

## Óháður útrásarpottur Illuga

**UMRÆÐAN**

Útrás orkufyrirtækja



JÓN KALDAL

Illugi Gunnarsson hefur vakið athygli fyrir prúðmennsku og hófsaman málflutning eftir að hann steig út úr skugga Davíðs Oddssonar, sem hann var til aðstoðar um árabil. Prúðmennskan var hins vegar víðs fjarri í svargrein Illuga í gær við leiðara Fréttablaðsins frá því deginum þar á undan.

Það sem raskaði svo óþyrmilega ró Illuga var þó ekki annað en tiltölulega sakleysislegur samanburður á orðum hans í umræðu um íslensku orkufyrirtækin frá því í júlí annars vegar og svo nú í október hins vegar.

Það getur vitaskuld verið erfitt að horfast í augu við það þegar eigin orð fara illa saman og menn verða sjaldan þakklátir þeim sem á það benda. Það er því ekki ástæða til að erfa kaldar kveðjur Illuga.

Hitt er mun forvitnilegra að Illugi virðist vera kominn í ágreining við stefnu eigin flokks, sem hann samkvæmt orðanna hljóðan virtist þó vera sammála í júlí. Þá vildi Illugi „leiða saman kapítalistana, viðskiptamennina og orkufyrirtækin“ því þá gæti orðið til „pottur sem knýr áfram útrásina“. Þetta fer fyllilega saman við stefnu Sjálfstæðisflokksins í tengslum við útrásarverkefni orkufyrirtækjanna sem Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra lýsti í Fréttablaðinu á þennan hátt fyrir viku: „Í landsfundarályktun frá því í apríl segir um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda að fagnað sé aðkomu einkaaðila að útrás orkufyrirtækjanna. Tímabært sé að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls.“

Það er merkilegt en tilvitnuð orð Illuga frá því í sumar hljóma nánast eins og verklýsingin á bak við samruna útrásararms Orkuveitunnar og Geysis Green Energy undir merkjum REI í haust. Þar er einmitt orðinn til „pottur“ sem getur knúið útrásina áfram. Nema hvað nú vill Illugi ekki að Orkuveitan eigi í REI. Hann vill ekki lengur „leiða saman“ kapítalistana og orkufyrirtækin í útrásarverkefnunum, heldur afhenda viðskiptamönnunum verkefnin, svo þeir geti sinnt þeim „óháð hinu opinbera“.

Í sumar talaði Illugi sem sagt mjög í takt við landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins um „aðkomu einkaaðila að útrás orkufyrirtækjanna“ en nú vill hann að útrásin sé „óháð hinu opinbera“. Hvað breyttist?

*Höfundur er ritstjóri Fréttablaðsins.*

www.ormsson.is

# Engin býður meiri gæði á lægra verði! Komdu og kynntu þér málið.




OPIÐ Í SMÁRALIND: Virka daga frá kl. 11-19, laugardaga frá kl. 11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18.

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

## GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI




**HTH GULT** – *„Settu það saman"*

- Beint af lager - engin afgreiðslutími
- Flatar pakkningar sem auðvelt er að flytja
- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð

NÝTT 2007




AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**20% afsláttur af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar.**






NÝTT 2007

## Nýtt baðherbergi á ótrúlegu verði

***Settu það saman*** gefur þér möguleika á að búa til fallegt baðherbergi fyrir hreint ótrúlega lágt verð, eins og sjá má. Allar skápasamstæður okkar eru einfaldar og hannaðar þannig að auðvelt sé að setja þær saman.







## Rennihurða fataskápar

***Settu það saman*** býður upp á samstæður með rennihurðunum vinsælu. Einfalt að flytja, einfalt í uppsetningu. Fæst í hvítu, lútuðu birki, hvíttaðri eik og með spegli.

Einnig bjóðum við frístandandi fataskápa í úrvali.

HTH–Beinn sími: 530 2907 / 530 2908

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA
ÁN KREDITKORTS

ORMSSON
SMÁRALIND · Sími 530 2900

ORMSSON
ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON
AKUREYRI · Sími 461 5003

# Ríkisforsjárrómantík

**UMRÆÐAN**
Áfengisstefna

Steinunn Stefánsdóttir skrifar í Fréttablaðið um „óraunsæja áfengisrómantík“ þeirra þingmanna sem innleiða vilja takmarkað viðskiptafrelsi með léttvín og bjór hér á landi. Helstu rökin fyrir núverandi haftaverslun telur Steinunn vera gæði ríkiseinokunar, fjölda verslana, góða staðsetningu og gott vöruúrval sem að hennar mati hentar „áhugamönnum um eðalvín“. Fréttablaðið birti nýverið viðtal við undirritaðan þar sem upplýst var að margir vínáhugamenn kaupa sín vín frá erlendum heildsölum og jafnvel beint frá vínframleiðendum.


ARNAR SIGURÐSSON

Ástæðan er einmitt afar slakt úrval hjá afgreiðslustofnunum hins opinbera. Sem dæmi má nefna að ekki er til ein einasta flaska af efsta flokki „premier cru classe“ frá Bordeaux í einni einustu þeirra 50 „eðalvín“-verslana sem Steinunn tíundar. Engin afgreiðslustofnun hefur upp á að bjóða hita- eða rakastýrt geymslurými og því liggja vín sem ekki seljast strax undir skemmdum. Ríkisforsjárhyggjusinnar virðast ekki hafa áttað sig á að einokunarverslunin nær eingöngu til smásölu á víni en innflutningur er frjáls. Þannig má segja að einungis íslenskir verslunarmenn séu útilokaðir frá því að selja samlöndum sínum áfengi. Panti einstaklingur vín erlendis frá með pósti fæst vínið afhent heim í hús af starfsmönnum Íslandspósts, tollafgreitt rétt eins og um bókasendingu væri að ræða.

Árleg verslun með vín í heiminum nemur um 23 milljörðum bandaríkjadala. Árleg söluaukning á léttvínum nemur um 266 milljónum flaskna. Því er hér um umtalsverðan atvinnurekstur að ræða ásamt tilheyrandi verslunarrekstri. Margs konar þjónusta er innt af hendi í þessu samhengi, á smásölu- og heildsölustigi. Vín eru t.d. seld áður en þau eru sett á flöskur – „en primeur“ – og fjárfestingarsjóðir hafa gefið góða ávöxtun með því að kaupa og geyma vín sem hækka í verði við aldur. Augljóslega geta því verið ágæt tækifæri fyrir framtakssama einstaklinga á þessu sviði rétt eins og öðrum þar sem hin lamandi hönd einokunarreksturs liggur ekki yfir.

Ríkisforsjárhyggjufólk er alltaf fljótt til að benda á hættur því samfara að einstaklingar sinni þjónustu sem ríkið veitir á hverjum tíma, hvort heldur er skipaútgerð, fjármálaþjónustu, eldspýtnainnflutningi eða áfengissölu. Í því sambandi má benda á að hjá hinu opinbera starfa reyndar líka einstaklingar. Eini munurinn er að ríkisstarfsmaður í verslunarrekstri hefur ekki beinna hagsmuna að gæta af afrakstri starfs síns.

*Höfundur er vínáhugamaður.*

# Orðræða um orkumál (2)

**UMRÆÐAN**
Orkumál

Þetta er annar pistillinn í röð þriggja um hugtök í orkumálum á líðandi stund. Tilgangur pistlanna er að auðvelda hnitmiðaða umræðu um þennan mikilvæga málaflokk.


ÞORKELL HELGASON

**Markaðsvæðing – einkavæðing**

Þessum hugtökum er einatt ruglað saman. Það fyrirkomulag, að aðgreina starfsemi á orkusviði í samkeppnisrekstur og sérleyfisrekstur og skapa þannig skilyrði fyrir samkeppni þar sem það getur hentað, hefur hér á landi verið kallað markaðsvæðing. Á útlensku er þetta gjarnan nefnt „afreglun“ (deregúlering) sem er að vissu leyti rangnefni þar sem einmitt þarf að setja laga- og regluverk til að koma fyrirkomulaginu á. Einkavæðing er það þegar orkufyrirtæki í opinberri eigu, ríkis eða sveitarfélaga, er selt að hluta eða að öllu leyti til einkaaðila.

Eins og fyrr segir hefur markaðsvæðing raforkugeirans rutt sér til rúms víða um lönd á seinustu árum en einkavæðing hefur verið í öðrum takti. Norðmenn voru í forystusveit um markaðsvæðinguna en lítið hefur verið um einkavæðingu í raforkugeiranum þar í landi. Þannig eru enn nær fjórir fimmtu af raforkuframleiðslu Norðmanna í opinberri eigu, enda þótt um samkeppnisrekstur sé að ræða. Í Bretlandi, sem reið líka á vaðið með markaðsvæðinguna, hefur allmikið verið einkavætt. Einkavæðing hefði þó efalaust orðið í Bretlandi á dögum frú Thatcher hvort sem greint hefði verið á milli sérleyfis- og samkeppnisrekstrar eða ekki. Það er reyndar allvíða sem orkufyrirtækin eru einkarekin án þess að markaðsvæðingu hafi verið komið á. Þá er allur raforkugeirinn rekinn sem ígildi sérleyfisstarfsemi og að jafnaði háður verðlagseftirliti.

Munurinn á markaðsvæðingu og einkavæðingu skýrist kannski með því að huga að olíusölu hér á landi. Á tímabili á fyrri hluta síðustu aldar var ríkisrekstur á olíusölu en hann síðan einkavæddur. Á hinn bóginn má deila um hvort olíuverslunin var markaðsvædd fyrr en undir lok aldarinnar, þar sem því var stýrt að ofan hvaðan mátti kaupa olíuvörur og allt verðlag var háð stjórnvöldum.

**Samfélagslegur rekstur – einkarekstur**

Víðast hvar í grannlöndum okkar í Evrópu hefur raforkugeirinn (auk hitaveitnanna hér) verið í samfélagslegri eigu, þ.e.a.s. í eigu ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra. Í Danmörku hefur verið litið á raforkufyrirtækin sem e.k. sameignarfélög neytenda. Í Bandaríkjunum hafa þessi fyrirtæki – eins og önnur í þeim heimshluta – að mestu verið í einkaeigu. Eins og fyrr segir hefur nokkur þróun verið í áttina til einkarekstrar, líka í Evrópu, enda þótt flest fyrirtækin og um leið þau stærstu séu enn í opinberri eigu. Á Norðurlöndum virðist samhljómur um að flutningsfyrirtækin, háspennukerfisreksturinn, eigi að vera í ríkiseigu, en að einkaeign og einkarekstur geti einkum haslað sér völl í samkeppnisþáttunum, framleiðslunni og sölunni. Í dreifiveituþættinum er allur gangur á því hvort einkaaðilar koma við sögu eða opinberir einvörðungu, en þó er opinberi geirinn, einkum sveitarfélög, enn stærsti eigandinn.

Hér á landi hefur til skamms tíma nær öll starfsemi í raforkugeiranum og í hitaveiturekstri verið á opinberri hendi. Undantekningin byrjaði með sölu ríkisins á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja sl. vetur eins og fjallað hefur verið um í fréttum. Í tengslum við áform stjórnvalda um fullan aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisrekstrar hefur verið rætt um að setja í lög að sérleyfisreksturinn, Landsnetið, dreifiveiturnar og hitaveiturnar skuli vera a.m.k. í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra. Ekki mun ætlunin að setja því neinar lagalegar skorður að samkeppnisreksturinn, raforkuver og raforkusala, geti verið í einkarekstri, enda er ekki svo í gildandi lögum.

*Höfundur er orkumálastjóri.*

# Góð leið til Laugarvatns

**UMRÆÐAN**
Vegagerð

Það verður seint sagt að Ómar Ragnarsson skorti hugmyndir. Hann á nóg af þeim, líka þegar kemur að vegagerð í landinu og er það hið besta mál. En hugmyndaauðgi þýðir ekki endilega að maður finni alltaf bestu lausnirnar.


G. PÉTUR MATTHÍASSON

Ekki bjóst ég við því að ég þyrfti nokkurn tíma að deila við vin minn og félaga Ómar. Eiginlega er það alveg óhugsandi enda veit þjóð öll að það er bara einn Ómar. En því miður er nauðsynlegt að árétta nokkra hluti vegna greinar Ómars um Lyngdalsheiðarveg sem margir kalla Gjábakkaveg sem birtist hér í Fréttablaðinu á þriðjudag.

Ómar vill nota gamla Kóngsveginn, núverandi veg, og telur það bestu lausnina, vill setja á hann bundið slitlag, lagfæra smávegis þar sem snjór safnast og halda opnum á veturna fyrir rólega ferðamannaumferð.

Gamli Kóngsvegurinn er einmitt það, gamall. Út frá umferðaröryggissjónarmiðum dugir ekki að lagfæra þann veg lítillega.

Varðandi snjó er mikill munur á Kóngsveginum og vegstæði hins nýja Lyngdalsheiðarvegar sem liggur á annað hundrað metra neðar í landinu. Iðulega fer hluti gamla vegarins undir vatn á veturna. Ekki veit ég hvernig takmarka má umferð um veginn við „rólega ferðamannaumferð“ á veturna. Eiga íbúar Bláskógabyggðar að fara einhverja aðra leið?

Varðandi Lyngdalsheiðarveginn og Þingvallavatn er rétt að benda á að ekki er verið að byggja neina hraðbraut, ökuhraði innan þjóðgarðsins verður eftir sem áður 50 km á klst að hámarki. Nýi vegurinn liggur allur utan þjóðgarðs og engin breyting verður á vegum innan þjóðgarðsins eða hraða þar. Umferð flutningabíla ætti ekki að aukast um þjóðgarðinn en gerist það er hægur vandi að takmarka þá umferð.

Lyngdalsheiðarvegurinn er góður kostur í stöðunni og hefur farið í gegnum öll þau lögformlegu ferli sem skylt er og rúmlega það.

Það er ekki eftir neinu að bíða og vandlega verður fylgst með áhrifunum á Þingvallavatn og komi eitthvað upp á verður við því brugðist. Það er besta leiðin.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.*






## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Um Hegningarhúsið að Skólavörðustíg

**Guðmundur Fr. Friðriksson skrifar:**

Ég hef nú verið hér oftar en einu sinni og verð að segja að hér ríkir góður kærleikur og samkennd meðal fanga sem stendur. En eitt verð ég að segja sem ekki hefur komið fram: Fangaverðir eiga skilið hrós fyrir það hvað þeir eru heiðarlegir og almennilegir í garð allra fanganna sem þeir þurfa að eiga við. Það mætti veita þeim orðu sem hér hafa starfað í yfir tuttugu ár (yfirfangavörður hefur starfað hér í 35 ár). Eða hvað finnst ykkur lesendur góðir? Ég verð líka að hæla Árna Johnsen sem kom hér um daginn með tíu flatskjái, sem verða settir upp nú á næstunni. Og hann leit við hjá föngunum í Hegningarhúsinu. Mér finnst það vera gott hjá honum. Og meiri jákvæðni gerir öllum gott.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

**ALLS KONAR ÍS**
Guðmundur Jón Guðmundsson í Holtseli og fjölskylda hans framleiða ís í öllum regnbogans litum.
MATUR 2



**BLEIKA SLAUFAN**
Lyflækningar brjóstakrabbameina eru til umfjöllunar í pistli dagsins í greinaröð um brjóstakrabbamein.
HEILSA 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

**ROPE YOGA**
WWW.OSK.IS
Bæjarhraun 22 220 Hafnarfjörður
Veffóng: osk@osk.is / rakel@osk.is
Símar: 695 0089 / 555-3536



**Ný byrjendanámskeið hefjast 29. og 30. október**
Kl : 06.30 / 08.15 / 12.55 / 16.30
Skráðu þig strax í þetta einstaka ævintýri.
Vertu hjartanlega velkomin
**Ósk & Rakel**

**PRODERM™**
húðvörn gegn kulda og snertiofnæmi

Lagar fljótt húðþurrk, roðaflekki, þurrkabletti sviða og kláða í andliti og höndum.

Verndar húðina fyrir efnum á **pH1 – pH12**. Engin fituáferð.

Fyrir börn, hlífir húðinni við kulda, munnvatni, tárum og nefrennsli.

Proderm er læknavara. Rannsóknir staðfesta virkni.



**Fæst í apótekum** www.celsus.is



Áslaug kennir nemendum í Rimaskóla réttu handtökin við að skera lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Súpa sem lengir lífið

***Áslaugu Traustadóttur, heimilisfræðikennara í Rimaskóla, hefur tekist að auka áhuga unglinga á matargerð svo um munar.***

Áslaug Traustadóttir hefur starfað sem heimilisfræðikennari í Rimaskóla í níu ár. Hún kennir heimilisfræði í vali fyrir nemendur í níunda og tíunda bekk og hafa tímarnir notið mikilla vinsælda. Áslaug hlaut nýlega Fjöregg Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands fyrir að auka áhuga ungs fólks á matargerð með nýstárlegum aðferðum. „Þegar ég byrjaði voru um tíu krakkar í þessu vali en nú eru þeir um 90,“ segir Áslaug. Hún segir kokkakeppni innan skólans, sem hún fór af stað með árið 2004, hafa ýtt undir áhuga krakkanna. Í vor stóð hún síðan að Kokkakeppni Grunnskóla Reykjavíkur sem haldin var í Menntaskólanum í Kópavogi. Áslaug segir að draumurinn sé að halda keppnina á landsvísu.

Krakkarnir í Rimaskóla kynnast fjölbreyttri matargerð og nýlega gerðu þau Mexíkó-súpu sem Áslaug segir njóta mikilla vinsælda um þessar mundir. „Hún hefur gengið mann fram af manni að undanförnu en ég veit ekki hver á heiðurinn að uppskriftinni. Í henni er mikið af tómötum en þeir eru gríðarlega hollir og taldir lengja lífið,“ segir Áslaug og bætir við: „Við eldum skólaútgáfu af súpunni, bæði svo krakkarnir ráði við hana en líka svo hún samræmist fjárhag skólans. Ostastangir eru svo tilvalið meðlæti.“

Áslaug segist leggja mikla áherslu á að veita krökkunum alhliða þjálfun í öllu sem viðkemur matargerð. Þeir elda jafnt þjóðlegan sem framandi mat, skipuleggja innkaup og sjá um þrif. „Auk þess legg ég mikið upp úr því að kenna þeim réttu handtökin. Ég kenni þeim að beita hnífunum rétt og hvernig á að skera og meðhöndla ólík hráefni, enda snýst eldamennskan ekki einungis um að setja innihaldsefnin saman.“ Áslaug segir krakkana mjög áhugasama og veit hún til þess að margir eldi heima við.

Uppskriftir að súpu og brauði eru á síðu 2.

*vera@frettabladid.is*



**Brunch alla daga**
(11-16)
www.cafeoliver.is

OLIVER
BAR CAFÉ GRILL

**Safar** geta verið ljúffengir og meinhollir. Sniðugt er að verða sér úti um safapressu til þess að búa til uppáhalds hollustudrykkina sína úr ávöxtum og grænmeti. Í bókinni „Endalaus orka“ má finna fjölmargar gómsætar safa-uppskriftir.



NÝJAR VÖRUR

Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16



Guðmundur og fjölskylda framleiða ís eftir kenjum sælkerans í öllum regnbogans litum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Óteljandi bragðtegundir

***Fjölskyldan að Holtseli í Eyjafirði framleiðir sælkeraís með alls konar bragði og annar ekki eftirspurn.***




„Við rákum augun í auglýsingu frá hollenskum aðilum þar sem boðið var upp á aðferð til að auka nýtingu á mjólkurafurðum. Við sendum tölvupóst til að kanna málið og vorum komin til Hollands viku síðar,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson, bóndi að Holtseli í Eyjafirði, sem framleiðir sælkeraís sem nefnist Holtselshnoss ásamt konu sinni, Guðrúnu Egilsdóttur, og dótturinni Örnu Mjöll. Að sögn Guðmundar tók undirbúningsferlið um tvö ár og segir hann að yfirvöld á Íslandi hafi verið lengi að taka við sér þegar leitað var eftir leyfi.

„Það má segja að við höfum brotið ísinn í bókstaflegri merkingu þegar við hófum framleiðslu,“ segir Guðmundur en Holtsel er eina mjólkurbúið á Íslandi sem framleiðir ís af þessu tagi. Á bænum eru í dag sextíu kýr ásamt slatta af hænum eins og Guðmundur orðar það og nú hefur ísgerðin skapað tvö ný störf. „Holtsel notar eigin afurðir í ísinn bæði mjólk og egg en það fara um sextíu eggjarauður í níu lítra af ís og hámarksafköst á dag eru 150-170 lítrar,“ segir Guðmundur en hann er aðeins hálftíma að búa til ísinn.

Á höfuðborgarsvæðinu fæst ísinn aðeins í Nóatúni en fyrir norðan er hægt að nálgast hann í Holtseli þar sem einnig er rekið kaffihús á sumrin, hjá sælkerabúð Friðriks V og í Heilsuhorninu.

„Við hættum að anna eftirspurn eftir fyrstu vikuna og ég held að við séum eini birgirinn þar sem Nóatún þarf að vera á biðlista,“ útskýrir Guðmundur hlæjandi og bætir við að Nótaún bjóði upp á sex bragðtegundir af Holtselshnossinu.

„Við getum framleitt 30-50 tegundir, allt eftir hvernig liggur á okkur. Þar á meðal er skyrís með íslenskum bláberjum í samstarfi við KEA. Sá er óskrandi fjólublár og án allra litarefna. Hins vegar fæst hann aðeins þegar berjavertíðin stendur yfir,“ útskýrir Guðmundur og segir hverfandi litla notkun á rotvarnarefnum í ísnum.

Ásamt venjulegum ís býður Holtsel einnig upp á ís fyrir sykursjúka og tekur við sérpöntunum. „Við höfum verið að gera Grand Marnier-ís og jafnvel tekið á móti fólki sem velur ís úr litaflórunni okkar fyrir brúðkaupið sem er þá í stíl við skreytingarnar,“ segir Guðmundur og nefnir eina tegund sem þykir æði sérstök. „Lakkrísísinn fer misjafnlega í fólk og er kannski sá sérstakasti. Annaðhvort finnst fólki hann alveg hrikalega vondur eða mjög góður.“

*rh@frettabladid.is*




## Uppskriftir Áslaugar

**MEXÍKÓ-SÚPA FYRIR 4**
1 laukur
2 hvítlauksbátar (pressaðir)
1 msk. olía
1 dós niðursoðnir tómatar
¾ tsk. kjúklingakraftur
5 dl tómatsafi
¾ tsk. nautakraftur
4 dl vatn
1 tsk. kóríander
¼ tsk. chiliduft
¼ tsk. cayennepipar
1 kjúklingabringa (má vera meira)

**Aðferð:**
1. Skerið laukinn mjög smátt og hafið tilbúinn á diski.
2. Pressið hvítlauksrifin og hafið tilbúin á litlum diski.
3. Opnið tómatdósina og setjið innihaldið í matvinnsluvél í eina mínútu og hellið svo maukinu í skál. Tómatana má líka mauka með töfrasprota.
4. Mælið tómatsafa í könnu.
5. Mælið allt krydd, kjúklingakraft og nautakjötkraft í könnuna og bætið við 4 dl af köldu vatni.
6. Skerið kjúklingabringuna í mjög litla bita og hafið tilbúið á diski.
7. Passið að hrár kjúklingurinn snerti ekkert annað hráefni og þvoið allt sem snertir kjúklinginn jafnóðum. Þvoið ykkur VEL um hendur um leið og þið eruð búin að skera kjúklinginn niður!
8. Hitið olíuna í potti og látið smátt saxaðan laukinn (ekki hvítlaukinn) malla rólega í nokkrar mínútur eða þangað til hann byrjar að verða mjúkur og glær.
9. Þá á að bæta hvítlauknum saman við og hræra áfram í litla stund. Hvítlaukur má alls ekki brenna!
10. Blandið öllu öðru saman við (kjúklingnum líka) og látið malla undir loki í 25-30 mínútur. Hrærið í af og til.

8 msk. sýrður rjómi
12 stk. mexíkóskar kornflögur
1 dl rifinn ostur

Er sett í skálar á borðið og ofan á súpuna þegar henni er ausið í skálar.

**LANGAR OSTASTANGIR**
5 dl hveiti
ofn 225 °C undir/yfir og blástur.
½ tsk. sykur
1 tsk. salt
2 msk. matarolía
3 tsk. þurrger
1 dl rifinn ostur
1 msk. rifinn parmesanostur
2 dl vel volgt vatn (38°C)

**Aðferð:**
1. Mælið fyrst öll þurrefni og ger í skál. Geymið ostinn.
2. Bætið olíu og vatni saman við og passið vel að vatnið sé hæfilega heitt.
3. Hnoðið fyrst saman með sleif og svo á borði.
4. Blandið rifnum osti og parmesanosti saman við deigið.
5. Skiptið deiginu í tvo jafnstóra hluta.
6. Skiptið hverjum hluta í átta litla bita og rúllið út langar stangir, álíka breiðar og grannur litlifingur og raðið á bökunarplötu. Athugið að hafa bökunarpappír á plötunni.
7. Bakið næstefst í ofni í 5-7 mínútur eða þangað til stangirnar verða gullinbrúnar og stökkar.

**Spergilkál** er ríkt af andoxunarefnum og járni eins og annað dökkt grænmeti og inniheldur einnig mikið af C- og E-vítamíni.



## Bleika slaufan

OKTÓBER ER TILEINKAÐUR ÁRVEKNI UM BRJÓSTAKRABBAMEIN



# Lyflækningar brjóstakrabbameina

Lyfjameðferð brjóstakrabbameina byggist gróflega á hefðbundnum frumudrepandi krabbameinslyfjum, líftæknilyfjum og hormónalyfjum. Hér verður fjallað um krabbameins- og líftæknilyfjameðferðir.

Þegar kona er greind með brjóstakrabbamein er meinið venjulega fjarlægt. Í framhaldi þess er gert áhættumat þar sem líkur á að brjóstakrabbameinið taki sig upp aftur, eru metnar. Þegar áhættumat liggur fyrir er það rætt við viðkomandi konu og henni ráðlögð lyfjameðferð eða eftirlit. Áhættumat er byggt á upplýsingum um sjúkling sem og vefjagreiningu æxlisins. Mikilvægustu matsþættir eru aldur konu við greiningu, stærð meinsins og fjöldi holhandareitla sem innihalda krabbameinsfrumur. Aðrir þættir sem hafa áhrif á áhættumat er tegund brjóstakrabbameins, gráða illkynja vaxtar og hormónanæmi. Niðurstaða áhættumatsins ásamt samráði við viðkomandi konu stýrir ráðleggingum um meðferð sem getur verið allt frá hormónameðferð eingöngu til samsettrar lyfjameðferða sem gefin er í æð. Grundvöllur ráðlegginga um lyfjameðferð er sú vitneskja okkar að krabbameinslyf lækna eingöngu sjúkdóm sem hefur ekki dreift sér nema að litlu leyti. Taki sjúkdómur sig upp aftur þá gerist það venjulega með meinvörpum í líffærum og er slíkur sjúkdómur ólæknandi. Það er hlutverk áhættumatsins að áætla líkur á slíkri endurkomu. Sem dæmi hefur kona um fertugt með 1,5 cm stórt brjóstakrabbamein af 3. gráðu og enga sjúka holhandareitla u.þ.b. 30% líkur á endurkomu krabbameins innan 10 ára. Krabbameinslyfjameðferðir minnka þessa áhættu um 2/3 sem þýðir að ef við meðhöndlum 100 konur með sama sjúkdóm eru 70 læknaðar eftir skurðmeðferð eingöngu en 20 til viðbótar læknast fyrir tilstilli lyfjameðferðar. Þróun krabbameinslyfja hefur verið mikil síðastliðin ár og þó uppistaða þeirra byggist á eldri lyfjagerðum þá höfum við lært að skammta lyfin betur og blanda saman með meiri árangri en áður auk þess sem ný lyf hafa bæst við. Dæmi um hefðbundin frumudrepandi lyf eru Doxorubicin, Paclitaxel og Docetaxol. Þá hafa komið fram nýjar gerðir lyfja, s.k. líftæknilyf, sem hægt er að bæta við meðferð ákveðinnar tegundar brjóstakrabbameins. Slík lyf hafa oft sértækari verkun þ.s. þau grípa inn í ofvirka vaxtaferla illkynja frumna án þess að hafa mikil áhrif á eðlilega vefi eins og dæmigerð krabbameinslyf gera. Dæmi um slíkt lyf er Trastuzumab sem hefur, í blöndu með hefðbundnum krabbameinslyfjum, valdið gjörbyltingu í meðferð kvenna með brjóstakrabbamein með mögnun á s.k. HER2/neu viðtaka.

Algengar aukaverkanir hefðbundinna krabbameinslyfja eru þreyta, hárlos, ógleði, ofnæmisviðbrögð, stoðkerfisverkir, slímhúðarbólga, taugaskyntruflanir og beinmergsbæling. Hvítkornafæð gerir sjúkling viðkvæmari fyrir sýkingum sem geta reynst mjög hættulegar og þarf því að meðhöndla svo fljótt sem auðið er. Mestu líkur á slíkum sýkingum er u.þ.b. 10 dögum eftir lyfjameðferð og einkennast þær af hita, hrolli og slappleika. Langtíma aukaverkanir eru meðal annars hjarta- og æðasjúkdómar, ófrjósemi, einbeitingarleysi og þá geta frumudrepandi krabbameinslyf, í sjaldgæfum tilfellum, valdið illkynja sjúkdómi og þá helst hvítblæði. Krabbameinslyf eru venjulega gefin sem vökvagjöf í æð og ræður tegund lyfs og lyfjablanda hversu lengi lyfjagjöfin stendur. Lyfin eru gefin af sérmenntuðum hjúkrunarfræðingum eftir að læknir hefur hitt sjúkling, skoðað blóðprufur og gefið lyfjafyrirmæli. Lyfjagjöfin ásamt stoðlyfjum tekur venjulega dagpart en flest lyf eru gefin á 3 vikna fresti þó einstaka meðferð sé ráðlagt að gefa vikulega eða á 2 vikna fresti. Samhliða þróun krabbameinslyfja hafa ný og betri stoðlyf bæst við meðferðina og gert hana þolanlegri og aukið þannig líkur á réttri skömmtun og betri meðferðarheldni. Í þessu sambandi má helst nefna ný ógleðilyf en einnig lyf sem örva framleiðslu hvítra blóðkorna í beinmerg.

Krabbameins- og/eða hormónalyfjameðferðir hafa aukið lífslíkur kvenna með brjóstakrabbamein mikið undanfarna tvo áratugi og er lyfjameðferð ásamt snemmgreiningu undirstaða góðs árangurs á Íslandi. Það er á ábyrgð lækna að halda þessum góða árangri en jafnframt er mikilvægt að vinna að betri aðferðum til áhættumats sem og þróa markvissari og árangursríkari lyf með minni aukaverkanir. Það er von okkar að genarannsóknir á vefjameingerð krabbameina geri okkur í framtíðinni kleift að klæðskerasauma áhættumat og lyfjameðferð fyrir hverja konu fyrir sig.

*Helgi Hafsteinn Helgason*
*Lyf- og krabbameinslæknir*
*Sérfræðingur í klínískri lyfjafræði*


## Námskeið fyrir sjálfboðaliða

Deildir Rauða Krossins á höfuðborgarsvæðinu óska eftir sjálfboðaliðum til að starfa í athvörfum fyrir fólk með geðraskanir. Undirbúningsnámskeið verður haldið miðvikudaginn 31. Október kl. 18:00-21:00 í sjálfboðamiðstöð Garðarbæjardeildar Rauða krossins, Hrísmóum 4 Garðarbæ. Á námskeiðinu er fjallað um Rauða Krossinn, geðheilrigðismál og hlutverk heimsóknavina. Námskeiðið er ókeypis og opið öllum áhugasömum.

Rauði krossinn starfrækir þrjú athvörf höfuðborgarsvæðinu. Markmið með starfsemi þeirra er að bæta líðan gestanna og aðstoða þá í að verða virkari í daglegu lífi. Sjálfboðaliðar sem starfa í athvörfum sjá um helgaropnun og gefa þannig fleirum tækifæri á að sækja athvörfin. Einning fara sjálfboðaliðar í heimsóknir inná heimili fólks með geðröskun.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 565-2425 eða á thora@redcross.is

**Rauði kross Íslands**

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið



# SIRKUS



Einar Bárðarson opnar sig

# ROKKAR FEITT Í LONDON

26. OKTÓBER 2007

■ Sjónvarpsstjörnurnar velja Steinunni ■ Gulla selur 3 hæðir ■ Maríanna Clara á magnaðan fataskáp

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir

## Heyrst hefur...

### Á pikkföstu!

Fyrir tveimur vikum urðu þau leiðu mistök að Unnur Birna Vilhjálmsdóttir fegurðardrottning og laganemi var sögð einhleyp á síðum blaðsins. Hið sanna er að hún er búin að vera með Reynaldi Hinrikssyni síðan í vor. Hann er 22 ára Garðbæingur og stundar atvinnuflugmannsnám við Flugskóla Íslands. Parið kynntist í gegnum sameiginlega vini og hefur verið óaðskiljanlegt síðan. Hann æfir körfubolta með utandeildarliði Stjörnunnar en í sumar hefur hann lagt stund á hestamennsku með kærustunni. Unnur Birna er önnum kafin, fyrir utan að stunda lögfræðinám við Háskólann í Reykjavík kennir hún dans. Einnig mun hún sjást á skjánum í vetur en hún verður kynnir í þættinum, Bandið hans Bubba, sem sýndur verður á Stöð 2 í vetur.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR OG ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR HAFA SVIPAÐAN FATASMEKK



EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR SJÓNVARPSKONA



ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR FRÉTTAKONA



ÞÓRA

# Steinunn Sigurðardóttir í uppáhaldi



Glöggir áhorfendur Ríkissjónvarpsins hafa tekið eftir svipuðum klæðaburði hjá sjónvarpskonunum Evu Maríu Jónsdóttur og Þóru Arnórsdóttur. Sannleikurinn er sá að þær hafa mikið dálæti á fatnaði Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar.

Eva María Jónsdóttir fann „sinn" fatahönnuð í Steinunni Sigurðardóttur. „Ástæðan var einfaldlega sú að ég vildi ekki þurfa að eyða miklum tíma í að spá í föt, en jafnframt vissi ég að þarna gæti ég gengið að pottþéttum gæðum auk þess sem fötin eru mátulega látlaus og fín," segir Eva María og bætir við að samstarfið hafi gengið mjög vel. Aðspurð hvort hún eigi uppáhaldsflík frá hönnuðinum segir hún að það sé ekki einhver ein flík, heldur margar af sama meiði sem hún hafi alltaf jafnmikið dálæti á. „Ég held mjög mikið upp á alls konar hnepptar peysur frá Steinunni og nota þær rosalega mikið, bæði í vinnunni og líka dags daglega." Spurð hverju hún sækist eftir þegar hún velur föt segir Eva María aðallega skipta máli að fötin séu frjálsleg, þægileg og ekki of áberandi. „Látlaus ... en ekki púkaleg."

Þóra Arnórsdóttir hefur klæðst fötum frá STEINUNNI en hún gengur þó líka í fötum frá Birnu fatahönnuði.

„Fötin hennar Steinunnar eru þægilegustu föt í heimi og svo eru þau líka falleg," segir Þóra Arnórsdóttir umsjónarmaður Útsvars sem er á dagskrá RÚV á föstudagskvöldum. „Leikmyndin okkar er mjög litaglöð og því hentar fatnaður Steinunnar mjög vel því hann er einfaldur." Þóra segir að RÚV sé ekki með stílista á sínum snærum en hún fái lánuð föt til að vera í á skjánum.

„Það er gaman að fá lánuð dýr föt sem maður hefði aldrei efni á að kaupa sjálfur," segir Þóra. Hún segir að það séu ekki samantekin ráð að vera í eins fötum og Eva María, þetta hafi bara hirst þannig á. „Vinkona mín vinnur í versl-un Steinunnar og þannig kom þetta til," segir hún.



KVENLEGT OG SEXÍ: Föt Steinunnar eru innblásin af íslenskri náttúru.

# borgin mín PARÍS

Helga Arnardóttir fréttamaður

## Gleymir stund og stað

**BESTA BORGIN MÍN:** París.

**MORGUNVERÐURINN:** Á litla kaffihúsinu Les Puces í Montmartre hverfinu fær maður dýrindis morgunverð, egg´s benedikt og mímósu.

**SKYNDIBITINN:** Ég myndi nú bara segja Crépes með súkkulaði nutella og banönum. Það slær öllum hamborgurum við.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Þó ég hafi nú bara farið með vinkonu minni á veitingastaðinn á efstu hæð Pompidou safnsins þá held ég að það sé æðislega rómantiskur staður fyrir pör. Þar er útsýni yfir alla borgina, rauðar rósir á borðum og tilvalið að panta sér eitt glas af kampavíni.





**LÍKAMSRÆKTIN:** Tja ég færi nú örugglega ekki í líkamsrækt í París, andrúmsloftið er of rólegt þar. Ég held engu að síður að besta líkamsræktin sé endalaust labb um borgina.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Þegar stórt er spurt! Ég segi pass við þessari.

**BEST VIÐ BORGINA:** Það besta við París er að maður gleymir stað og stund. Í mínu starfi er það stundum nauðsynlegt.

# Beðið eftir Bobbi

Íslenskar konur ættu að geta fagnað því Bobbi Brown er á leið til landsins. Frú Brown starfaði lengi sem förðunarfræðingur áður en hún lét framleiða eigin línu. Litavalið þykir glæsilegt enda hentar það bæði ljósum og dökkum litarhætti. Litirnir eru alls ekki framúrstefnulegir heldur notendavænir og hún leggur mikið upp úr því að vörurnar lykti sem minnst. Að mati Bobbi eiga konur að mála sig til að undirstrika fegurðina og lumar hún á mörgum góðum trixum til að konum finnist þær ljóma. Vörurnar munu fást í Debenhams á næstu vikum.














**DÆMI UM VERÐ**
Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm með heilsudýnu (90x200)
**kr. 10.740** í 12 mánuði eða
**kr. 128.900** staðgreitt

# VAXTALAUSIR DAGAR



## ÚTSALA - ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR Á SVEFNHERBERGISHÚSGÖGNUM!



## ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

Nú getur þú eignast rúmið sem þér langar í og skipt greiðslunni niður á 12 mánuði með Vísa eða Euro og ekki greitt krónu í vexti.




COMFORT solutions®
By King Koil®

Good Housekeeping Promises

**DÆMI UM VERÐ**
King Koil Comfort Solution Avery (Queen size 153x203)
**kr. 8.950** í 12 mánuði eða
**kr. 107.500** staðgreitt

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

## MIKIÐ ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA RAFSTÝRÐRA RAFMAGNSRÚMA FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

## 3 HÆÐIR Á SÖLU FYRIR 84 MILLJÓNIR:

# Fullkomið húsnæði fyrir Völu Matt!

Listamaðurinn og hönnuðurinn Guðlaug Halldórsdóttir hefur sett húsnæði verslunar sinnar, 3 hæðir, á sölu. Húsnæðið er 201 fermetri og hefur verið endurnýjað mjög mikið en Gulla lét síkka gluggana, klæða húsið að utan og laga alla inniviði þess. Gulla, sem er þekktur fagurkeri, segir að hún standi á tímamótum og hana langi til að sinna sköpunargyðjunni og listamanninum.

„Verslunarrekstur tekur ógurlega mikinn tíma. Upphaflega vorum við tvær með 3 hæðir og þá var hugsunin að hún sæi um viðskiptahliðina og ég gæti sinnt hönnuninni með. Eftir að hún fór út úr þessu hefur allt verið á mínum herðum og þetta er einfaldlega of mikið. Ég þarf að hafa rými til að skapa," segir Gulla. Í versluninni 3 hæðir rekur Gulla kaffihús á efstu hæðinni en á hinum tveimur er hún með verslun þar sem seld er merkjavara eftir fræga hönnuði. Þegar hún er spurð að því hvort það sé markaður fyrir svona dýrar vörur segir hún svo vera.

„Þetta snýst voðalega mikið um markaðssetningu en ég held að það sé alveg markaður fyrir svona vörur. Ég hef fengið mikla útrás við að raða upp og gera útstillingar en nú er mig farið að klæja í puttana að sinna sköpuninni meira," segir hún. Á tímabili starfaði Gulla með Völu Matt við þættina Veggfóður og Innlit/útlit. Vala er mjög hrifin af 3 hæðum og myndi helst vilja búa þar sjálf.

„Mér finnst endurbæturnar á húsinu og nýja framhliðin svo ótrúlega flott en þetta minnir á vel heppnaðar viðbyggingar á húsum í erlendum stórborgum. Ég er sérlega hrifin af glerhandriðinu og kaffihúsinu uppi á efstu hæðinni en þar er kaffibar sem er alveg einstakur. Á efstu hæðinni eru loftgluggar og ótrúleg birta. Öll efnisvinnsla er einstaklega skemmtileg og svolítið hrá og alveg í þeim anda sem ég gæti hugsað mér að búa í. Svo hefur mig alltaf dreymt um að eiga lítinn veitingastað," segir Vala Matt og lætur sig dreyma.

„Ég ætti kannski bara að kaupa þetta, færa kaffihúsið niður og flytja á efstu hæðina," segir Vala og hlær.

*martamaria@365.is*



GUÐLAUG HALLDÓRSDÓTTIR, HÖNNUÐUR OG EIGANDI VERSLUNARINNAR 3 HÆÐIR


SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Tímarnir okkar | — | Sprengjuhöllin |
| 2 | Iceland airwaves 2007 | N | Ýmsir |
| 3 | Hold er mold | N | Megas og Senuþjófarnir |
| 4 | Pictures | ↓ | Katie Melua |
| 5 | Forever | ↓ | Pavarotti |
| 6 | Síðasta vetrardag CD/DVD | N | Síðan skein sól |
| 7 | Human Child/Mannabarn | ↓ | Eivör |
| 8 | Complete Clapton | ↓ | Eric Clapton |
| 9 | Human Child | ↓ | Eivör |
| 10 | Pottþétt 44 | ↓ | Ýmsir |
| 11 | All The Last Souls | ↓ | James Blunt |
| 12 | The first Crusade | ↑ | Jakobínarína |
| 13 | Frágangur | ↓ | Megas og Senuþjófarnir |
| 14 | Íslandslög 1-6 | ↓ | Ýmsir |
| 15 | Íslandslög 7 | N | Ýmsir |
| 16 | Magic | — | Bruce Springsteen |
| 17 | Forever | A | Gus Gus |
| 18 | Cortes 2007 | ↑ | Garðar Thor Cortes |
| 19 | Please Don't Hate Me | A | Lay Low |
| 20 | Wine For My Weakness | N | Pétur Ben |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

## VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Football Manager 2008 |
| 2 | Fifa 08 |
| 3 | Crash of the Titans |
| 4 | Heroes of Might & Magic Tribes |
| 5 | Counter-Strike Source |
| 6 | Simpsons Hit and Run |
| 7 | Sims 2 Bon Voyage |
| 8 | Halo 3 |
| 9 | NBA Live 08 |
| 10 | Neverwinter Nights 2 Betrayer |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Mýrin |
| 2 | SPIDER-MAN 3 (2 DISC) |
| 3 | Arthur og Minimóarnir |
| 4 | Köld Slóð |
| 5 | TMNT (2007) |
| 6 | Death Proof |
| 7 | 300 |
| 8 | Zodiac DVD |
| 9 | Simpsons Season 10 |
| 10 | The Illusionist |
| 11 | Delta Farce |
| 12 | Perfect Stranger |
| 13 | Sunshine |
| 14 | John Tucker Must Die |
| 15 | 28 Weeks Later |
| 16 | Apocalypto |
| 17 | Shooter |
| 18 | The Sentinel |
| 19 | Blades of Glory |
| 20 | Little Miss Sunshine |

Listinn gildir 25. október - 1. nóvember 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Næld þér í eintak

S·K·Í·F·A·N


T2 BER NÚ NAFN MEÐ RENTU:
Ávaxta toppur®
MEÐ ALVÖRU ÁVAXTABRAGÐI
NÝTT! Ávaxta Toppur -appelsínubragð
Nýtt nafn
Nýtt útlit
Sama góða bragðið
Ný bragðtegund
H:N markaðssamskipti / SÍA
Ávaxta Toppur inniheldur hreinan ávaxtasafa og aðeins þriðjung hitaeininga sambærilegra drykkja. Smakkaðu frískandi Ávaxta Topp og láttu ferskleikann hríslast um þig.
Alvöru ávöxtur - alvöru bragð
a product of The Coca-Cola Company
"Ávaxta Toppur" is a trademark of The Coca-Cola Company.
© 2006 The Coca-Cola Company. All rights reserved.
Ávaxta toppur®

MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR LEIKKONA HEFUR ALLTAF HAFT GAMAN AF SKEMMTILEGUM BÚNINGUM OG SMELLPASSAR ÞVÍ INN Í LEIKHÚSIÐ.

# STÍLLINN FER EFTIR SKAPINU

Ég hef alltaf haft áhuga á fötum en þegar ég var barn og unglingur snerist þessi áhugi minn frekar um flotta og öðruvísi búninga," segir Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona. Hún var dugleg að gramsa í fötum fjölskyldunnar þegar hún var lítil. Maríanna Clara kaupir sín föt hér á Íslandi aðallega í verslunum með notuð föt eða í litlum, flottum hönnunarbúðum í London og Berlín. „Svo þegar maður á stórafmæli eins og ég átti á árinu fer ég gjarnan í Trilogiu, Kron og Kvk," segir hún en Maríanna er mjög hrifin af íslenskri hönnun. Beðin um að lýsa smekk sínum segist Maríanna Clara hrifin af kjólum. „Ég er annars vegar mjög hrifin af gullárum Hollywood og hins vegar einföldum gallabuxum og minni glamúr. Það fer eiginlega bara eftir skapi og ég tek hlutina helst alla leið," segir hún. „Ef ég er í kjól reyni ég að greiða mér í stíl og finna skó sem passa við svo þetta jaðrar stundum við að vera búningar," segir hún og bætir við að þar sem hún sé með þetta búningaæði sé skemmtilegt að vinna í leikhúsi en Maríanna leikur í Killer Joe þessa dagana. Maríanna Clara segist vera meira fyrir sumarið þegar kemur að fötum enda sé fjölbreytnin meiri þegar hlýrra sé í veðri. „Ég á ekki margar hlýjar kápur og kuldaskó til skiptanna enda eru þessir hlutir í dýrari kantinum. Á sumrin geturðu hins vegar leyft þér meiri fjölbreytni. Ég er samt ánægð með árstíðabreytingarnar hérna því þannig verður stemningin ólík. Ég held ég yrði leið á að búa til dæmis í Flórída og ganga alltaf í svipuðum fötum. En ég vildi alveg að það væri aðeins hlýrra hérna," segir hún brosandi að lokum.

*indiana@frettabladid.is*



**ELSKAR GLINGUR** Maríanna Clara segist kunna að meta glingur meira með aldrinum. Spöngina fékk hún í KVK á Laugaveginum.



**GAMALDAGS** „Ég fékk þennan gamaldagshatt í Rokki og rósum en þetta er svona hetta með fjöður sem maður tyllir á kollinn."






**FRÚIN Í HAMBORG** „Þennan dökkgræna jólakjól keypti ég á Akureyri í Frúnni í Hamborg en ég mæli mikið með þeirri búð."



**ELSKAR BÚNINGA** Maríanna Clara heldur mikið upp á þennan ljósbláa kjól sem gæti þess vegna verið frá árinu 1920.



**DANSANDI ELDHAF** „Þennan keypti ég fyrir Grímuna þegar ég var tilnefnd fyrir Killer Joe. Ég átti engan pening en fann þennan í Spútnik á aðeins 7 þúsund."



**LADEN ROOM** „Töskuna keypti ég í uppáhaldsbúðinni minni í London, Laden Room. Þangað fer ég alltaf og kaupi mér hönnun ungra hönnuða á góðu verði."



**VIÐ EXTREME TÆKIFÆRI** „Ég keypti þennan skærgula kjól í Spútnik fyrir tveimur árum en hann hentar vel sem gleðiog árámótadress auk þess sem ég var í honum á gaypride balli." /MYND VÖLUNDUR

**ÚTSKRIFTARKJÓLLINN** „Ég keypti þennan kjól fyrir útskriftina úr leiklistardeildinni og hef notað hann heilmikið. Hann gæti þess vegna verið brúðarkjóll ef ég væri með slör."




DYNAMO REYKJAVIK



# Komdu við hjá okkur og sparaðu pening á leiðinni í bíó!

ÍÞRÓTTAHETJAN er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna og okkur hjá Byr er sönn ánægja að bjóða þér á myndina.

Komdu í heimsókn, tæmdu baukinn þinn og þú færð 2 miða á myndina.*
– góða skemmtun!

ÍÞRÓTTAHETJAN verður frumsýnd 26. október.

BYR
SPARISJÓÐUR

*Gildir á meðan birgðir endast.

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

EINAR OG FJÖLSKYLDA ERU FLUTT TIL BRETLANDS SVO EINAR GETI EINBEITT SÉR AÐ FERLI GARÐAR THORS CORTES EN EINAR SEGIR TÍMASPURSMÁL HVENÆR GARÐAR MUNI SIGRA HEIMINN

# Tröllið sem stelur jólabókaflóðinu

„Það er skrítið að koma á framfæri einhverju um sjálfan sig. Ég, sem er vanur að hafa það þægilegt á hliðarlínunni og ýta hlutum annarra áfram, er nú kominn með andlitið á mér framan á þessa bók. Þetta er ný reynsla en ég hef bara gott af henni,“ segir Einar Bárðarson athafnamaður, oftast nefndur umboðsmaður Íslands. Arnar Eggert Thoroddsen blaðamaður hefur ritað bók um reynslu Einars úr bransanum. Hægt er að fullyrða að af nógu sé að taka enda hefur Einar verið viðloðandi tónlistarheiminn frá því hann var unglingur á Selfossi. Hann átti stóran þátt í velgengni Skítamórals á sínum tíma en varð heimsfrægur á Íslandi eftir dómarastörf sín í Idol-stjörnuleit, þar sem hann var andstæða Bubba Morthens, og X-factor. Einlægur, sanngjarn og óhræddur við að flíka tilfinningum sínum vann hann hug og hjörtu áhorfenda.

### Ekki hræddur við viðkvæm egó

Bókin ber nafnið Öll trixin í bókinni en samkvæmt Einari kom til greina að titillinn yrði Rokkað feitt. „Ég vildi það nafn því verða ekki menn að fá eitthvað fyrir peninginn,“ segir Einar sem hefur greinilega húmor fyrir sjálfum sér en bætir við að í bókinni sé hann að miðla reynslu sinni af afþreyingariðnaðnum. „Ég held samt að þessi „trix“ ef svo mættu kallast gætu gagnast öllum þeim sem vilja taka á honum stóra sínum og ekki bara í tónlistarbransanum. Þetta er ekki sjálfshól á neinn hátt því þarna er margt sem ég hef lært af biturri reynslu og ég reyni að vera heiðarlegur í því sem og hinu sem manni hefur fundist ganga vel.“ Aðspurður af hverju Arnar Eggert hafi orðið fyrir valinu segir Einar að Kristjáni B. Jónassyni, sem ritstýrir bókinni, hafi litist vel á Arnar. „Þessi bók er upphafleg hugmynd Kristjáns og ég tók vel í að fá Arnar til að gera þetta því við höfum fylgst svolítið að þótt við nálgumst geirann hvor á sinn hátt. Hann hefur alveg tekið plötur sem ég hef komið að og slátrað þeim á síðum Moggans en einnig hælt öðru þegar ég hef átt það skilið. Þetta er engin montbók og þar af leiðandi þurfti ég einhvern heiðarlegan til að skrifa þetta af raunsæi því ég geri stólpagrín að sjálfum mér, hæli mönnum og læt aðra fá það óþvegið.“ Einar segist ekki óttast að hann móðgi viðkvæm egó íslenskra stjarna þótt margar sögurnar séu djúsí og hafi ekki birst áður. Ein þeirra fjallar um þegar hann afstýrði slysi í Séð og heyrt þegar stjörnuparið Birgitta Haukdal og Jóhann Bachmann trommuleikari hættu saman. „Eitt af trixunum í þessum bransa er hvernig maður slær vopnin úr höndum fjölmiðla. Fæstir gera sér líklega grein fyrir að vinnan sem fer í að stýra einhverju fram hjá augum almennings er ekki minni en að koma einhverju í blöðin. Ég er samt ekkert hræddur um að móðga neinn. Erlendu stjörnurnar sem ég fjalla um tala ekki íslensku og það er hvort sem er ekkert meiðandi í þessari bók. Þeir sem þekkja mig vita að ég er ekki þannig. Þetta er fyrst og fremst hugsað til að hafa gagn og gaman af,“ segir Einar og bætir við að honum hafi fundist þörf fyrir svona bók. „Ég trúi að það sé margt gagnlegt í henni fyrir ungt fólk sem er að fara út í baráttuna, hvort sem það er tónlist, leiklist eða annað í atvinnulífinu. Þarna lýsi ég því þegar ég var að stofna mín fyrirtæki og vinna að mínum hugmyndum en ég hafði enga svona bók til að glugga í þótt það sé til mikið af erlendum bókum. Markaðurinn fyrir þessa bók er kannski ekki stór en þeir sem hafa gaman af henni munu fá mikið fyrir peninginn.“



UMBOÐSMAÐUR ÍSLANDS „Manni fannst þetta eitthvað hálf hallærislegt og mér fannst lengi að ég yrði að gera eitthvað annað og meira sem leiddi mig í háskólanám.“



DRAUMAR UM FRÆGÐ OG FRAMA „Þegar Garðar er kominn í fremstu raðir mun hann geta notið afrakstursins í tugi ára á meðan sönghópur eins og Nylon verður ekki túrandi á leikvöngum á efri árum. Maður á samt aldrei að segja aldrei. Eru Spice Girls ekki farnar af stað aftur?“

### Fjölskyldan flutt til Bretlands

Síðustu árin hefur Einar verið með annan fótinn úti í Bretlandi þar sem hann hefur unnið hörðum höndum að frægð og frama hljómsveitarinnar Nylon. Nú hefur Garðar Thor Cortes bæst í hópinn og Einar er svo sannfærður um að Garðar Thor eigi eftir að slá í gegn að hann hefur flust búferlum og í dag býr fjölskyldan í bítlabænum Esher í Bretlandi. „Ég hafði verið með vinstri fótinn hér úti lengi en þann hægri heima en hef nú snúið því við og er farinn að keyra á vinstri helmingnum í kjölfarið,“ segir hann brosandi og bætir við að ef Garðar Thor verði ekki heimsfrægur sé það honum, Einari, sjálfum að kenna. „Hann er stærsta verkefnið mitt þessa dagana en aðrir fá að njóta góðs af hans velgengni eins og Garðar naut góðs af reynslunni sem við öfluðum okkur með Nylon. Nylon er að gefa út safnplötu og strákabandið Luxor kemur með plötu í næstu viku svo það er nóg að gera heima líka þótt fókusinn sé aðallega úti,“ segir hann.

Einar og eiginkona hans Áslaug Thelma Einarsdóttir seldu íbúð sína á Hagamelnum en hafa fjárfest í minni íbúð til að hafa aðhvarf hér heima líka. „Mér og fjölskyldunni líkar vel hér úti og við höfum komið okkur fyrir í húsi rétt utan við mesta skarkalann og erum ekki nema hálftíma í lest til borgarinnar sem þykir ekki mikið,“ segir hann en dóttir þeirra Áslaugar er að verða 18 mánaða. „Dóttir okkar er hér í góðu yfirlæti en í næsta húsi við okkur er hestabúgarður sem minnir helst á sveitina hjá afa og ömmu. Við vöknum saman alla daga og horfum á Latabæ og íþróttaálfinn og finnum varla fyrir því að vera flutt. Það er sama hvenær dagsins við kveikjum, Latibær er alltaf í gangi og það er gaman að fylgjast með hversu vel þetta gengur. Svo les maður bara fréttir Fréttablaðsins á netinu og hlustar til skiptis á Bylgjuna eða Rás 2 í gegnum netið auk þess sem það tekur aðeins tvo tíma að fljúga heim. Það er styttra en að keyra til Akureyrar.“

Einar viðurkennir að atvinnuheitið „umboðsmaður“ hafi truflað hann í byrjun ferilsins og í bókinni talar hann um að hafa alltaf ætlað að finna sér „alvöruvinnu“. „Manni fannst þetta eitthvað hálf hallærislegt og mér fannst lengi að ég yrði að gera eitthvað annað og meira sem leiddi mig í háskólanám. Eftir nám í markaðsfræði og starf við hæfi uppgötvaði ég að ég var einfaldlega ekki að finna mig í þessari „venjulegu“ vinnu. Árið 2001 stofnaði ég fyrirtæki sem seinna varð að Concert og bjó ég til „venjulegt“ starf úr þessum draumum. Maður er ekki enn orðinn ríkur af þessu brölti en vonandi uppsker maður einhvern tímann.“

### Jógvan langflottastur

Einar segir aldrei að vita nema hann komi aftur fram í íslenskum hæfileikaþáttum á borð við X-factor og Idol-stjörnuleit. „Ég býst allt eins við að taka þátt í X-factor þegar sá þáttur byrjar aftur og



# heilsa og hreyfing

FÖSTUDAGUR 26. OKTÓBER 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




TENGI

Sundance® Spas

-heilsunuddpottar

Sundanc Spas heilsunuddpottarnir stuðla að náttúrulegri slökun, þar sem þú endurhleður líkama og sál.

TENGI

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051



Sindri Snær Sigurðsson athugar hvort bitið hafi á meðan Einar Már Másson mundar veiðistöngina.



Tímarnir eru hápunktur vikunnar hjá mörgum krakkanna.




Lilja Mist Sigurðardóttir leikur listir sínar á dýnunni.



Helga Lára Jónsdóttir sveiflar sér í kaðlinum.

# Hápunktur vikunnar

**Tvisvar í viku hittast nokkrir krakkar í Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að hreyfa sig, leika og skemmta sér.**

„Það er stórkostleg mæting hjá okkur og krakkarnir eru mjög spenntir að koma enda er þetta hápunktur vikunnar hjá mörgum þeirra,“ segir Harpa Ýr Erlendsdóttir, iðjuþjálfi hjá Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, en hún sér um marga af þeim hópum sem koma á Æfingastöðina til að hreyfa sig og leika. Þegar Fréttablaðið bar að garði var hópur krakka úr öðrum og þriðja bekk að gera ýmsar æfingar í köðlum og fimiæfingar á dýnum og skemmti sér hið besta. „Þessi hópur er íþróttahópur þar sem lögð er áhersla grófhreyfingar og félagsfærni,“ segir Harpa Ýr en krakkarnir koma tvisvar í viku, 40 mínútur í senn. „Í leiðinni erum við að skapa þessum börnum tækifæri til að efla sjálfstraust í gegnum leik og samskipti og hvetja þau til aukins áhuga á hreyfingu og tómstundum,“ segir Harpa Ýr og bætir við: „Samfara grófhreyfingunni erum við einnig að vinna með hugmyndafræði reynslunáms þar sem hver tími er tengdur þema og markmiði eins og trausti, virðingu, samvinnu og hugrekki.“ *solveig@frettabladid.is*




Pétur Ingi Ágústsson gerir styrkjandi æfingu.



Harpa Ýr Erlendsdóttir iðjuþjálfi og Jórunn Hafsteinsdóttir sjúkraþjálfari skemmta sér ljómandi vel með krökkunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



● **ÆTIÞISTILL RÓAR MAGANN** Ætiþistill hefur verið notaður í matargerð allt frá sextándu öld þegar hann var eftirlætismatur kóngafólks. Plantan er ekki eingöngu bragðgóð heldur líka meinholl.

Ætiþistill hefur verið notaður í lækningaskyni við meltingartruflunum frá því að Forn-Egyptar uppgötvuðu notagildi hans. Lauf ætiþistils innihalda efni sem gagnast vel gegn hinum ýmsu meltingarkvillum og víða í Evrópu er þykkni úr ætiþistlum vinsæl meðferð við slíku, sérstaklega eftir fituríkar máltíðir. Þetta sama þykkni hefur verið notað til að meðhöndla hátt kólesteról og þríglýseríð auk þess sem sumar kannanir sýna fram á að oxun ætiþistilsins hafi verjandi áhrif gegn æðakölkun. *(Af heilsa.is)*

# Veikar söguhetjur

Hefur þú einhvern tímann velt því fyrir þér hvað amaði að söguhetjum klassískra bókmennta?

Skáldsagan Sense and Sensibility eftir Jane Austen segir af hinum snauðu Dashwood-systrum, hinni skynsömu Elinor og hinni rómantísku Marianne. Í bókinni verður Marianne tvisvar veik. Í fyrra skiptið er hún lystarlaus og liggur við yfirliði og í seinna skiptið fær hún háan hita. Í dag væru fyrri veikindi hennar skilgreind sem flekkusótt, en Marianne var nýkomin frá Lundúnum þar sem flekkusótt var tíð, og í seinna skiptið þjáðist hún af streptókokkasýkingu.

Í ástarsögunni Wuthering Height eftir Emily Brontë deyja ellefu sögupersónur flestar eftir grunsamlegt kvef sem gæti hafa verið berklar, en vitað er að fjölskylda Brontë stráféll úr berklum á sínum tíma. Brontë skrifaði því af reynslu, en það kemur þó fram að Cathy dó af barnsförum.



Charles Dickens

Í Bleak House skrifar Charles Dickens um heilsuspillandi aðstæður í stórborgum. Bólusótt herjar á margar sögupersónur hans en kólera var miklu meiri plága á tímum Dickens. Dickens reynir að sannfæra lesendur um að lafði Dedlock hafi dáið úr bólusótt eftir að hafa gengið frá Lundúnum til St. Albans og náð sér í banvæn óhreinindi í kirkjugarði tveimur árum áður. Meðgöngutími bólusóttar er fáeinir dagar, svo hvað amaði að lafðinni? Hún gat tæplega hafa geispað golunni eftir þetta labb jafnvel þótt skór hennar hefðu orðið gegndrepa. Sérfræðingar nú leggja til sjálfsvíg því lafðin notaði ópíumdropa sem smám saman rændu hana lífinu.



Þrátt fyrir að aikido sé í eðli sínu bardagalist er meiri áhersla lögð á varnarhlutann en árásarhlutann. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Allir ómeiddir í lok bardaga

**Pálmi Símonarson segir að aikido-bardagalistin hafi verið kennd hér á landi í um fimmtán ár og hefur sjálfur stundað íþróttina í tólf ár. Lögð er meginánersla á sjálfsvörn og að báðir aðilar standi eftir ómeiddir að loknum bardaga.**

„Það hefur verið hægur en góður stígandi í þessu hjá okkur frá upphafi og sérstaklega hefur bæst við fólk á þessu ári og í fyrra,“ segir Pálmi og bætir því við að fyrir um þremur árum hafi verið farið að kenna krökkum íþróttina líka. „Við erum annars vegar með krakka á aldrinum sjö til tólf ára og hins vegar unglingahóp á aldrinum þrettán til sextán ára. Svo erum við náttúrulega með fullorðinshóp fyrir utan það.“

Þrátt fyrir að Aikido sé í eðli sínu bardagalist er meiri áhersla lögð á varnarhlutann en árásarhlutann. „Í raun er þetta ekki einvörðungu sjálfsvarnaríþrótt heldur er miklu meira í þessu. Fólk lærir að stjórna líkamanum, hvernig hann virkar og hvernig á að bregðast við ákveðnum aðstæðum sem koma upp,“ segir Pálmi og tekur fram að mun meira gagn sé að því en sjálfsvörn einni og sér því fæstir lendi í þeirri aðstöðu að þurfa að grípa til sjálfsvarnar. „Sumir koma í aikido til að fá líkamsrækt, aðrir til að læra eitthvað nýtt og enn aðrir til að læra einhver sjálfsvarnarviðbrögð.“



Pálmi Símonarson hefur stundað aikido-bardagalistina í tólf ár og er orðinn vel að sér í sjálfsvörninni. Anna María skellir kennaranum hér með fjógurra átta kasti. MYND/JÓHANN PÁLL KRISTBJÖRNSSON

Aikido er ekki keppnisgrein heldur segir Pálmi að greinin byggist á ákveðinni samvinnu í því að bæta sig. „Það er alltaf æft í pörum, þar sem lært er að eiga samskipti við einhvern annan með líkamanum, sækja og verjast. Aikido er japönsk sjálfsvarnarlist sem varð til á fyrri hluta tuttugustu aldar og var sett saman úr ýmsum eldri sjálfsvarnaríþróttum,“ segir Pálmi og bætir því við að grunnhugmyndin með íþróttinni hafi verið sú að búa til bardagalist þar sem báðir aðilar gætu staðið eftir nokkurn veginn ómeiddir.

sigridurh@frettabladid.is



Pálmi Símonarson, kennari í Aikido á æfingu

Nýtt! PÚLSÞJÁLFUN Örugg leið til árangurs

NORDICASPA

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla







**Púlsþjálfun – brennsla og styrking.** Þrír hóptómar í viku með áherslu á brennslu, þol og styrk. Þú æfir alltaf með púlsmæli til þess að tryggja að þú sért í hámarksfitubrennslu. Öruggasta leiðin til að æfa á réttu álagsstigi.
**Styrktaræfingar/Supersett.** Til að hámarka brennslu og styrk, tveir tímar í tækjasal undir leiðsögn þjálfara.
**Vikuleg mæling.** Vigtun, fitu- og ummálsmæling.
**Ítarlega næringarráðgjöf** – 2 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringuna og hugann.
**Lífsorka.** Lærðu að borða rétt til þess að auka brennsluna, bæta meltinguna, auka orkuna, bæta svefn og minnka sykurþörf.

**Leyndarmálið.** Að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarhátt sem veitir þér það sem þú þráir.
**Vikulegur fróðleikur** – Einfaldar uppskriftir ásamt góðum ráðum.
**Heilsudrykkur** í lok hverrar æfingar.
**Slökun og herðanudd** í pottunum eftir æfingu.
**Þjálfari** er Gunnar Már Sigfússon einkaþjálfari.
**Takmarkaður fjöldi** í hverjum hópi.
**Tímar** kl. 6:30, 7:30, 10:00. 16:30 og 18:30.

**Ný námskeið hefjast 5. nóvember.**
**Skráning** er hafin í síma 4445090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

**HREYFI GREINING**

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

# Í form á fínum stað!

## Nýtt námskeið að hefjast í kraftfimi





### Kraftfimi = styrkur – þol – liðleiki

- Nýtt 7 vikna opið námskeið hefst mánudaginn 29. október
- Baldur og Birkir hafa umsjón með tímum
- Kl. 6.15 mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
- Opið fyrir korthafa en kr. 11.900 fyrir aðra
- Byrjaðu daginn snemma og komdu brennslunni í gang
- Eftir púlið ertu tilbúinn fyrir daginn – fullur orku

Sjáumst

**Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og stundaskrá á www.hreyfigreining.is**




**HREYFI GREINING**

SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT

Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is













Ebba Guðný Guðmundsdóttir er höfundur nýrrar bókar um mataræði barna frá því brjóstagjöfinni einni sleppir. Börn á öllum aldri, og raunar öll fjölskyldan ,geta gert sér glaðan dag og eldað eftir uppskriftum og hollráðum bókarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Heimagerður barnamatur er engin geimvísindi

**Lengi býr að fyrstu gerð, en það er einmitt hugsjón rithöfundarins Ebbu Guðnýjar Guðmundsdóttur sem nú hefur skapað langþráð þarfaþing fyrir foreldra ungra barna í bókinni „Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?“**

„Nokkru áður en ég ól frumburð minn hafði ég breytt mataræði mínu því það var ýmislegt í fæðuvalinu sem ég fann að gerði mér illt. Árangurinn lét ekki á sér standa svo ég fékk mikinn áhuga á þessu og fór á stúfana að leita að íslenskri bók um heilnæmt mataræði barna þegar dóttir mín fæddist,“ segir Ebba Guðný. Hún kom að tómum kofanum í bókabúðum hér á landi, en fann úrvals bækur um hollt mataræði og lífshætti barna í útlöndum.

„Ég hafði mikla trú á að að hollt mataræði mundi auka lífsgæði barna, ef þau væru frá byrjun vanin á grænmeti, ávexti og heilt korn. Þess vegna fór ég að




prófa mig áfram og skrifa hjá mér margt af því sniðuga sem ég varð vísari ásamt því að búa til uppskriftir. Fljótlega var þetta orðinn svo mikill fróðleikur og safn góðra uppskrifta að ég ákvað að gefa út þessa bók svo að fleiri gætu nýtt sér það sama og ég hafði svo lengi leitað að,“ segir Ebba Guðný, en bókin er væntanleg í bókabúðir í nóvember.

„Það er óskaplega einfalt að búa til góðan og hollan barnamat, og alls engin geimvísindi, ef maður hefur réttu upplýsingarnar og kann til verka. Bókin er notendavænt uppflettirit með fróðleik, hagnýtum upplýsingum og fjölda uppskrifta. Fólk hikar oft við að matreiða úr grænmeti, baunum, fisk og annarri hollustu fyrir börn sín, en mikilvægt er að hafa grænmeti og ávexti sýnilega á heimilinu. Mín reynsla er nefnilega sú að börnum þykja ávextir góðir og grænmeti, enda fæðast þau með smekk fyrir náttúrulegri og ferskri fæðu,“ segir Ebba Guðný, en matseldin í bókinni er hugsuð fyrir börn eftir sex mánaða aldur og upp úr.

„Í bókinni er ítarlegur listi yfir það hvenær gefa má barni ákveðnar fæðutegundir, ýmislegt um þroska og verkun ávaxta og grænmetis, listi yfir tólin sem gott er að eiga til matargerðarinnar og fullt af góðum, einföldum og fljótlegum uppskriftum fyrir alla fjölskylduna. Ef við byrjum strax að gefa börnum okkar fjölbreytta og holla fæðu verður eftirleikurinn auðveldari og maður lendir ekki í því seinna að þurfa að breyta mataræði allrar fjölskyldunnar.“

thordis@frettabladid.is

# Of mikið gras eykur sársaukann

Linandi áhrif kannabisreykinga á sársauka hafa lengi verið þekkt og er notkun kannabisefna í læknisfræðilegum tilgangi leyfð í Kanada og Hollandi. Ný bandarísk rannsókn sem birt var í tímaritinu „The Journal of Anesthesiology“ sýnir hins vegar að of miklar kannabisreykingar geti aukið frekar en minnkað sársauka.

Rannsakendurnir frá háskólanum í Kaliforníu fundu að sársauki mætti lina með því að reykja dálítið af marijúana en hins vegar hafði stór skammtur þveröfug áhrif.

Fimmtán sjálfboðaliðar voru sprautaðir undir húð með efninu capsaicin sem unnið er úr chilipipar til þess að búa til sársauka. Þeim var gefið kannabis að reykja í misstórum skömmtum.

Eftir fimm mínútur fann enginn sjálfboðaliðanna breytingu á sársaukanum. Þremur korterum síðar fundu þeir töluverðan mun sem reykt höfðu í hófi en þeir sem höfðu reykt mikið töldu sársaukann hafa aukist. Víman var þó mun meiri hjá þeim síðarnefndu.

Einhverjar efasemdir eru um hvort slík rannsókn á annars heilbrigðu fólki geti gefið raunhæfar vísbendingar um áhrif kannabis á þá sem þjást af krabbameini eða MS, en í auknum mæli er litið á kannabisreykingar sem raunhæfan kost til að lina sársauka.



Linandi áhrif kannabisreykinga á sársauka hafa lengi verið þekkt. Nú bendir ný rannsókn til þess að of miklar reykingar hafi þveröfug áhrif.

Frétt af vef BBC.




Útilíf Smáralind, Kringlunni og Glæsibæ, Intersport Bíldshöfða og Smáralind, Maraþon Kringlunni og Laugavegi, Fitnesssport Laugum, Músík&Sport Hafnarfirði.
Landsbyggðin: Sportver Akureyri, Skógar Egilsstöðum, Hafnarbúðin Ísafirði, Ozone Akranesi, Sportbær Selfossi.
SPORTÍS
Heildverslun

**● TÆRNAR Í FYRIRRÚMI** Fæturnir og tærnar okkar þurfa mikla ást og umhyggju svo ekki komi upp vandamál eins og líkþorn, inngrónar neglur og sveppur. Regluleg fótaböð eru alveg nauðsynleg og tilvalið að skella sér í eitt slíkt vikulega á meðan setið er yfir sjónvarpinu. Til eru góð sölt sem hægt er að setja út í vatnið sem mýkja fæturna og gera fótabaðið að hreinum unaði.





**● PAPRIKAN RAUÐ OG GÓÐ** Í rauðri papriku er þrefalt það magn af C-vítamíni sem finnst í sítrusávöxtum. Hún er þar að auki uppfull af beta-karótíni, trefjum og B6-vítamíni. Hún er bráðholl og gott að borða hana eina og sér, á brauði með kotasælu, eða í salati. Þrælgott er að grilla hana, setja hana í pottrétti eða fylla með hrísgrjónum og öðru góðgæti. Þar að auki er hún falleg á litinn og sæt á bragðið. Hægt er að geyma papriku í plastpoka í allt að eina viku.




# Spinning, halelúja!

**Jesús eignaðist aldrei reiðhjól en hann var ólatur við göngu og hefði vafalaust tekið á því í spinning undir taktfastri gospeltónlist þar sem vinsælasta lagið er Awesome God.**



Guðbjörn Herbert Gunnarsson, einkaþjálfari í Laugum, sem kennir gospel-spinning eldsnemma á laugardagsmorgnum þegar skynsamlegast er að taka á því ef menn vilja losna við fituna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég var búinn að minnast á þetta við Hrönn Svansdóttur, lofgjörðarleiðtoga í Fíladelfíu, sem fékk hálfgert líkamsræktaræði og breyttist úr venjulegri mömmu í fitness-ofurgellu, en við vildum hafa góð áhrif á fólk í kringum okkur og duttum niður á spinning-tíma með gospeltónlist,“ segir Guðbjörn Herbert Gunnarsson, einkaþjálfari í Laugum, sem kennir gospel-spinning á laugardagsmorgnum klukkan 8.20.

„Þessi tími er fyrir alla og mikill misskilningur að hann sé bara fyrir meðlimi trúfélaga á borð við Hvítasunnusöfnuðinn í Fíladelfíu. Fólk úr öllum trúarbrögðum sækir þessa tíma vegna þess að það upplifir mikinn styrk frá fólkinu, auk þess sem margir þrá eyrnafrið fyrir Rammstein og brjáluðu graðhestarokki sem einkennt hefur spinning til þessa,“ segir Guðbjörn, en vinsælasta lagið í tímunum er stuðlagið Awesome God.

„Í því er brjálaður andi og klapp, fólk tekur undir og það kemur svona nett gæsahúð á þetta. Það kom mér á óvart hve mikið er til af stuðlögum í gospelinu en í þrekhringnum áður en farið er í spinning er ég með 50 bestu gospellögin í undirspili og oft tekið hressilega undir meðan hamast er,“ segir Guðbjörn en til undantekninga heyrir að einhverjum misbjóði Jesúgleðin.

„Fólk er kannski dálítið feimið í fyrstu, enda fordómar gagnvart sannkristnu fólki miklir á Íslandi. Einn og einn hefur gengið út um leið og hann hefur heyrt nafn frelsarans í lagi, en flestir fíla þessa tíma í botn. Andrúmsloftið er þrungið léttleika og gleði og fólk upplifir andlegan frið á eftir. Það kveður því endurnært á líkama og sál,“ segir Guðbjörn sem endar oft tímana með samveru í heita pottinum.

„Íbúar hins vestræna heims eru mjög leitandi því þeir finna að Mammon og allt það sem fólkið hefur keypt sér til friðþægingar skilar engu. Því er mjög gaman að taka þátt í þessari vakningu og fólk mjög þakklátt. Við tökum lítil skref í einu því fordómar utan frá eru jafnan miklir, en hroki er alltaf óttamynd og mín reynsla að þeir sem sýna mestan hroka eru hræddastir og næstir í röðinni að koma inn,“ segir Guðbjörn brosmildur, og til stendur að fjölga tímunum í gospel-spinning upp í þrjá á viku í vetur.

„Þetta er svo vinsælt og vaxandi. Við tökum kærleikann á þetta allt saman, enda kom Jesús til fólksins til að elska en ekki dæma.“ *thordis@frettabladid.is*

# Heilsubrú í mörgum myndum

Bolungarvík hefur verið heilsubær í sjö ár og heldur því áfram.

„Þetta er víðtækt langtímaverkefni sem hefur skilað árangri. Íbúarnir eru meðvitaðir um getu sína og hæfileika til að velja það sem þeim hentar best í heilsurækt,“ segir Sigrún Gerða Gísladóttir, hjúkrunarforstjóri í Bolungarvík sem er hugmyndasmiður heilsubæjarins.



Brú getur bæði verið samgöngubót og tengt okkur við betra og hollara líf.

Samkvæmt frétt á vef bæjarfélagsins mættu 400 manns í sund í Bolungarvík yfir eina helgi í þessum mánuði. Þegar fréttin er borin undir Sigrúnu Gerðu segir hún. „Sund og vatnsleikfimi eiga sér langa hefð í Bolungarvík. Það er samstaða fólks sem skiptir miklu máli því allt byggist á þeim krafti sem er í samfélaginu sjálfu. Á því byggist heilsueflingin.“

Í sumar var byggð brú yfir læk sem tengir saman vinsælar gönguleiðir í bænum. Sannkölluð heilsubrú. Sigrún Gerða leggur líka víðari merkingu í það orð. „Heilsubrúin er líka viðhorf og hugmyndafræði. Að við séum lögð út á brúna sem tengir okkur við betra og hollara líf. Það verður ástríða og eitthvað til að stefna að því alls staðar er hægt að byggja brýr ef viljinn er fyrir hendi.“

**● ÁVALLT VIÐBÚIN** Þeir sem stunda útivist af krafti og ganga um fjöll og firnindi vita hversu mikilvægt það er að vera vel klæddur og útbúinn. Miklu máli skiptir að skipuleggja ferðina vel og sjá til þess að pakka skynsamlega því ekki er heldur gott að hafa of þungar byrðar. Finna má góðan útivistarfatnað og hlýjan í verslunum eins og 66°Norður, Útilíf, Everest, Ellingsen, Útivist og sport og víðar. Einnig má fá góða ullarsokka og annan ullarfatnað í verslunum eins og Prjónasambandinu, Víkurprjóni, Rammagerðinni og jafnvel á bensínstöðvum. Það ætti því ekki að vera flókið að fata sig vel upp fyrir fjallaferðirnar og gott er að hafa í huga að fatnaðurinn sé léttur og hlýr í senn.






*Við lífræna ræktun er hvorki notað skordýareitur né tilbúinn áburður. Þetta leiðir til umhverfisvænni ræktunar, betri heilsu og betra bragðs.*




BIO Gut & Gerne

BIO

Heilsa býður upp á fjölbreytt úrval af lífrænt ræktaðri matvöru frá Gut & Gerne, einum virtasta framleiðanda í Evrópu á sínu sviði. Allar vörur Gut&Gerne eru lífrænt vottaðar af Evrópusambandinu og hafa unnið til fjölmargra verðlauna.

*Vörurnar frá Gut & Gerne fást í Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Nóatúni, Samkaup / Úrval og Blómaval.*

heilsa
–hafðu það gott

**SalinaGel®**

*Veitir raka og vellíðan í nefholi.*

**SalinaGel sem byggir á jafngildri saltvatnslausn verkar gegn þurrki og ertingu í nefholi, slíkt gerist oft með:**

- hækkandi aldri.
- vegna aukaverkana lyfja.
- í kulda.
- við meðferð á unglingabólum.
- er fylgikvilli ofnæmis.

**SalinaGel er hefur þrennskonar virkni:**

- Eykur raka í nefholi og mýkir upp hart slím.
- Kemur í veg fyrir ofþornun og ertingu.
- Eykur virkni þekjufruma við að hreinsa innandað loft.

**SalinaGel tryggir eðlilega virkni og vellíðan í nefholi.**




ÝM Ýmus ehf. Sími: 564 3607
www.ymus.is ymus@islandia.is








vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




Davíð Þórisson og Þorkell Þorkelsson mæla eindregið með skvassíþróttinni og segja það frábært ef hægt er að skjótast í púlið í hádeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Tekið á því í hádeginu

**Þorkell Þorkelsson og Davíð Þórisson vinna báðir í Ölgerð Egils Skallagrímssonar og æfa saman skvass tvisvar til fjórum sinnum í viku.**

Félagarnir segjast hafa tekið meira á því í skvassinu á veturna en á sumrin þegar nóg er að gera í öðru. „Það er fínt að nota hádegið í þetta þegar það er hægt. Tímarnir eru aðeins fjörtíu mínútur þannig að þetta er um klukkutími sem fer í þetta,“ segir Davíð sem hefur stundað skvassíþróttina í tæp þrjú ár en Þorkell í tvö.

Þeir félagar segja skvassið erfiða íþrótt. „Sérstaklega þegar maður fer að þekkja inn á leikmanninn á móti og spilar eftir reglum,“ segir Þorkell og hlær. „Annars getur í raun hver sem er spilað skvass óháð formi. Þeir sem eru orðnir verulega góðir í skvassi geta stýrt því þannig að þeir láti mótspilarann hlaupa út um allt,“ segja félagarnir sem segjast aðeins vera áhugamenn. „Einu skiptin sem við keppum er þegar keppni er innan fyrirtækisins en það er einu sinni til tvisvar á ári,“ segir Þorkell en mikill áhugi er fyrir skvassi í Ölgerðinni. Davíð segist eindregið mæla með því að fólk nýti hádegið í að æfa skvass ef vinnan býður upp á það. „Maður er ferskari allan daginn fyrir vikið.“ sigridurh@frettabladid.is


Frum



Veiðifatnaður Jakki, buxur, tvenn pör af nærfatnaði „super dry“ og flísmillilag, flónelskyrta, húfa, axlabönd, áhneppt hetta og flugnanet og sætisyfirbreiðsla. Camo pakki: Jakki, buxur peysa, nærföt áhneppt hetta og flugnanet, axlabönd. kr. 29.500.











Barnafatnaður Jakki, buxur peysa og húfa kr. 10.500.



North Ice Winter: Úlpa, buxur „superdry“ nærföt, flís millilag, húfa, lúffur og trefill kr. 19.500.



North Ice Outdoor: Jakki, buxur, flíspeysa, flísnærföt bolur, húfa og sokkar kr. 17.500.

Skór Pro hunter kr. 9.500. Camo skór kr. 10.500. Premium skór kr. 12.500. Gönguskór kr. 9.500. Leðursandalar kr. 3.150.

North ICE AIR-TEX
JAKTI & JAKT AIR-TEX
Pitokokki

—ICEFIN—
Nóatúni 17
sími 534 3177 og 820 7746




# Ekkert smá sýrður rjómi!

1. ÁN BRAGÐEFNA
2. ÁN GELATÍN
3. ÁN ROTVARNAREFNA

MJÓLKA

www.mjolka.is

# HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA




DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI

eins er önnur af stóru sjónvarpsstöðvunum að ræða við mig um nýjan rokkþátt. Það er þó ekki komið á hreint enn þá. Þessi eilífu ferðalög á milli Íslands og Bretlands eru mjög slítandi en á sama tíma og úrslitin í X-factor stóðu yfir í fyrra var platan hans Garðars Thors að koma út hér í Bretlandi svo þetta var gífurleg vinna. Erfið en skemmtileg svo álagið gleymdist fljótt.“ Spurður hvort hann geti valið sína eftirlætisstjörnu úr hæfileikaþáttunum hér heima nefnir hann hinn færeyska Jógvan. „Mér finnst Jógvan langflottastur en Hildur Vala náði líka frábærum árangri. Ég sakna þess að vinna ekki með Hildi en ég held að hún hafi í rauninni fengið alveg nóg af bransanum og skil það. Ég trúi hins vegar að Jógvan eigi erindi á alþjóðlegan markað,“ segir hann. Umræður við talsmenn X-factor í Bretlandi séu í gangi. „Við erum að ræða málin og athuga hvort þeir geti hjálpað mér við að koma Jógvan á framfæri hér og eins og málin líta út er aldrei að vita nema hann komist í tónleikaferð með sigurvegurunum héma úti. Það er alvörupakki í risastórum tónleikahöllum.“

Það eru mörg járn í eldinum hjá Einari sem viðurkennir að hann geti átt erfitt með að segja nei. „Þess vegna er ég fluttur út – til að geta einbeitt mér að aðalverkefninu. Ég lít samt ekki undan ef ég kem auga á eitthvað, heima eða hér úti, sem mér finnst eiga erindi. Ég ætla ekki að gera eins og umboðsmaðurinn sem sagði nei við Bítlana því honum fannst of langt að keyra til Liverpool. Ég hef mikla trú á Garðari Thor og það tók aðeins eitt ár að koma honum á þann stað að vera kallaður arftaki Pavarottis sem var framar okkar björtustu vonum. Þeir sem vilja gera eitthvað lítið úr þeim árangri vita ekki um hvað þeir eru að tala. Við ætlum að taka allan þann tíma sem þarf í þetta og höfum sett okkur skýr markmið: Við hættum ekki einu sinni þegar hann er orðinn heimfrægur. Þegar Garðar er kominn í fremstu raðir mun hann geta notið afrakstursins í tugi ára á meðan sönghópur eins og Nylon verður ekki túrandi á leikvöngum á efri árum. Maður á samt aldrei að segja aldrei. Eru Spice Girls ekki farnar af stað aftur?“

Aðspurður um leyndarmál úr bókinni segir Einar mikilvægast að gefast ekki upp þótt á móti blási. „Það er ekkert nýtt leyndarmál en það má aldrei gefast upp. Fólk verður að standa upp og halda áfram þótt fyrsta tilraun mistakist. Þótt fyrsta lagið fari ekki nema í annað sætið er aldrei að vita nema það næsta komist í það fyrsta. Annað trix er að vakna snemma alla morgna, vera að allan sólarhringinn og vita allt á undan öllum hinum.“ Bókin kemur út um miðjan nóvember svo Einar mun taka þátt í jólabókaflóðinu og hann er bjartsýnn. „Ætli ég verði ekki eins og tröllið sem stal jólabókaflóðinu. Mér skilst að Ólafur Ragnar Grímsson hafi frestað útkomu sinnar bókar og mér finnst það ekkert skrítið. Við ætlum að taka þetta,“ segir Einar skellihlæjandi.

*indiana@frettabladid.is*



**X-FACTOR** Við erum að ræða málin og athuga hvort þeir geti hjálpað mér að koma Jógvan á framfæri hér og eins og málin líta út er aldrei að vita nema hann komist með í tónleikaferð með sigurvegurunum hérna úti. Það er alvörupakki í risastórum tónleikahöllum.“

# BROT ÚR BÓKINNI:

**„En ég var sem sagt búinn að vera umboðsmaður Írafárs í um það bil tvo mánuði þegar ég fór til Flórída í frí með Áslaugu konunni minni. Við gistum á einhverju móteli og gerðum fátt annað en bara að slaka á. Eina nóttina, klukkan var kannski fjögur, hringir síminn eins og vitlaus og svo aftur klukkutíma síðar. Klukkan sex gat ég ekki haldið þetta lengur út og fór út á sundlaugarbakkann til að athuga hvað væri í gangi. Þá sé ég að þeim á Séð og heyrt hefur legið svona rosalega á að ná í mig. Ég hringi því til baka og fæ vesgú þessa spurningu: „Eru Hanni og Birgitta hætt saman?“**

***Úr Öll trixin í bókinni***

**„Ég er sem sagt kominn í nokkurn bobba þarna í ársbyrjun 2004 en akkúrat þá bjóðast mér tónleikar með Deep Purple. Forsalan fór fram á Hard Rock í Kringlunni, eitthvað sem mér fannst vel við hæfi. Þar var mættur einhver gæi frá Neskaupstað og spyr mig hvort að það séu mörk á því hversu marga miða megi kaupa. „Drottinn minn dýri, nei, keyptu eins marga miða og þú getur,“ svaraði ég. Hélt að hann væri kannski að tala um tuttugu miða eða eitthvað svoleiðis. „Þá ætla ég að fá 200 miða,“ segir náunginn. Hann hafði þá verið gerður út frá Neskaupstað til að kaupa miða fyrir allt plássið og nærsveitir líka. Hann dró upp krítarkort og ég hafði nú takmarkaða trú á því að þessi sala færi í gegn. Þetta var svona sjóarajaxl. En viti menn, 690.000 fóru í gegn og ég var farinn að fá óraunveruleikatilfinningu.“**

***Úr Öll trixin í bókinni***



SIRKUS LEITAÐI TIL RÚMLEGA 20 ÁLITSGJAFA Í LEITINNI AÐ BESTA LEIKARA LANDSINS. MARGIR KOMUST Á BLAÐ EN INGVAR E. SIGURÐSSON SKARAÐI FLJÓTT FRAM ÚR. AÐRIR VINSÆLIR ERU HILMIR SNÆR, LADDI OG ÞRÖSTUR LEÓ.

# Ingvar besti leikari landsins

## INGVAR E. SIGURÐSSON

„Þvílíkur leikari af guðs náð – einn okkar allra besti og á að vera löngu búinn að meika það í Hollywood.“

„Ótrúlega magnaður skapgerðarleikari.“

„Stórstjarna Íslendinga. Einn af fáum Íslendingum sem hefur gert góða hluti í Hollywood. Æðislegur leikari, ber með sér mikinn þokka og er framar öllu góður gæi.“

„Frábær. Mörg eftirminnileg hlutverk á sviði og á hvíta tjaldinu.“

„Ekki bara fallegastur í bransanum heldur tekst honum alltaf að heilla mig upp úr skónum. Ég treysti því ekki að einhver gæti túlkað Erlend eins og ég ímyndaði mér hann en allt kom fyrir ekki, Ingvari tókst hið ómögulega og nú ER hann hinn eini sanni Erlendur Ijóslifandi.“

„Sjarmatröll og einn af þessum fágætu leikurum sem eru alltaf leitandi og lærandi. Algerlega opinn og fordómalaus, sem er lykillinn að einlægri túlkun í hverju sem hann gerir.“

„Frábær skapgerðarleikari með sterka sviðsnærveru og býr yfir mikilli líkamstjáningu. Leikur að vísu ekki hvað sem er en í þeim hlutverkum sem henta honum er hann flestum fremri.“

„Átti stjörnuleik í Foreldrum, sem og í flest öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.“

„Einfaldlega besti leikari landsins. flottur í öllum hlutverkum. Anthony Hopkins Íslands.“

„Góður alhliða leikari, alltaf sannfærandi.“



## HILMIR SNÆR GUÐNASON



„Leikari sem fer í tugi hlutverka á einni leiksýningu er einfaldlega stórkostlegur. Hér er ég að tala um leikritið „Kona eins og ég“.“

„Flottur leikari sem hefur alltaf gert allt sem hann tekur sér fyrir hendur virkilega vel, hvort sem það er gamanleikur eða dramaleikur. Getur brugðið sér í allra kvikinda líki.“

„Einfaldlega okkar besti karlleikari. Fullkomlega eðlilegur og afslappaður, með fallegt bros og karlmannlega nærveru.“

„Sá besti. Ókrýndur konugur íslenskra karlleikara. Einstaklega næmur, tilfinningaríkur og óendanlega fjölhæfur. Getur leikið allt, sama hvers eðlis hlutverkið er.“

„Líkamlega fimur og kvikur, blæbrigðarík textameðferð og sterk nærvera. Dýnamísk rödd.“

„Hefur sannað sig. Með ótrúlega útgeislun.“

„Fjölhæfur leikari og með eindæmum myndarlegur í þokkabót.“

## ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON (LADDI)



„Ég hef fylgst aðeins með ferli hans allt frá því ég sá hann fyrst að næturlagi uppi í gömlu Geitháls-sjoppunni fyrir nærri 40 árum og ég hefi aldrei séð jafn mikið náttúrubarn í leiklist sem Ladda.“

„Maðurinn er leikandi kennslumyndband fyrir leiklistarnema á öllum aldri. Allt sem hann gerir virkar.“

„Laddi er nútímaþjóðskáld okkar Íslendinga.“

„Ótrúlega mörg andlit og fjölbreytileiki í persónusköpun. Hann er svo „orginal“. Margir af karakterum Ladda eru orðnir hálfgerðar goðsagnir í augum Íslendinga.“

„Alltaf fyndinn. Alvöru gamanleikari sem er fæddur með gáfuna í húð og hár. Finnur upp ótrúlegustu karaktera og þeir koma manni allir á óvart.“

## ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON



„Alvarlegur leikari og maður trúir alltaf alveg að honum líði alveg eins og þeim sem hann er að túlka. Virðist ekkert hafa fyrir leiknum heldur – hreinir hæfileikar einhvern veginn.“

„Maðurinn er snillingur sem er reyndar mjög skrítið því hann drekkur ekki vatn.“

„Einn sá alflottasti, leynir á sér, fyndnari en flestir án nokkurrar áreynslu en um leið sterkur dramatískur leikari. Verður betri og blæbrigðaríkari með hverju hlutverki.“

„Fyrir löngu búinn að skipa sér í hóp okkar bestu leikara. Besti kvikmyndaleikari landsins og hefur leikið mörg afar eftirminnileg hlutverk, skemmst er að minnast hans í Killer Joe og þetta er allt að koma. Svo á hann flottustu þakkarræðuna á Grímuhátíðinni sem ég man eftir.“

## BJÖRN THORS



„Það er nóg að hafa séð Killer Joe til þess að fatta hversu frábær leikari hann er.“

„Mest spennandi ungi leikarinn í dag, einstaklega spontant og fjölhæfur leikari. Kann þá list að láta persónurnar alltaf koma þér á óvart, þú veist aldrei hvernig næstu viðbrögð verða.“

## ATLI RAFN SIGURÐSSON



„Náði mér alveg sem Lilli klifurmús – það er hrein snilld að horfa á hann í því hlutverki. Í Mýrinni sýndi hann svo ekki verður um villst að hann er fær um að takast á við alvarleg hlutverk líka. Það er ofboðslega gaman að eiga svona flottan leikara.“

„Ótrúlega sætur, sexí og hæfileikaríkur leikari.“

## BENEDIKT ERLINGSSON



„Algjörlega frábær í Ormstungu og Skallagrími. Ekki margir sem halda svo auðveldlega uppi einleik án þess að manni fari að leiðast, snillingur!“

„Mr. Skallagrímsson holdi klæddur. Frábær listamaður.“

„Skarpgreindur leikari, með meitlaðar skoðanir á listinni og lífinu sem smitar út í túlkun hans. Hefur afburða kunnáttu í tækni leikarans og snillingur í íslenskri fyndni.“

## PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON



„Maður fer bara að hlæja þegar maður sér og heyrir í manninum, algjör snill- ingur og sannar það enn í næturvakt-inni.“

„Maðurinn þarf ekki annað en að mæta á skjáinn þá fer ég að hlæja, klárlega ferskasti gamanleikari okkar um þessar mundir.“

## BJÖRN HLYNUR



„Framtíðin í leiklistinni, góður leikari og það sem meira er fjallmyndarlegur og stelpurnar að missa sig yfir honum.“

„Ferskasti nýliðinn, ótrúlega góður í Mýrinni og ekki skemmir hvað hann er mikið augnayndi.“

## JÓN GNARR



„Ekki bara leikari heldur höfundur og hugmyndasmiður sem hefur átt stóran þátt í að breyta íslenskri fyndni úr aulahúmor í háþróaða og fínstillta kímni.“

„Svo sannfærandi að maður getur hatað hann í ákveðnum hlutverkum.“

## THEÓDÓR JÚLÍUSSON



„Einlægur og fallegur leikari. Hefur einstakt lag á því að ná til áhorfenda. Leikur með mikilli „empathy“. Síðan spillir það ekki fyrir honum hvað hann er falleg manneskja.“

„Magnaður leikari með sterka útgeislun og innlifun hans í ólíkum hlutverkum hittir mann beint í hjartað.“

## ÞEIR VORU LÍKA NEFNDIR

**JÖRUNDUR RAGNARSSON** „Gaman að sjá svona nýútskifaðan leikara sem leikur eins og hann hafi margra ára reynslu. Mjög fjölhæfur og flottur.“

„Ein af rísandi stjörnum okkar Íslendinga á hvíta tjaldinu sem og í leikhúsinu.“

**HELGI BJÖRNSSON** „Skemmtilegur fítonskraftur – í kvikmyndum hefur hann stóra nærveru, einn besti kvikmyndaleikarinn, kann á kvikmyndaleik og afgerandi karakter í það heila.“

**ÖRN ÁRNASON** „Ótrúlega fjölhæfur leikari, hvort heldur það er gamall maður eða rússnesk ballerína, svo ekki sé talað um franskan kokk.“

**RÓBERT ARNFINNSSON** „Sigrar hans mega ekki gleymast.“

**KRISTJÁN INGIMARSSON** „Sá besti hér á landi. Órtúlega klár leikari og alveg synd að fá ekki að sjá meira til hans hér á landi.“

**KARL GUÐMUNDSSON** „Í saumastofunni í Iðnó hérna í gamla daga. Snilld!“

**BESSI BJARNASON** „Það er bara einn Mikki refur og einn Lilli.“

**ÁRNI TRYGGVASON** „Það er bara einn Lilli og einn Mikki refur.“

**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** „Búinn að koma íslenskri leiklist á hærra plan.“

**BERGUR INGÓLFS** „Kraftmikill og fjölhæfur. Leikur hans í Mein Kampf í Borgarleikhúsinu var ógleymanlegur.“

**BALTASAR KORMÁKUR** „Ég er ein af þeim sem sakna Baltasars sem leikara. Hann heltók mig þegar hann var á sviðinu, slík var orkan og ákefðin.“

**HJALTI RÖGNVALDSSON** „Meiri háttar leikari, vanmetinn, einhver besti upplesari landsins.“

**GUNNAR HANSSON** „Snillingur hvort sem hann tekur sér dramatík fyrir hendur eða hreina kómík.“

**BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON** „Hann er framtíðin og hefur svo sannarlega sýnt það á þessum fáu árum sem hann hefur verið atvinnuleikari.“

**ARNAR JÓNSSON** „Lífsreyndur og örlátur, skapar trúverðugar persónur og kann að spila á allan tilfinningaskalann. Leikur manna best á hljóðfæri leikarans, – röddina.“

**GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON** „Án vafa einn besti leikari landsins af yngri kynslóðinni. Með gríðarlega reynslu og færni þrátt fyrir ungan aldur enda hefur hann leikið hvert burðarhlutverkið á fætur öðru fyrir norðan. Óborganlega fyndinn en hefur líka sýnt afburðavinnu í dramatískari hlutverkum.“

**ÞRÁINN KARLSSON** „Eftir áratuga starf hefur hann aftur vakið verðskuldaða athygli undanfarið og glansað í fjölbreyttum hlutverkum. Fór á kostum í Maríubjöllunni og Svörtum ketti. Afburðaleikari hokinn af dýrmætri reynslu.“

**ÓLAFUR EGILL EGILSSON** „Fjölhæfur karakterleikari. Velur sér fjölbreytt verkefni og fer í ólíkar áttir. Var frábær í Brimi og sem Fagin í Oliver, þá brilleraði hann í lítilli rullu í Fögnuði. Getur allt.“

**ÁLITSGJAFAR** Andrés Þór Björnsson innanhúsarkitekt, Anna Kristjánsdóttir bloggari, Linda Blöndal fréttakona, Heiðar snyrtir Jónsson, Elfar Logi Hannesson leikari, Erna Blöndal söngkona, Nonni Quest hárgreiðslumaður, Heiðar Austmann útvarpsmaður, Garún kvikmyndagerðarkona, Ívar Örn Sverrisson leikari, Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður, Guðni Már Henningsson útvarpsmaður, Irma Gunnarsdóttir danshöfundur, Harpa Melsted handboltakona, Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona, Sigrún Sól Ólafsdóttir leikstjóri, Stefán Baldursson leikstjóri, Kolbrún Halldórsdóttir alþingiskona, Katrín Brynja Hermannsdóttir þula, Halldóra Malin Pétursdóttir leikskáld, Guðlaug Halldórsdóttir, 3 hæðir, Hjaltey Sigurðardóttir söngkona, Benóný Ægisson rithöfundur, Anna Guðlaug Halldórsdóttir, 3 hæðir og Anna Margrét Ólafsdóttir söngkona.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
BÍÓ
BÍÓ
SIRKUS
SIRKUS+
MasterCard
ORMSSON
NÝ DÖNSK FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLINU
LOGI Í BEINNI Í KVÖLD KL. 20:00
HLJÓMSVEITIN NÝ DÖNSK FER YFIR 20 ÁRA SÖGU SVEITARINNAR OG SPILAR NOKKUR AF SÍNUM BESTU LÖGUM
skemmtilegri
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 sirkus á aðeins 4.990 kr. á mánuði fyrir korthafa VISA í nóvember og desember.
VISA
LOGI Í BEINNI - kl. 20:00
TEKINN - kl. 20:35
STELPURNAR - kl. 21:05

# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar

Tónlistarhátíðin Airwaves var sú glæsilegasta hingað til þrátt fyrir nokkur vandkvæði eins og falsanir á Airwaves-armböndum. Á föstudagskvöld vakti danski plötusnúðurinn Trentemöller verðskuldaða athygli en þar gaf að líta plötusnúðinn og tískudrottninguna Ernu Bergmann ásamt unnusta sinnum Herði Kristbjörnssyni en hann er grafískur hönnuður á Íslensku auglýsingastofunni. Fallegu stúlkurnar í Reykjavík voru frekar svekktar yfir því að sjá Trentemöller hér á landi í för með kærustunni sinni en þau sáust meðal annars saman í góðu stuði á Dub Step-kvöldinu á Barnum á miðvikudag. Á Organ spilaði hljómsveitin Singapore Sling og þar voru mættir Jón Sæmundur Auðarson og rokkarinn og sérvitringurinn Anton Newcombe úr hljómsveitinni Brian Jonestown Massacre.



Á laugardagskvöld mætti fjöldi manns á Gauk á Stöng til að hlusta á Svölu Björgvins og hljómsveit hennar Steed Lord enda um partí fyrir öll skilningarvit að ræða. Bróðir hennar Krummi samdi og frumflutti eitt laganna en var þó klæddur í hefðbundnari föt en restin af bandinu. Í áhorfendaskaranum sást nýr borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson ásamt eiginkonu sinni í góðu stuði. Tískuljósmyndarinn og bloggarinn Yvan Rodic, betur þekktur sem Facehunter var í félagsskap stílistans Agnieszku Baranowsku og hann var iðinn við að mynda fallegt fólk í flottum fötum fyrir franska ritið Paris Match. Eftir að tónleikum kvöldsins lauk sneri danski plötusnúðurinn Anders Trentemöller skífum á Kaffibarnum en þar hafði myndast gríðarlega löng röð fyrir utan. Innandyra gaf að líta fatahönnuðinn Henrik Vibskov sem er einnig trommuleikari fyrir Trentemöller og stílistann Önnu Clausen sem er kennd við verslunina Belleville. Söngvari hljómsveitarinnar Grizzly Bear var einnig í góðu stuði á Kaffibarnum og sást smella kossum á bæði fagrar snótir og unga herramenn.





**HIPP OG KÚL** Fatahönnuðurinn Christian sýndi hönnun sína í Saltfélaginu. Með honum á myndinni eru Íris í GK og Arnar Gauti lífstilsgúrú. MYND/VÖLUNDUR



**SÆTASTI TANNLÆKNIR LANDSINS** Hannes Ríkarðsson tannlæknir er hér ásamt eiginkonu sinni, Hellu Willig kennara. Þess má geta að Hannes hefur smekk fyrir fallegum bifreiðum. MYND/VÖLUNDUR



**SPÁIR Í TÍSKUNA** Spákona Sirkuss, Sigríður Klingenberg, var ein af skrautfjöðrum sýningarinnar. Hún hefur sjaldan litið betur út enda búin að tapa mörgum aukakílóum. Hér er hún á spjalli við Írisi, Arnar Gauta og Nadiu Banine.

# Lúxuskerrur og lotterí

B&L hélt veglegt teiti til að vekja athygli á ásnum en hann er minnsti BMW-inn sem er framleiddur. Ásinn er töffaralegur og það var teitið líka sem var haldið í Saltfélaginu innan um Eames-húsgögn og falleg föt úr versluninni GK. Gestalistinn var ekki af lakara taginu, heldur smartheitaelíta landsins, sem hámaði í sig sushi sem skolað var niður með hvítvíni meðan allir brostu framan í alla og höfðu gaman af.



**ÁSINN ER VATNSHELDUR!** MYND/VÖLUNDUR



**KRÆSINGARNAR VORU EKKI AF VERRI ENDANUM.** Það er aldrei hægt að borða of mikið af sushi- og makirúllum. MYND/VÖLUNDUR



**PLÖTUSNÚÐUR** Í góðu stuði á hárhönnun

# Klipptu hljómsveitargæja

Vinkonurnar Tóta og Hildur Sif á Hárhönnun stóðu fyrir frumlegum degi á hárgreiðslustofunni Hárhönnun en í tilefni af Airwaves voru þær með plötusnúð og stuð á meðan þær klipptu hljómsveitargæja.



**HIPP OG KÚL** Hildur, Larry, Blair og Tristan og Hildur Sif skemmtu sér vel. MYND/VÖLUNDUR



**KLIPPIR AF HJARTANS LIST** Tóta, einn af eigendum Hárhönnunar, sýnir listir sínar.



**SIGRÚN BIRGISDÓTTIR, GAUJA DÖGG OG HALLDÓR EIRÍKSSON Í LAUGARDALSHÖLLINNI** MYND/VÖLDUNDUR



**VALA, ANNA OG ANDRI GUNNAR LÉTU SIG EKKI VANTA.** MYND/VÖLDUNDUR

# HIPP OG KÚL Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Sýningin Hönnun og heimili var haldin í Laugardalshöllinni um síðustu helgi. Margt var um manninn á opnuninni en á sýningunni mátti sjá það ferskasta á því sviði.

## LEIÐINLEGASTA STARFIÐ: JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

# Rauðeygð með stöðugt nefrennsli

„Ég hef verið slíkur forréttindasnúður að vinna nánast eingöngu við það sem mér hefur fundist skemmtileg. Fyrsta vinnan mín var þetta klassíska, barnapössun. Og mér fannst ég óskaplega heppin vegna þess hvað börnin sem ég passaði voru falleg. Svona var yfirborðsmennskan nú allsráðandi um 11-12 ára aldurinn.

Með menntaskóla- og háskólanámi vann ég á ferðaskrifstofum og hjá Flugleiðum, bæði hér á landi og í London.

Það getur verið mikið fjör í ferðabransanum og þá er lítill tími til að láta sér leiðast. Undir lok þessa tíma byrjaði ég líka að stunda þýðingar og síðan gerðist ég blaðamaður. Því starfi gegndi ég í tvo áratugi og fannst það frábært. Í frítímanum skrifaði ég svo bækur og leikrit og síðastliðin tvö ár hef ég eingöngu verið í því að skrifa „fyrir sjálfa mig“, eins og ég kalla það.

Í dag er ég þess vegna að upplifa langskemmtilegasta vinnutímabil ævi minnar og þakka almættinu fyrir hlutskipti mitt á hverjum einasta morgni. Leiðinlegasta starf sem ég hef unnið er hins vegar unglingavinnan. Mér fannst ömurlegt að vera í pollagalla í hellirigningu við að planta trjám í Heiðmörk eða reyta arfa á Austurvelli. Algjört kvalræði. Þar að auki er ég með bullandi gróðurofnæmi sem ekki var búið að greina á þessum tíma. Þá daga sem ekki rigndi var ég því rauðeygð og með stöðugt nefrennsli,“ segir Jónína Leósdóttir sem er að gefa út unglingabókina Kossar & ólífur.



512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE

BOLTINN

Á SUNNUDAG KL. 15:40

# LIVERPOOL – ARSENAL HD

Á MORGUN

| | | |
|---|---|---|
| KL. 13:45 | MAN. UTD. – MIDDLESBROUGH | SÝN 2 |
| KL. 13:55 | CHELSEA – MAN. CITY | SÝN EXTRA |
| KL. 13:55 | READING – NEWCASTLE | SÝN EXTRA 2 |
| KL. 13:55 | BIRMINGHAM – WIGAN | SÝN EXTRA 3 |
| KL. 13:55 | SUNDERLAND – FULHAM | SÝN EXTRA 4 |
| KL. 16:00 | PORTSMOUTH – WEST HAM | SÝN 2 |

4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS LAUGARDAGSKVÖLD KL. 18:10



Á SUNNUDAG

| | | |
|---|---|---|
| KL. 13:10 | BOLTON – ASTON VILLA | SÝN 2 HD |
| KL. 15:40 | LIVERPOOL – ARSENAL | SÝN 2 HD |

HD

FÁÐU ÞÉR HD MYNDLYKIL Í VERSLUNUM VODAFONE OG NJÓTTU ÚTSENDINGA DIGITAL ÍSLANDS Á SÝN 2 Í HÁSKERPU.

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

SÝN2
enski boltinn

# uppáhalds

## Sjónvarpssþátturinn?



„Vandamálið er að ég á mér marga uppáhaldsþætti eins og Friends, Sex and the City, Grey's Anatomy, The Office, Desperate Housewives, It Crowd og svona Innlit/útlit þættir finnst mér líka skemmtilegir. Ég get ekki beðið eftir að Grey's Anatomy byrji og mér þykir verst að ég missi af fyrsta þættinum þar sem ég er að fara á Andrea Boccelli."

**Íris Kristinsdóttir söngkona**



„South Park ber höfuð og herðar yfir alla aðra sjónvarpsþætti í heiminum. Persónurnar, efnistökin, húmorinn, pólitíska ranghugsunin og hræðsluleysi höfundanna við að taka harkalega á viðkvæmum og umdeildum málum gerir þennan þátt að langbesta sjónvarpsefni sem völ er á. Merkilegt að þetta sé ekki sýnt á Íslandi, sérstaklega miðað við allan viðbjóðinn sem okkur er boðið upp á."

**Ágúst Bogason útvarpsmaður**



„Föstudagskvöldin eru tvímælalaust bestu sjónvarpskvöldin. Stelpunar eru í uppáhaldi og það skemmir ekki að horfa á Tekinn á undan. En ég verð að segja að Næturvaktin er minn uppáhaldssjónvarpsþáttur, Pétur Jóhann er svo mikill snillingur í þessum þáttum."

**Andrés Þór Björnsson innanhúsarkitekt**



„Uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn er Friends. Þessir þættir eru hrein snilld og ég get horft á þá aftur og aftur. Ég keypti allar tíu seríurnar í fyrra og er að horfa á þær í sjöunda skiptið og finnst þetta alltaf jafn fyndið. Ég á mér ekki uppáhaldspersónu, finnst þau öll sex bara brilliant."

**Freyja Sigurðardóttir fitness-gella**



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Gæti ekki gert flugu mein

Dagur er talan 8. Hann er hress, kátur og jákvæður," segir Sigríður Klingenberg um borgarstjórann. „Dagur er ljúfur við alla í kringum sig og gæti ekki gert flugu mein. Hann er á góðu tímabili þar sem hann slappar af og lætur sér líða vel. Hann þarf hins vegar að vera á verði því stundum er ekki allt eins og það sýnist og hún er ekki einleikin vitleysan í kringum pólitíkina í borgarstjórn. Dagur þarf að muna að taka mikið af hákarlalýsi þegar hann vaknar á morgnana til að vera vel varinn fyrir veseninu í borgarstjórn því það er rétt að byrja. Hann verður að vera tilbúinn í slaginn og ávallt viðbúinn því reynt verður að saga lappirnar undan borgarstjórastólnum hjá honum. Dagur á ákveðna og ljúfa konu sem passar vel upp á manninn sinn og þar er hann heppinn. Hann á eftir að gera góða hluti þann tíma sem hann ríkir og verður í framtíðinni efnamikill en þó ekki í pólitík. Það er þó ár og dagur þangað til það mun breytast. Fjölskyldulífið dafnar, peningum hann safnar, mútugreiðslum hafnar og úr hamingju hann kafnar."



**DAGUR B. EGGERTSSON**
„Fjölskyldulífið dafnar, peningum hann safnar, mútugreiðslum hafnar og úr hamingju hann kafnar," segir Sigríður um Dag B. Eggertsson.

HILDUR EINARSDÓTTIR OG BJÖRG PJETURSDÓTTIR HANNA GERSEMAR ÚR AFGÖNGUM:

# Prjónaföt öðlast nýtt líf

Hildur og Björg reka fyrirtækið Rendur en það framleiðir litríkar og handunnar nytjavörur sem krydda hversdagsleikann. Þær nota garn, efni, tölur og í raun allt sem fellur til inni á heimilum og hjá fyrirtækjum á Íslandi. Þótt fyrirtækið sé nýstofnað eru Hildur og Björg búnar að vinna hugmyndavinnuna í eitt og hálft ár en þær kynntust á Brautargengisnámskeiði hjá Impru.



„Við vorum að vinna hvor að sínu verkefninu en ákváðum að sameina krafta okkar," segir Hildur sem hafði nýlokið hönnunarnámi í Danmörku. Björg vann sem prjónahönnuður í Hollandi en var nýflutt heim til Íslands þegar leiðir þeirra lágu saman. Þeim var hugleikið að hanna eitthvað sem þörf væri á og eftir að hafa lagt höfuðin í bleyti komust þær að því að enginn framleiddi ullarsokka sem litu út fyrir að vera hver af sinni sortinni. Hjá þeim er engin flík nákvæmlega eins. Nýtni fyrri tíma er þeim hugleikin og þær kunna illa við að láta efni fara til spillis. Fyrsta lína Randa og jafnframt eina línan sem er komin í framleiðslu, er prjónalína fyrir leikskólabörn en í henni má finna peysur, kraga, lambhúshettur, húfur, vettlinga og sokka.



„Okkur fannst vanta meira úrval af prjónavörum en ég var með lítið barn þegar við byrjuðum að vinna að þessu og Björg átti von á barni," segir Hildur og bætir því við að upphaflega hafi hugmyndin verið að hrinda af stað prjónablaði sem væri með praktískar og góðar uppskriftir fyrir börn.



Prjónaskapurinn var þeim alls ekki framandi því Björg hafði starfað sem prjónahönnuður í Hollandi og Hildur hafði góða prjónakunnáttu. Stelpurnar ná þó ekki að prjóna allt sjálfar og eru með prjónakonur í vinnu við að prjóna eftir þeirra hugmyndum.

„Við búum til öll sýnishorn og veljum garn í hverja einustu flík en samt vitum við aldrei hver útkoman verður nákvæmlega og það gerir þetta svolítið spennandi," segir Hildur og brosir. Björg bætir við að þótt fyrsta línan sé stíluð inn á börn þá hugsi þær út fyrir þann ramma. „Stefnan er að hanna grímubúninga, innanhússmuni og föt á fullorðna. Eina skilyrðið er að flíkin eða hluturinn sé úr afgöngum," segir Björg og segir að þær sæki innblástur úr umhverfinu, samfélaginu og frá börnunum sínum. Þegar þær eru spurðar hvort þær hyggi á útrás þá segjast þær alveg vera til í að selja vörur sínar til útlanda en þær leggi áherslu á að vinnuaflið sé íslenskt.

„En þangað til ætlum við að einbeita okkur að því að flytja í Garðastrætið þar sem við verðum með opna vinnustofu. Þangað getur fólk líka komið með afganga til okkar," segir Björg. www.rendur.is

*martamaria@365.is*



**HILDUR OG BJÖRG PRJÓNAHÖNNUÐIR**

# SPURNINGAKEPPNI Sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. Í ÞETTA SKIPTIÐ MÆTIR HANNES HEIMIR LEIKARANUM LADDA.

1. Hver er Texas Dolly?
2. Með hvaða ítalska úrvalsdeildarliði leikur Emil Hallfreðson?
3. Hver leikur Daníel í Næturvaktinni?
4. Hvaða íslenska söngkona gaf nýlega frá sér plötuna A Beautiful Life – Recovery Project?
5. Hverjir eru ritstjórar DV?
6. Hver er barnsfaðir Mel B?
7. Hvað heitir kærasta Jóakims Danaprins?
8. Hvert er póstnúmerið á Hvammstanga?
9. Hjá hvaða liði ekur ökuþórinn Mark Webber?



**Hannes Heimir: 7 RÉTT SVÖR**

1. Veit ekki.
2. Reggina.
3. Jörundur Ragnarsson.
4. Védís Hervör.
5. Reynir Traustason og Sigurjón.
6. Eddie Murphy.
7. Veit ekki.
8. 530.
9. Red Bull.



**Laddi: 4 RÉTT SVÖR**

1. Dolly Parton.
2. Milano.
3. Jörundur Ragnarsson.
4. Védís Hervör.
5. Reynir Traustason og Sigurjón Egilsson.
6. Eddie Murphy.
7. Anna.
8. 820.
9. Veit ekki.

Hannes Heimir heldur sigurgöngu sinni áfram og sigrar Ladda með sjö stigum gegn fjórum. Laddi skorar á leikarann Stein Ármann. Fylgist með í næstu viku.

Rétt svör: 1. Pókerspilari. 2. Reggína. 3. Jörundur Ragnarsson. 4. Védís Hervör Árnadóttir. 5. Sigurjón M. Egilsson og Reynir Traustason. 6. Eddie Murphy. 7. Marie (Cavallier). 8. 530. 9. Red Bull.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: SIRKUS SIRKUS+

# VINSÆLASTI DRAMAÞÁTTUR Í HEIMI

**GREY'S ANATOMY- FYRSTI ÞÁTTUR Á MIÐVIKUDAG KL. 20:50**

skemmtilegri



**BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!**
Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 sirkus
á aðeins 4.990 kr. á mánuði
fyrir korthafa VISA í
nóvember og desember.

VISA


Velkomin til Dýrafjarðar.
Hér björgum við okkur sjálf.
66 NORTH
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5,
Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Vegna flutnings. Tvöfaldur ísskápur 20 þ. Uppþvottavél 20 þ. Fiat Marea weekend 120 þ. Árg. '99. Bókalager, kaupauki fyrir jólin. S. 896 4878.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Eldavél á 5 þ. Frystikista á 10 þ. Nýr flottur eldavélaháfur á 15 þ. Uppþvottavél á 10. Þurrkari á 10 þ. Lacy Boy stóll á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Þvottavél á 10 þ. Örbylgjuofn á 4 þ. Glerskápur á 3 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur



**Umboðssala**
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

## Til bygginga

Til sölu sakkamót (dokar) 1545 kr. m2 m/vsk. Uppl. á ulfurinn.is og í s. 847 3798.

## Verslun







# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Stjörnuþrif ehf Tökum að okkur gólfbónun og bónleysingu, einnig allar almennar hreingerningar, svo og reglubundna ræstingu fyrir fyrirtæki og stofnanir S:8671730 & 8499600 www.stjornuthrif.is

## Ræstingar

Tek að mér flutningsþrif fyrir heimili og fyrirtæki, er vön. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 659 9511.

## Garðyrkja




Gröfuþjónusta, hellulagnir, þökulagnir, drenlagnir, jarðvegsskipti og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

## Bókhald

**Tökum að okkur bókhald fyrir fyrirtæki og einstaklinga**

**Þverfell ehf. Bókhald og ráðgjöf**
**Þarabakka 3**
**109 Reykjavík**
**Sími 566 5026 og 892 9552**

## Málarar

**Þarftu að láta mála?**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

**Búslóðaflutningar**
Og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

## Húsaviðhald







R Gislason ehf
Nýsmíði & Viðhald

Tek að mér uppsetningu á innréttingum og innrétta nýbyggingar, og smærri viðhalds vinnu. Rafn í s. 863 1929.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Vanur smiður getur tekið að sér ýmis verk, vönduð vinnubrögð. S. 892 3205.

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Einstaklingar og fyrirtæki. Kem á staðinn

11 ára reynsla. Microsoft vottun.

Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

## Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar




**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Hanna 908 6040 & 555 2927**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Andrea**
Ég spái í spil, bolla og kristalskúlu. Verð stödd í bænum frá 7/11 til 12/11. Símapantanir í 691 0283.




FRÉTTABLAÐIÐ



Hvað eru spákonur að spá??? www.vantrú.is

## Rafvirkjun







**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg raðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.**

## Trésmíði

Getum bætt við okkur stærri og smærri verkefnum í smíðum. Vanir menn, vönduð vinna. S. 863 6062.

Verktakafyrirtæki getur bætt við sig verkum. Við alhliða byggingavinnu. S. 866 9446 & 864 9445.

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þottavélar o. fl.**
Tek að mér að gera við svo sem þottavélar og fl. Heimilistæki. Uppl. í s. 868 5322. Ath. Geymið auglýsinguna.

## Önnur þjónusta

Get tekið að mér ýmis verkefni, t.d. málað o.fl. Uppl. í s. 822 0603, netfang: epli@internet.is

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

GEFÐU ÞÉR TÆKIFÆRI. Orka og vellíðan. Leiðsögn. Öryggi. Fullur trúnaður. www.SmartHerbalife.is Sími 894 6009.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu 5 mánaða hvítur Beco ísskápur 160x55. Verð 22.000. Uppl. í síma 845 4220.

## Dýrahald

**Dýrabær**
**25% afsláttur af Solid Gold hvolpamat. 1,8 kg - 1.090- 6,8 kg - 2.550-**
**Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**



Til sölu íslenski hundurinn, 5 yndislegir 8 vikna hvolpar í boði. 1 rakki 4 tíkur. Ættbók HRFÍ. Uppl. í síma 848 0847.



Til sölu 3 yndislegar Chihuahua tíkur til afh 1. nóv. Verða bólusettar, örmerktar og heilsufarsskoðaðar. Með ættbók frá Íshundum. Uppl í síma 824-2864.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is**

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. á bjork72@visir.is, Heimasíðan er á dyraland.is undir Lína fína eða í s. 895 6035. Kveðja Björk.

2 kettligar/ læður 9 vikna, kassavanir fást gefins. Uppl. í s. 848 1020.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

**Rjúpa**
Veiðimenn! Vekjum athygli á heimasíðu skotvís. www.skotvis.is Skotveiðifélag Íslands

## Hestamennska

**Nýlegt hesthús á góðum kjörum**
10 og 6 hesta pláss í 30 hesta húsi með sér gerði á framtíðarsvæði Rvk. Hlutdeild í 50fm kaffistofu og hlöðu. Góð lán. Uppl. í s. 846 7925.

**Hey**
Úrvals heyrúllur til sölu. Uppl. í s. 866 0256.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Íbúð til leigu á svæði 111. Laus 1/11/2007.**
**Til leigu falleg rúmgóð 2 herb. Íbúð. Einungis regusamir og reyklausir koma til greina. Meðmæli óskast. Langtímaleig fyrir réttaaðila. Leiga 110 þús. Per mán. 2 mán. fyrirframm.l**
**Uppl. gefur Bjarni í síma 849 8131.**

Ný endubætt 50 fm íbúð til sölu að Efstasundi 85. Glæsileg eign á góðum stað. Komið og skoðið. Uppl. hjá Gunnari í s. 861 5777.

Til leigu fimm herbergja hús alls 130 fm. á Sauðárkróki. Laust frá byrjun nóvember. Uppl. 845 3730.

Til leigu stórglæsileg 100 fm. íbúð á besta stað í miðbæ Rvk. Frá 1. nóv. - 15. Maí. Verð 180 þús á mán. Uppl. í s. 820 0628.

Glæsileg 2 herbergja 65fm íb. í Garðabæ til leigu V. 100 þús. Uppl. í s. 698 0701.

Til leigu 2-3 herb. íbúð í Kóp. Fallegur og rólegur staður, sérinngangur og garður. Leigist með húsg. ef óskað er. Laus 1. nóv. Uppl. í s. 663 8755 & 823 4227.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir að leigja 75-90 fm íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta allt að 110 þús. Greiðsluþjónusta ef óskað er. Uppl. í s. 697 4786.

## Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði til leigu í Árbæ, ca 87-175 fm. Upplýsingar í síma : 4878000

Við erum nokkrir jeppakallar sem óskum eftir ódýru iðnaðarplássi ca. 80-220fm, æskileg hurðarstærð 270x270 og lofthæð 3-4m. Helst staðsett í Gbæ., Kóp, Rvk. eða Mos. Nánari uppl. gefur Sigurður í s. 698 9397.

Atvinnuhúsnæði óskast á höfuðborgarsv. sem fyrst. 30-100 fm. Öruggum greiðslum heitið. Bílskúr kæmi hugsanlega til greina. Uppl. í s. 844 5222

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

## Bílskúr

**Bílskúr óskast**
Óska eftir að leigja Bílskúr, sem fyrst. Uppl. í s. 848 8183.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mömmur ath!**
**Óskum eftir að ráða glaðlegan starfskraft á Nings Stórhöfða. vinnutími frá 11-16 virka daga, en meiri vinna í boði ef viðkomandi vill.**
**Vinsamlegast hringið í 822 8870 eða sækið um á nings.is**

Kornið óskar eftir starfsfólki í Hjallabrekku, frá kl. 7-13 á virkum dögum og í LÆkjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

Kornið Borgartúni óskar eftir helgarstarfsfólki. Uppl. í s. 864 1593.

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í símasvörun milli kl. 10-17 virka daga. Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

**Seltjarnarnesbær**

**Starfsfólk í heimaþjónustu**
**Starfsfólk óskast í heimaþjónustu hjá Félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar. Fullt starf og hlutastörf í boði. Sveigjanlegur vinnutími kemur til greina. Gefandi og fjölbreytt starf sem getur m. a. hentað námsmönnum. Kynnið ykkur kjör og vinnutíma. Óskað er eftir að starfsfólk hafi íslenskukunnáttu.**
**Nánari upplýsingar hjá Önnu Kristínu eða Snorra í símum 5959130, 8937356 eða 8972079**

**Gaflinn í Hafnafirði óskar eftir kokki til starfa.**
**Gaflinn í Hafnafirði óskar eftir kokk til starfa í dagvinnu sem fyrst.**
**Upplýsingar veitir Ingunn í síma 897 6096.**

**Atvinna Atvinna**
**Sölumaður í sængurdeild óskast til starfa í Rúmfatalagernum Smáratorgi.**
**Upplýsingar gefur Eyþór í síma: 820-8004 Eða á staðnum Rúmfatalagerinn Smáratorgi.**

Opnum nýja Cintamani verslun í IÐU húsinu. Óskum eftir áreiðanlegu starfsfólki til almennra sölustarfa með ríka þjónustulund. Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti og sýna sjálfstæði í störfum. Umsóknir sendist á arndis@ida.is

**Morgunverður - Smurbrauð**
**Hótel Óðinsvé óskar eftir starfsmanni til starfa við morgunverð og smurbrauðsgerð. Unnið er mán. - Fös. frá kl. 06:30 ca. 70% starf. Einnig vantar í aukavinnu um helgar.**
**Upplýsingar gefur Jónína í s. 511 6200.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR-Henning kúrinn! Sá árangursríki. Allir geta náð árangri! S. 869 1924.

**Hoodia slim cream**
Dregur úr matarlist, krem borið á húð einu sinni á dag, 100% náttúruefni, virkar vel. Uppl hjá Kristý sf S. 4371234 og 8634622 og kristy@simnet.is

LR veitir ráðgjöf um LR- vörurunar, hvernig þú gerist söluaðili. Anna Snyrtifræðingur 699 7379.

TIL SÖLU






## SMÁAUGLÝSINGAR

### Góð laun - ræstingar

Slástu í för með sterkum hóp



**Við leitum að starfsfólki í föst afleysingarstörf.**

Um er að ræða fjölbreytt störf við ræstingar sem unnin eru frá klukkan 08:00. Vinnuhlutfall er 75 - 100%.

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða.

**Upplýsingar veitir Ólöf í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is**

ISS ÍSLAND

### Útistarf við verslunarmiðstöð

Slástu í för með sterkum hóp



**Við leitum að starfsfólki til framtíðarstarfa**

Um er að ræða útistarf við verslunarmiðstöð á svæði 103 þar sem vinnutími er frá klukkan 07:00 - 17:00 eða 08:00 - 18:00 alla virka daga og annan hvern laugardag. Starfið felst í hreinsun á bílaplönun og fl.

**Upplýsingar veitir Ólöf í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is**

ISS ÍSLAND

**Fullt starf eða auka vinna**
**Viljum bæta við þjónustufólki í fullt starf og auka vinnu. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is & Uppl. í s. 893 2323.**

Bílstjórar óskast Óskum eftir bílstjórum í kvöld og helgarvinnu í Rvík og Selfossi Guðmundur Tyrfingsson ehf sími 482120/894 2010 og gtbus.is

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Vélamaður**
Vanann gröfumann með vinnuvélaréttindi vantar á 17 tonna hjólavél þarf helst að vera með meirapróf, frír matur í hádeginu. Uppl í S. 822 2660 og 822 2661.

Viltu vinna með skólanum við tölvur/bókahald.Þarf að vera 20+ tala og skrifa ísl.vinnutími samkomulag. Uppl.í síma 564-5255 Gerða

Bóka- og ritfangaverslun miðsvæðis í Kópavogi óskar eftir starfskrafti í hlutastarf til frambúðar. mava@simnet.is

Byggingafyrirtæki óskar eftir smiðum og verkamönnum vönum flekauppslætti og mönnum vönum járnabindingum. Uppl. í s. 856 5555.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna netabát og dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjunum. Uppl. í s. 892 5522.

Vantar röska menn á hjólbarðaverkstæði. Bæði framtíðarstörf og tímabundin störf í boði. Uppl. í s. 557 7200.

**Potturinn og Pannan**
Veitingarhúsið potturinn og pannan óskar eftir starfsmanni í sal í fullt starf. Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg. Hægt er að senda umsóknir á potturinn@potturinn.is eða koma á staðinn. Nánari uppl gefa Þórir og Margrét í s 551 1690.

Vantar starfsfólk í framreiðslu í veitingasal á litlu gistiheimili þann 10. nóvember milli kl 16-22. Uppl. á www.hendur.is

Vantar stóran hóp fólks til að þrífa verslun frá 5-7 nóvember frá 16-21. Uppl. á www.hendur.is

**Reykjanesbær.**
**Potrzebujemy doswiadczonych hydraulików. W naszym przedsiebiorstwie pracuje 20 Polaków i szanujemy wszystkich którzy chca pracowac. Dobre wynagrodzenie i dobre warunki pracy. Informacji udziela Kalin pod nr tel. 840 6102. Nesbyggð ehf.**

### TILKYNNINGAR

#### Ýmislegt

Þér er fyrirgefið Randver.En því miður get ég ekki verið viðstödd þegar að þú heldur uppá 40 ára afmælið.




## ATVINNA

### Lækjarbrekka

*Alltaf sígild - Alltaf ljúf*

Veitingastaðurinn Lækjarbrekka óskar eftir þjónum, þjónanemum og aðstoðarfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu.

*Reynsla ekki skilyrði.*
**Mikil vinna og góð laun í boði.**

Upplýsingar veitir veitingastjóri í síma 551-4430 eða á staðnum, alla daga milli kl. 14 og 17.

### TOYS"R"US

## TOYS"R"US auglýsir eftir jólastarfsfólki

**Afgreiðslufólk fyrir jólin**
Jólin nálgast óðum og því vantar okkur röskt starfsfólk til þess að aðstoða viðskiptavini, raða í hillur, sjá um að allt sé í röð og reglu í búðinni og á lager og önnur tilfallandi störf. Þú hefur kannski einhverja reynslu af verslunarstörfum.

**Afgreiðslufólk við kassa**
Við óskum eftir fólki til þess að afgreiða við kassa um jólin. Starfið felst aðallega í því að afgreiða við kassann þar sem jólaösin er hvað mest. Þú hefur kannski unnið við kassa áður og getur því haft snögg handtök við tækið.

**Aðstoðarfólk fyrir jólin**
Við óskum eftir rösku ungu fólki á aldrinum 16 - 18 ára til þess að raða vörum í hillur og sinna öðrum tilfallandi störfum í stórri verslun.

**Almennt um öll störfin**
Þú ert full/ur af orku, skapgóð/ur og hleypur í öll störf með bros á vör. Þú getur sitt af hverju og hefur gaman af því að gera margt í einu svo viðskiptavinir okkar hafa ánægju af. Fyrir utan venjulegan vinnutíma má búast við einhverri kvöld- og helgarvinnu. Vinnutíminn er samningsatriði. Við höfum not fyrir starfskrafta þína nú þegar og fram í lok desember.

**Sendið stutta umsókn til:**
**Loen-is@toysrus.is**
TOYS"R"US Iceland
Att.: Guðrúnar Kolbeinsdóttur
Smáratorg 3
Reykjavík

## TILKYNNINGAR

### Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Hvaleyri í Hafnarfirði.**
Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 25. september 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi á Hvaleyri í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í því að bætt er inn á deiliskipulagsuppdrátt lóð og byggingarreit fyrir dreifistöð Hitaveitu Suðurnesja. Einnig er bætt inn á deiliskpulagsuppdrátt lóð og byggingarreit fyrir loftgæðamælingarstöð innan lóðar golfskála. Gerður verður nýr aðkomuvegur að æfingasvæði og áhaldahúsi golfklúbssins. Jafnframt verður áður fyrirhugaður aðkomuvegur að áhaldahúsi og æfingasvæði felldur burt úr deiliskipulaginu. Þar er um að ræða veg frá golfskála sem átti að liggja yfir 2 golfbrautir. Með breytingunni er verið að einfalda vegtengingu að áhaldahúsi og æfingasvæði. Í tengslum við nýjan aðkomuveg verður legu aðliggjandi göngustíga breytt lítillega auk þess sem skipulagsmörk svæðisins færast lítillega að gatnamót Miklaholts/Vesturholts.

**Breyting á deiliskipulagi Hafnafjörður miðbær, svæði R4.**
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2007, að auglýsa til kynningar breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnafjörð mibæ, svæði R4, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.
Breytingin felst því að lóð Suðurgötu 18 verður stækkuð, byggingarreitur hússins stækkaður og húsið hækkað. Hámarks nýtingarhlutfall verður 2.38. Fyrirkomulagi bílastæða á svæðinu í grennd við húsið er einnig breytt.

Deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 25. október 2007 - 22. nóvember 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 6. desember 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR! Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

## ATVINNA



# Leikskólinn Hálsaborg

## Hálsaseli 27, óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu.

**Hálsaborg** er þriggja deilda leikskóla sem starfar samkvæmt kenningum Berit Bae um samskipti, með virðingu, viðurkenningu og sjálfræði að leiðarljósi. Skólinn hefur í áratugi verið í nánu samstarfi við aðra leikskóla og grunnskóla í Seljahverfi um að brúa bilið á milli skólastiga. Leitað er að fólki sem mætir morgundeginum með bros á vör því enginn dagur er eins í Hálsaborg.

*Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.*

Verið velkomin í heimsókn í Hálsaborg eða hafið samband við leikskólastjórann Ólöfu Helgu Pálmadóttur í síma 5578360 og 6939855

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

# Hátæknisjúkrahús eða hjúkrunarheimili?

**UMRÆÐAN**
Heilbrigðismál


ÞÓRA ANDRÉSDÓTTIR

Landspítalinn er tepptur af fólki sem getur ekki farið heim til sín. Það eru tæplega 90 manns, sem eru búnir að ljúka meðferð og eru að bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili eins og kemur fram í sjónvarpinu í kvöld, 22. okt. Við það að byggja fleiri hjúkrunarheimili losna dýr pláss á spítalanum og þá komast loksins aðrir sjúklingar að, sem hafa beðið lengi eftir aðgerðum. Svo verða minni líkur á að bráðasjúklingar þurfi að liggja á göngum. Verður öldruðum bannað að leggjast inn á hátæknisjúkrahúsið, vegna hættu á að þeir teppi það? Er ekki nær að byggja fleiri hjúkrunarheimili áður en farið er að reisa hátæknisjúkrahús?

Það er ótrúlegt að þetta velferðarþjóðfélag skuli ekki hlúa betur að öldruðum. Þrátt fyrir forgang þarf fólk að bíða í marga mánuði, jafnvel ár á spítalanum eftir plássi á hjúkrunarheimili. Fólk getur ekki verið með sína persónulega muni og hefur ekkert einkalíf, er með ókunnugu fólki á stofu, og alltaf að fá nýja stofufélaga. Þeir sem bíða á bráðadeildum hafa ekkert næði og ekki er hægt að veita þeim þá þjónustu sem þeir þarfnast. Hjón eru aðskilin eftir margra áratuga sambúð. Þetta er brot á persónufrelsi. Margir deyja á meðan þeir bíða. Síðan er alltaf að koma nýtt og nýtt starfsfólk, jafnvel erlent, vegna lélegra launa. Það þarf að búa eldri borgurum mannsæmandi heimili þar sem þeim getur liðið vel og reynt að njóta ævikvöldsins með það öryggi, og þá hjúkrun og þjónustu sem það þarfnast.

Það er ráðgert að nýtt hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut verði tilbúið 2009. Eiga aldraðir bara að bíða á meðan? En það er ekki bara fólk á Landspítalanum sem bíður eftir plássi, heldur fullt af fólki úti í þjóðfélaginu. Af hverju gengur ekkert með hjúkrunarheimilið sem á að rísa á Lýsislóð? Það eru ekki til peningar til að byggja spítala fyrir börn með geðræna sjúkdóma, eða heimili fyrir aldraða, en það er hægt að kaupa rándýrar lóðir og byggja rándýr sendiráð t.d. í Japan og Þýskalandi, byggja hátæknisjúkrahús og tónlistarhús, bjóða okkur fram í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna o.s.frv. En ef það stendur á peningum væri hægt að nota símapeningana svokölluðu, sem voru eyrnamerktir hátæknisjúkrahúsi. Ríkið nær ekki að reka Landspítalann almennnilega vegna fjárskorts og manneklu. Hvernig ætlar það frekar að reka hátæknisjúkrahús? Plássin þar yrðu margfalt dýrari en á hjúkrunarheimilum. Á að láta það standa autt eða loka deildum?

Ég treysti á að nýi heilbrigðisráðherrann, Guðlaugur Þór Þórðarson, sýni þann kjark að hann þori að endurskoða hvort og þá hvar hátæknisjúkrahús ætti að rísa annars getur það haft í för með sér óafturkræfar og dýrar afleiðingar. Hátæknisjúkrahús tel ég ekki á forgangslista. Við erum með ágætis tæknivædd sjúkrahús, en ég held að allir séu sammála um að það þurfi að reisa fleiri hjúkrunarheimili og það þoli enga bið.

Það er ekki nóg að bara tala fallega á tyllidögum og fyrir kosningar, það þarf að sýna það í verki að aldraðir eiga betra skilið fyrir góðærið sem við búum við.

*Höfundur er stöðuvörður og hjúkrunarfræðingur.*

# Opinberun Fríkirkjuprests

**UMRÆÐAN**
Trúmál


GUÐMUNDUR KARL BRYNJARSSON

Sr. Hjörtur Magni Jóhannsson, forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík, ritaði grein í Fréttablaðið nýverið, þar sem hann segir í fyrirsögn að ég sé fyrirmyndar ríkisprestur. Ég er ekki ríkisprestur heldur Þjóðkirkjuprestur, en þakka hólið.

Grein Hjartar á að vera svar við grein sem ég ritaði þar sem ég velti vöngum yfir guðfræði hans. Að venju er það svo að sé Hjörtur Magni beittur rökum þá drepur hann málinu á dreif með því að tala um tvennt, samkynhneigð og peninga. Hvað varðar síðarnefnda atriðið, Þjóðkirkjuna og peningana: Benti Hjörtur Magni einhvern tíma á þessa meintu óréttlætisstöðu sem hann segir Þjóðkirkjuna hafa þau tíu ár sem hann þjónaði Útskálaprestakalli?

Síðan hann gerðist forstöðumaður Fríkirkjusafnaðarins hefur guðfræði hans að mestu verið talin í krónum og aurum og telur hann sig og söfnuð sinn vera hlunnfarna. Ef hann trúir því að hann hafi höndlað sannleikann í því „réttlætismáli“ væri þá ekki best að sækja það fyrir dómstólum?

En umræðuefni fyrrnefndrar greinar minnar var hvorki samkynhneigð né fjármál. Þar fjallaði ég um orð Hjartar Magna, að hann telji að hin eina rétta leið mannanna til frelsis sé að hafna kenningunni um synd og erfðasynd, sem hann heldur fram að brjóti niður sjálfsmynd mannsins og vinni gegn boðun Krists.

Ég er ekki fróður um sögu Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík en ég veit að hann lýtur trúarjátningum Evangelísk-lútherskrar kristni og játar trú á þríeinan Guð og þar með fyrirgefningu syndanna í Jesú Kristi. Það er fagnaðarerindið sem kirkjan hefur leitast við að boða frá upphafi samkvæmt ritningunum. Þetta virðist Hirti Magna hulið. Hann boðar auk þess „guð“ sem hann segir að sé hafinn yfir trúarbrögð og guðlausan Krist. Hvaðan kemur Fríkirkjuprestinum sú opinberun?

*Höfundur er sóknarprestur í Lindasókn.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



HILLARY CLINTON ER SEXTUG Í DAG

*„Ef ég vil komast á forsíður blaðanna þarf ég ekki að gera annað en breyta um hárgreiðslu.“*

***Hillary Clinton öldungadeildarþingmaður er gift Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, og er nú sjálf í framboði til forsetakosninganna 2008.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 26. OKTÓBER 1927

## *Gagnfræðaskólinn útskrifar stúdenta*

Menntaskólinn á Akureyri á rætur sínar að rekja til Möðruvallaskóla í Hörgárdal 1880. Sá skóli var jafnframt í beinu framhaldi að því skólahaldi sem fór fram á Hólum í Hjaltadal allt frá biskupstíð Jóns Ögmundssonar um 1106 og stóð til 1802 þegar Hólaskóli var lagður niður. Árið 1902 þegar skólahúsið á Möðruvöllum brann var skólinn fluttur um set til Akureyrar og var þá kallaður Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Fyrstu tvö árin var hann að Hafnarstræti 53 en fluttist síðan í nýtt Gagnfræðaskólahús við Eyrarlandsveg haustið 1904. Það hús er enn í notkun og kallast Gamli skóli. Þegar skólinn fór í samstarf við Menntaskólann í Reykjavík árið 1905 gátu nemendur tekið fyrstu þrjú ár hans á Akureyri og sest svo beint í fjórða bekk í Reykjavík. Á árunum 1924-1927 fór svo fram menntaskólakennsla í fyrsta sinn í skólanum. Þeir nemendur sem luku því námi fengu svo utanskóla stúdentspróf frá MR vorið 1927. Um haustið sama ár fékk skólinn svo leyfi til þess að útskrifa stúdenta sjálfur. Árið 1930 var skólinn gerður að fullkomnum menntaskóla og tók hann sér þá núverandi nafn.



Menntaskólinn á Akureyri á rætur sínar að rekja til biskupstíðar Jóns Ögmundssonar.

### MERKISATBURÐIR

**1954** Benjamin O. Davis Jr. verður fyrsti Bandaríkjamaðurinn af afrískum uppruna til að gegna hlutverki aðmíráls í bandaríska flughernum.

**1964** Ronald Reagan flytur ræðu fyrir hönd frambjóðanda repúblikana, Barry Goldwater, sem er upphafið á stjórnmálaferli hans.

**1970** Eðlisfræðingurinn Louis Néel hlýtur Nóbelsverðlaunin.

**1998** Gerard Schröder verður kanslari Þýskalands.

**2005** Dauði tveggja ungra múslima í París veldur óeirðum í borginni.



†

*Elskuleg, ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Kristbjörg Stefánsdóttir**

til heimilis að Skarðshlíð 23e, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 23. október. Útför auglýst síðar.

**Eggert Ólafsson**
**Sigurlaug Anna Eggertsdóttir** **Bergvin Jóhannsson**
**Steinunn Pálína Eggertsdóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Stefán Eggertsson**
**Elín Valgerður Eggertsdóttir** **Hilmar Stefánsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ottó H. Karlsson**

Eskivöllum 9b, Hafnarfirði,

sem lést af slysförum fimmtudaginn 11. október, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 29. október kl. 13.00.

**Klara G. Þórðardóttir**
**Klara Jóhanna Ottósdóttir**
**Ólafur Þór Ottósson** **Helga Björg Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Björk Ottósdóttir**
**Ása Hrund Ottósdóttir**
**Katrín Alexandra, Ottó Gauti og Birgitta Rún.**



†

*Fósturfaðir okkar,*

**Sigurður Alexandersson**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 23. október.

**Hilmar Harðarson** **Jóhannes Þór Hilmarsson**

†

*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Baldurs Björnssonar**

dvalarheimilinu Uppsölum, áður Kaupvangi, Fáskrúðsfirði.

**Björgvin Baldursson** **Anna Þóra Pétursdóttir**
**Birna Baldursdóttir** **Bæring Bjarnar Jónsson**
**Hrefna Björnsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

RITSTJÓRN VEFRITSINS: FAGNAR EINS ÁRS AFMÆLI

# Vinna hugsjónastarf vítt og breitt um bæinn

Vefritið.is fagnaði eins árs afmæli sínu hinn 13. október síðastliðinn. Markmið ritsins er að stuðla að uppbyggilegri umræðu um samfélagsmál og vera spyrjandi og leitandi í umfjöllun um málefni líðandi stundar. Á vefritið skrifar fjölbreyttur hópur ungs fólks sem á það sameiginlegt að vera frjálslynt félagshyggjufólk en skrifar þó ekki undir merkjum stjórnmálaflokka eða félagasamtaka.Frá stofnun hafa birst um 270 greinar eftir 45 manns og hafa fjölmargir heimsótt síðuna.

Níu manns skipa ritstjórn Vefritsins og er Pétur Ólafsson einn þeirra. Hann segir að hugmyndin að ritinu hafi kviknað fyrir allnokkru hjá nokkrum meðlimum í Röskvu, sem eru samtök félagshyggjufólks í Háskóla Íslands, þar sem þörf var talin á riti með áherslu á félagshyggju.

„Við tökum öllum vel sem hafa samband og vilja senda inn grein, eins er hægt að verða fastur pistlahöfundur,“ segir Pétur. Aðspurður segir hann ekki mikið um það að frjálshyggjumenn sendi inn greinar en þeim sé það þó frjálst. Hann segir þó efnistök þurfa að samræmast stefnu ritsins.

Greinarnar eru settar í ákveðna efnisflokka og má nefna, Fátækt og ójöfnuð, lýðræði, jafnrétti, menningu, menntun og mannréttindi. Reynt er að birta nýjar greinar sem oftast og helst á hverjum degi. Pétur segir ritstjórnina vera með aðstöðu í hinum og þessum íbúðum vítt og breitt um bæinn og sinna meðlimir hennar ritstörfunum í frítíma sínum.

Í hverjum mánuði velur ritstjórnin svo grein mánaðarins. Ritstjórn vefritsins heldur einnig úti bloggsíðu á vefritid.blog.is þar sem fólk getur komið með athugasemdir við greinar.

**vera@frettabladid.is**



**RITSTJÓRN VEFRITSINS** Agnar Freyr Helgason, Anna Pála Sverrisdóttir, Eva Bjarnadóttir, Grétar Halldór Gunnarsson, Helga Tryggvadóttir, Magnús Már Guðmundsson, Pétur Ólafsson, Valgerður B. Eggertsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




## 60 ára afmæli

**Már Sveinbjörnsson**

hafnarstjóri verður sextugur laugardaginn 27. október næstkomandi. Af því tilefni býður hann vinum og vandamönnum til afmælisfagnaðar, í húsi frímúrara að Ljósatröð 2 í Hafnarfirði, á afmælisdaginn milli kl. 18 og 21.



## 60 ára afmæli

Í dag, 26. október, er

**Einar Bjarndal Jónsson,**

verkfræðingur á VST sextugur. Hann heldur upp á daginn með vinum og vandamönnum í Rafveituheimilinu, Elliðaárdal, milli kl. 18 og 21 og vonast til að sjá sem flesta.

### AFMÆLI



**Keith Urban** tónlistarmaður er 40 ára.



**Rita Wilson** leikkona er 51 árs.



**Bob Hoskins** leikari er 65 ára.

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



4.990kr
Verð áður 5.990,-

**Philips handþeytari m/skál** HR1565
• Handþeytari á standi með skál



4.990kr
GOTT VERÐ

**Ideline heilsugrill** 743179
• 800w heilsugrill
• Safnar fitu og safa í bakka



1.490kr
GOTT VERÐ

**Melissa brauðrist** 643070
• 800w 2ja sneiða brauðrist
• 7 tímastillingar
• Mylsnubakki



4.990kr
GOTT VERÐ

**Exido blandari** 246015
• 2 hraðastillingar
• Möguleiki: Innbyggður öryggisrofi



4.990kr
GOTT VERÐ

**Exido kaffikanna** 25043
• 900w 1,4l kaffivél með dropastoppara - Ál



4.990kr
Verð áður 5.990,-

**Philips töfrasproti m/skál** HR1364
• Kröftugur mótor með Turbó möguleika
• Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt
• Auðvelt að þrífa
• Þeytari fylgir



6.990kr
GOTT VERÐ

**Philips matvinnsluvél** HR7605
• Einföld og öflug 350w matvinnsluvél
• 1,2 lítra skál
• 1 hraðastilling og púls
• 5 aukahlutir

Gildir til 30. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




PEUGEOT 107 Trendy 5 DOOR

VERÐ FRÁ KR. 1.399.000

- 1.0i, 68 hestöfl
- Meðaleyðsla 4,6l/100km
- Frítt í stæði í miðborginni*
- 5 dyra
- ABS bremsukerfi
- Isofix barnastólafestingar
- 4 loftpúðar
- Snúningsmælir
- Fáanlegur með dísilvél
- Fáanlegur sjálfskiptur

www.peugeot.is

BERNHARD PEUGEOT

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535







## STUÐ MILLI STRÍÐA Æskubrunnur sundlauganna

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR HÉLT AÐ HÚN VÆRI LÖNGU ORÐIN FULLORÐIN



Margir sem eru komnir af barnsaldri muna vel eftir því þegar þeir upplifðu sig í fyrsta skipti sem fullorðna einstaklinga. Persónulega gleymi ég því aldrei þegar ég áttaði mig á því að ég hefði náð þessum áfanga en það gerðist í sundi þegar ég var svona átján ára.

Sem barn var ég tölvert í sundi og þrátt fyrir að hafa verið einstaklega þægilegt og meðfærilegt barn var starfsfólkið alltaf að skamma mig og vinkonur mínar fyrir eitthvað. Oft fannst okkur við vera rétt komnar ofan í þegar við vorum reknar upp úr. Eða við vorum skammaðar fyrir að nota of mikla sápu. Eða okkur var sagt að það væri bannað að vera blautur í búningsklefanum. Og svo framvegis. Við tókum samt öllu bara þegjandi reyndum eins og við gátum að gera ekkert vitlaust.

Óneitanlega brá mér því einn daginn þegar konan í afgreiðslunni bauð mér góðan daginn. Ég leit strax aftur fyrir mig til þess að athuga hvort þar leyndist einhver eldri en ég en þar var enginn. Allt í einu rann upp fyrir mér að ég hlyti að vera orðin fullorðin. Héðan í frá yrði ég ekkert skömmuð í sundi! Héðan í frá gæti ég verið eins lengi ofan í og ég vildi og notað fullt af sápu!

Þrátt fyrir að fara lítið sem ekkert í sund næstu ár á eftir bjó ég því alltaf að þeirri vitneskju að ég væri fullorðinn einstaklingur sem mér fannst gott. Það er að segja þangað til ég fór að stunda sundlaugarnar aftur nýlega.

Eftir nokkur skipti komst ég að því að dagurinn sem ég var fullorðin í sundi var undantekning. Í sundi er nefnilega enginn fullorðinn. Þessu áttaði ég mig á í síðustu viku þar sem ég stóð allsnakin í sturtuklefanum með vinkonu minni á sama aldri og þurfti að hlusta á konuna í sundlauginni skammast yfir því hvað við værum lengi að koma okkur upp úr á meðan hún sprautaði ísköldu vatni á gólfið sem við stóðum á. Á því augnabliki var ég ekki deginum eldri en níu ára.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Chinese kemur út



**AXL ROSE** Forsprakki Guns n´ Roses er sagður þjást af mikilli fullkomnunaráráttu.

Slash, fyrrverandi gítarleikari Guns n´ Roses, segir að plata sveitarinnar Chinese Democracy muni koma út. Söngvarinn Axl Rose lofaði að gefa plötuna út í vor en stóð ekki við það frekar en fyrri daginn.

„Hún kemur út þegar hann verður ánægður með útkomuna. Axl vinnur í öðru tímabelti en ég. Það sem öðru fólki finnst langur tími er örskammur tími hjá honum. Platan kemur samt út, engin spurning,“ sagði Slash.

Rose hefur unnið að plötunni í fjölda ára og hefur gríðarlegum fjármunum verið eytt í hana. Hefur hún verið nefnd dýrasta platan sem aldrei hefur litið dagsins ljós. Sextán ár eru liðin síðan Guns n´ Roses gaf síðast út efni með frumsömdum lögum, þegar plöturnar Use Your Illusion I og II komu út árið 1991.

# Klum féll fyrir hjólabuxunum



**SÁ ALLT** Fyrirsætan Heidi Klum féll fyrir eiginmanni sínum, Seal, þegar hún sá hann í hjólabuxum. „Ég sá allan pakkann,“ sagði hún við Opruh Winfrey.

Söngvarinn Seal og fyrirsætan Heidi Klum mæta sjaldnast saman í viðtöl en gerðu undantekningu á þeirri reglu þegar þau mættu saman í settið til Opruh Winfrey á dögunum í þætti um „ofurstjörnu-pör“. Þar opnuðu þau sig upp á gátt og sögðu meðal annars frá sínum fyrstu kynnum. „Ég hitti hann í anddyri hótels í New York,“ sagði Heidi. „Hann var að koma úr líkamsræktinni. Ég sat bara og hugsaði „vá“ þegar ég sá hann.“

Ástæðan fyrir aðdáuninni var sú að Seal var í þröngum hjólabuxum. „Ég sá nánast allt saman – allan pakkann.“ Frá því augnabliki hafa hjónin verið óaðskiljanleg en þau eiga þrjú börn. „Það er algengast að það komi brestir í samböndin þegar fyrsta barnið kemur,“ sagði Seal í viðtalinu. „Allt fer að snúast um börnin, sem er skiljanlegt í ljósi þess að þau eru kraftaverk. En þá verðið þið að setja hvort annað framar öðru. Heidi verður alltaf númer eitt fyrir mér.“ Oprah var ekki alveg tilbúin að kaupa yfirlýsinguna á staðnum og spurði Heidi hvort það væri satt. „Ég á rómantískasta mann í heimi,“ svaraði Heidi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Keisha Buchanan** úr sveitinni **Sugababes** þarf að gangast undir aðgerð vegna kviðslits. Keisha, sem er 22 ára gömul, segir vinnuálagið loks hafa náð til sín. „Ég verð svo stressuð að ég get ekki einu sinni horft á ferðaáætlun okkar,“ segir söngkonan, sem er nokkuð áhyggjufull alla jafna. „Ég hef áhyggjur af myndatökum, hvað ég eigi að segja í viðtölum, ég veit aldrei hvað við erum að gera – ég bara get þetta ekki,“ segir hún.



**Mariuh Carey** langar að verða heimavinnandi húsmóðir og vill ólm koma fjölskyldu á legg. Hún vill þó ekki eignast barn utan hjónabands. „Ef ég myndi eignast barn myndi ég vilja vera gift,“ segir söngkonan. „Foreldrar mínir skildu þegar ég var ung. Ég er ekki að segja að því hafi fylgt istöðuleysi, en það var ekki fullkomið heldur,“ segir hún.



**Brad Pitt** ku vera reiður konu sinni, **Angelinu Jolie**. Brad hefur ítrekað beðið Angelinu að koma sér fyrir á einum og sama stað, barnanna vegna. Síðan **Maddox**, elsta barn þeirra, fæddist hefur hann búið á fimmtán heimilum víðs vegar um heiminn, þar með talið í París, Prag, Berlín, Namibíu og á Indlandi. „Maddox er aldrei á sama stað eða í sama skóla nógu lengi til að eignast vini,“ segir vinur parsins, og það fellur Brad ekki í geð.



Idol-stjörnunni **Carrie Underwood** hefur vegnað alveg hreint ágætlega á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan hún sigraði í þættinum. Önnur plata hennar, Carnival Ride, hefur mokselst síðan á þriðjudag, þegar hún kom út, og talið er að í fyrstu vikunni muni fara heil 450 þúsund eintök af henni. Þar með hefur hún skotið fyrsta idolinu, **Kelly Clarkson**, ref fyrir rass, en síðasta plata hennar seldist í aðeins 291 þúsund eintökum fyrstu vikuna.


Menning sem atvinnugrein

Ráðstefna um tækifæri menningarstarfs fyrir samfélög utan höfuðborgarinnar



Ráðstefna um menningarmál í Háskólanum á Bifröst laugardaginn 27. október kl.13.00-16.00

Menningarráð Vesturlands og meistaranám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, halda sameiginlega ráðstefnu um menningarmál á landsbyggðinni og menningarsamninga.

Dagskrá:

13.00
Helga Halldórsdóttir, formaður Menningarnefndar Vesturlands setur ráðstefnuna.

Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi á Vesturlandi kynnir nokkur verkefni sem menningarráð styrkir.

Sigfúsarlög flutt af Hönnu Þóru Guðbrandsdóttur söngkonu frá Akranesi og Viðari Guðmundssyni píanóleikara frá Kaðalstöðum.

Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, Menning sem atvinnugrein.

Stutt brot úr kvikmynd um vesturfara, Steinþór Birgisson kynnir myndina.

Eyja stuttmynd Daggar Mósesdóttur sem er innlegg hennar í alþjóðlega stuttmyndahátíð sem hún stýrir í Grundarfirði í febrúar 2008.

Kaffi

Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi á Austurlandi, Norrænt samstarf, sköpun eða skipbrot.

Njörður Sigurjónsson, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst, Menning til höfuðs kapítalismanum.

Ráðstefnunni lýkur með umræðum sem Njörður Sigurjónsson stjórnar en þátttakendur eru ráðstefnugestir, nemendur í menningarstjórnun og einnig nýráðnir menningarfulltrúar vítt og breitt um landið.

Ráðstefnan er öllum opin og hvetjum við alla sem vinna að menningarstarfi eða hafa áhuga á að efla menningu á landsbyggðinni að taka þátt í þessari ráðstefnu.

MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS
menningarviti.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

**kl.16.30**

*Danska djasssveitin Memories of you leikur á veitingastofu Kaffitárs í Þjóðminjasafninu í dag kl. 16.30. Hljómsveitin staldrar stutt við á Íslandi og því er um að gera að nýta tækifærið til að sjá hana koma fram á þessum síðdegistónleikum í dag.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Forn handrit upp á yfirborðið á ný

Fornleifafræðingar hafa hafið á ný uppgröft forns handritasafns sem staðsett er í rústum rómverskra borgarinnar Herculaneum á Ítalíu og er talið innihalda ævaforn grísk og rómversk handrit.

Handritin týndust þegar eldfjallið Vesúvíus gaus árið 79 með þeim afleiðingum að borgirnar Pompeii og Herculaneum grófust í ösku.

Handritasafnið er til húsa í síðarnefnda bænum, í byggingu sem var í eigu Luciusar Calpruniusar Piso, en hann var tengdafaðir Júlíusar Sesars, keisara Rómaveldis.

Byggingin fannst fyrir tilviljun á nítjándu öld þegar nokkrir verkfræðingar grófu fyrir brunni. Þeir grófu göng sem leiddu þá óvænt að fögrum rómverskum höggmyndum og um 1800 papýrusrúllum sem innihéldu meðal annars verk eftir gríska heimspekinginn Fílódermus. Höggmyndirnar og handritin eru nú í fornleifasafninu í Napólí.



**BÆRINN POMPEII MEÐ VESÚVÍUS Í BAKSÝN** Pompeii var nágrannaborg Herculaneum en báðar grófust í ösku árið 79.

Fyrir tíu árum uppgötvuðust tvær hæðir til viðbótar í byggingunni og ýtti sá fundur undir vonir um að fleiri handrit gætu hugsanlega fundist. Uppgreftrinum var þó hætt árið 1998 þar sem ekki fengust styrkir til þess að halda áfram með verkið.

Nýlega bárust verkefninu styrkir frá nokkrum aðilum, þar á meðal Evrópusambandinu, og því er nú hægt að halda verkefninu gangandi til nokkurra ára. Rústirnar hafa verið opnar almenningi en þeim hefur verið lokað að nýju til þess að fornleifafræðingar geti unnið truflunarlaust að rannsóknum og forvörslu rústanna.

Sumir fræðimenn trúa því að handritin sem finna má í byggingunni innihaldi verk eftir ekki ómerkari menn en Aristóteles, Evrípídes og Sófókles og að því sé það forgangsatriði að halda uppgreftrinum áfram.

- vþ

# Embla lætur í sér heyra

Kvennakórinn Embla verður með tónleika í Norræna húsinu á morgun kl. 15 þar sem flutt verða verk fyrir kvennakór, einsöngvara og píanó eftir norska tónsnillinginn Edvard Grieg í tilefni 100 ára dánarafmælis hans á þessu ári.



**KVENNAKÓRINN EMBLA**

Flutt verða öll þau verk sem tónskáldið samdi fyrir kvennakór og auk þess kaflar úr Pétri Gaut og úr ófullgerðu óperunni Ólafi Tryggvasyni. Þetta er einstaklega aðgengileg og falleg tónlist sem flestir geta eflaust notið.

Auðrún Aðalsteinsdóttir og Þuríður Baldursdóttir syngja einsöng ásamt félögum úr kórnum. Píanóleikari á tónleikunum er Aladár Rácz.

Kvennakórinn Embla var stofnaður 1. september 2002 og er skipaður konum af Eyjafjarðarsvæðinu. Markmið kórsins er að flytja klassíska og nýja tónlist fyrir kvennaraddir og hefur kórinn flutt verk eftir snillinga eins og Grieg, Liszt, Bach, Brahms, Britten, Haydn, Telemann og Pergolesi.

Stofnandi og stjórnandi kórsins er Roar Kvam.

- vþ

# Japanskur femínisti

Breski fræðimaðurinn Duncan Adam flytur í dag fyrirlestur um japanska rithöfundinn Yukio Mishima, sem var einn af þekktustu rithöfundum Japans á seinni hluta 20. aldar og var orðaður við bókmenntaverðlaun Nóbels oftar en einu sinni. Ein af skáldsögum hans, Sjóarinn sem hafnaði, var gefin út í íslenskri þýðingu Hauks Ágústssonar árið 1974.

Duncan segir Mishima hafa verið afkastamikinn höfund og áhugaverða persónu. „Hann skrifaði mjög mikið og gaf út 40 skáldsögur á ferli sínum, ásamt því sem hann skrifaði smásögur, leikrit og fleira. Það verða að teljast frekar mikil afköst, sérlega ef tillit er tekið til þess að hann var aðeins 45 ára þegar hann svipti sig lífi. Hann hafði áhuga á stjórnmálum og var íhaldssamur í skoðunum. Hann bar til að mynda mikla virðingu fyrir keisarafjölskyldunni, var staðfastur þjóðernissinni, hafði áhuga á hernaði og gekk meira að segja svo langt að stofna og þjálfa upp sinn eigin her.“

Mishima öðlaðist frægð aðeins 24 ára gamall fyrir skáldsögu sína Kamen no Kokuhaku (e. Confessions of a Mask). Bókin fjallar um ungan samkynhneigðan mann sem þarf að bera grímu í samskiptum sínum við samfélagið. Talið er að Mishima hafi skrifað bókina út frá eigin reynslu. Hann var kvæntur og átti börn en flestir eru sammála um að hann hafi verið samkynhneigður.

Fyrirlestur Duncans fjallar um femínisma í skrifum Mishima, sem einhverjum kann að þykja undarlegt í ljósi þess að um er að ræða íhaldssaman en jafnframt samkynhneigðan karlkyns höfund.

„Um helmingur bókanna sem eftir hann liggja er alvarlegar og listrænar bókmenntir. Hinn helmingurinn samanstendur af bókmenntum sem mætti kalla eins konar draumórabækur fyrir konur. Þar fjallar hann um japanskar framakonur sem reka fyrirtæki og eiga í ástarsamböndum við unga, myndarlega karlmenn. Á þeim tíma sem hann skrifar þessar bækur er viðhorf til kvenna í Japan afar íhaldssamt og því voru sjálfstæðu konurnar sem hann skrifaði um varla til nema í draumórum. Líklegt þykir að hann hafi skrifað þessar bókmenntir til að fá útrás fyrir löngun sína til þess að skrifa um kynþokkafulla karlmenn, en það þótti ásættanlegra að skrifa slíkar bækur út frá reynsluheimi kvenna fremur en samkynhneigðra karla, og því mætti segja að konurnar í bókunum



**JAPANSKI RITHÖFUNDURINN YUKIO MISHIMA** Féll fyrir eigin hendi aðeins 45 ára gamall.

séu í raun staðgenglar samkynhneigðra karla. Því má setja spurningamerki við hvort ásetningur þessara skrifa hans hafi verið femínískur. En það er samt fróðlegt að skoða þau með femíníska hugsun að leiðarljósi,“ segir Duncan.

Duncan Adam er hér á landi til að kenna japanskar bókmenntir við Háskóla Íslands. Hann er auk þess að leggja lokahönd á doktorsritgerð sína sem hann nefnir „Desire in the fiction of Mishima Yukio“.

Fyrirlesturinn, sem fer fram kl. 12.05 í stofu 207 í aðalbyggingu Háskóla Íslands, er haldinn á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Íslensk-japanska félagsins í samvinnu við japanska sendiráðið á Íslandi.

vigdis@frettabladid.is








**SINNEP**

**Atli Ingólfsson**

# Einlægni?

Stundum er listaverki hrósað fyrir einlægni. Þetta hef ég aldrei skilið.

1) Sá telst einlægur sem segir umyrðalaust það sem hann hugsar. Um leið og hann færir lítið eitt í stílinn er hann hins vegar farinn að fást um áhrif orða sinna, ekki bara innihaldið. Algengt er að menn beiti vísvitandi orðalagi eða látbragði sem á að undirstrika einlægnina. Þeir leika einlægni. Þar með rýrnar hún.

2) Nú sest ég niður og bý til listaverk. Sú vinna felur í sér vangaveltur um hvernig eigi að setja hugmyndir fram. Þar er jafnvel eftirsóknarvert að þær séu tví- eða margræðar. Ekki er gott að átta sig á því hvað þá verður um einlægnina.

3) Það er svo sem ekki ámælisvert þótt áhorfandi lýsi með þessu orði einhverju sem hann upplifir í verkinu. Öllu skrýtnara er þegar listamaðurinn hendir þetta á lofti og setur á stefnuskrána.

4) Bernska, einfaldleiki eða næfismi einkenna stíl margra ágætra listamanna. Þetta er stíll, frásagnaraðferð, og ekki er hægt að draga neinar ályktanir um einlægni þeirra af þessu.

5) Listaverk hefur tvær hliðar. Annars vegar er það smíðisgripur, eitthvað sem við skynjum. Þessari hlið stjórnar höfundurinn. Hins vegar er það merking, allt það sem smíðisgripurinn kveikir í hugarheiminum. Hér eru ítök höfundarins minni. Hann hefur þó auðvitað sínar væntingar um útgeislun verksins. Í stuttu máli má segja að hann hafi afgerandi áhrif á hvað verkið er en stjórni því ekki fullkomlega sem það segir. Sem sagt í vissum skilningi hvað hann sjálfur segir með verkinu.

6) Umrætt orð á einfaldlega ekki við um listaverk. Og listamaður sem læst vera einlægur er annað hvort óupplýstur eða tvöfaldur í roðinu.

7) Eða er átt við heiðarleika? Það er skiljanlegra. Heiðarlegur er segjum sá höfundur sem ekki sparar við sig vinnu, hættir ekki á miðri leið. Fer þangað sem formin draga hann þótt það þýði að hann verði ekki lengur þessi „hann sjálfur“ sem sumir vilja setja á stall. Verkið er einfaldlega ekki til að upphefja höfundinn eða hans hugrenningar.

8) „Ég met einlægni höfundar af tæknilegri fullkomnun verkanna“ sagði Ezra Pound einu sinni. Það má altént telja heiðarlegt að nota ekki einlægni sem afsökun fyrir andlegri leti.

9) Jæja skyldi vera til undantekning: Kannski eru þeir sem hafa ekkert að segja mjög einlægir þegar þeir segja það...

# Full búð af frábærum tilboðum




**1.516** kr/kg, áður 2.527 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur án skinns




**249** kr/kg, áður 392 kr/kg
Borgarness saltkjköt




**779** kr/kg, áður 1.198 kr/kg
Goða lifrarpylsa frosin, 4 stk. í pakka.
Goða blóðmör frosinn, 4 stk í pakka




**699** kr/pk, 30 skammtar
Ariel þvottaefni




**141** kr/kg, áður 281 kr/kg
Matfugls kjúklingavængir




**1.095** kr/kg, áður 1.825 kr/kg
Borgarness Helgargrís með
pestó á ítalska vísu




**1.999** kr/stk
Latibær, 4 þættir




**COOP**
**mexíkóvörur**




**SACLA dagar**

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 25.–29. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Litríkari en hljómsveit

Rússnesk-ísraelski píanósnillingurinn Albert Mamriev heldur tónleika í Tíbrá, tónleikaröð Salarins í Kópavogi, á morgun kl. 17. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu Tíbrár í Salnum við Richard Wagner félagið. Á efnisskránni eru umritanir eftir Franz Lizst á stefjum og þáttum úr óperum Richards Wagner. Óperurnar sem um ræðir eru Rienzi, Lohengrin, Niflungahringurinn, Hollendingurinn fljúgandi, Tristan og Ísold, Meistarasöngvararnir frá Nürnberg, og forleikurinn að Tannhäuser.

Áður en tónleikarnir hefjast flytur Reynir Axelsson formálsorð þar sem hann fjallar um tengsl þeirra Richards Wagner og Franz Liszt og þann jarðveg sem umritanir Liszts eru sprottnar úr. Kynningin er í boði Wagnerfélagsins og hefst kl. 16.15. Aðgangur að kynningunni er ókeypis og allir velkomnir.

Albert Mamriev fæddist í lýðveldinu Dagestan og stundaði nám í Rússlandi, Ísrael og Þýskalandi. Hann er talinn einn af helstu píanóleikurum í Ísrael, hefur unnið til verðlauna í mörgum alþjóðlegum píanókeppnum og er í dómnefnd Alþjóðlegu píanókeppninnar í Madríd. Hann hefur haldið einleikstónleika í helstu borgum á Spáni, leikið í Salle Cortot í París, Kongresszentrum í Hannover, Glinka Musiksalon í Berlín og víðar. Nýlega hefur hann komið fram sem einleikari með Konunglegu skosku þjóðarhljómsveitinni, Ísraelsku kammersveitinni og Sinfóníuhljómsveit Mexíkó svo einhverjar séu nefndar.


**PÍANÓLEIKARINN ALBERT MAMRIEV** Tekur Wagner fyrir á tónleikum í Salnum á morgun.

Á liðnu ári hefur Albert Mamriev komið fram í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Spáni, Kína, Frakklandi, Ísrael og Ungverjalandi. Efnisskrá ársins var helguð 195. afmælisári Liszts og innihélt allar útsetningar Liszts fyrir píanó af verkum Wagners. Mamriev hefur sagt að draumur sinn sé að leika tónlist Wagners á píanó á fegurri og litríkari hátt en hljómsveit. Það verður áhorfenda að dæma hvort þessi draumur hans rætist í Salnum á laugardag.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og er almennt miðaverð 2.000 kr.

- vþ


Salurinn

**FIMMTUDAGUR 25. OKTÓBER KL. 20**
SKUGGABLÓM, NÝ ÍSLENSK ÓPERA
2. SÝNING. ÖRFÁ SÆTI LAUS.

**LAUGADAGUR 27. OKTÓBER KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
ALBERT MAMRIEV - KL. 16.15 flytur Reynir Axelsson formálsorð.
Miðaverð 2000/1600 kr.

**LAUGARDAGUR 3. NÓVEMBER KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
Leikverk í tali og tónum. Höfundurinn Stephanie Wendt kemur fram í hlutverki Clöru Schumann.
Miðaverð 2000/1600 kr.

**ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR - DEBUT
BYLGJA DÍS GUNNARSDÓTTIR og JULIA LYNCH
Miðaverð 2000/1600 kr.

AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS


# Dansflokkur vestur

Íslenski dansflokkurinn hélt vestur um haf í gær. Verður flokkurinn á ferðalagi í nær þrjár vikur og sýnir í sjö borgum á austurströnd Bandaríkjanna, frá Virginíu upp til New Hampshire. Er þetta í samræmi við þá stefnu flokksins að sýna mikið erlendis en á undanförnum árum hefur hann sýnt víða og fær að jafnaði fjölda boða um sýningarhald. Er skemmst að minnast ferðar hans til Kína, en í Evrópu hefur flokkurinn sýnt í Frakklandi, Slóveníu, Austurríki, Líbanon, Skotlandi, Tékklandi, Póllandi, Belgíu, Þýskalandi, Hollandi, Danmörku, Ítalíu, Finnlandi og Svíþjóð.


**LISTDANS** Íslenski dansflokkurinn er eini atvinnumannadansflokkurinn hér á landi og er tíðum á ferðalögum.

Sýningarferðalög dansflokksins hafa aukist en hann sýnir að jafnaði tvær til þrjár nýjar sýningar í Borgarleikhúsinu þar sem hann hefur aðsetur. Við dansflokkinn starfa nú 11 dansarar, fastráðnir, gestadansarar og nemendur á danssamningum. Verkin á efnisskrá flokksins eru afar fjölbreytt. Hefur verið lögð áhersla á það í efnisvali að sinna jöfnum höndum íslenskri dansasmíð og kalla erlenda höfunda til starfa með flokknum. Hafa sumir þeirra komið með fullbúin verk í farteskinu en aðrir lagt áherslu á að smíða ný verk með flokknum.

Þegar heim verður komið mun hluti af dönsurum flokksins halda til Frakklands er þar er í næsta mánuði danshátíð helguð verkum Ernu Ómarsdóttur.

- pbb

# Höfðinu ofaukið

**BÓKMENNTIR**

**Ég halla mér að þér og flýg**
Kristín Bjarnadóttir



★★

Niðurstaða:
Auðmjúk ljóð og auðlesin.

Þetta er ferðasaga í tvennum skilningi; pílagrímsferð skáldkonunnar (sem jafnframt er tangódansari) til Buenos Aires í Argentínu og ferð í gegnum ástríðuland tangódansins frá a til zetu. Ljóðmælandinn (ég) er skáldkonan sjálf og mælir nánast undantekningarlaust í nútíð og sviðsetur atburði jafnt sem hugrenningar sínar frammi fyrir lesandanum hér og nú, talar við sjálfa sig og engan einsog í lýrískri dagbók sem þó er aldrei ætlað að vera einkamál. Form sem hentar yrkisefninu vel.

Í bókinni eru „fimm prósaljóð um leiðir tangófífla“ (3) og kýs skáldið sjaldnast að yfirfæra þá merkingu eða ljá efninu víðari skírskotun; þetta eru ljóð um tangódans og tangófífl, „lífið snýst um næsta dans“ (6). Er það í senn ágæti ljóðanna og ávöntun; hnitmiðar erindið en sker því þröngan stakk – ferðalag um tangólendur með mjög nálægum (ágengum) og persónulegum (hlutlægum) mælanda; „ég er“ er eftirlætis frumlag og sögn. En þetta eru auðmjúk ljóð og auðlesin, myndmálið hæverskt og orðfærið temprað, beinar myndir víða fallegar og skírar, takturinn léttur og svífandi, framvindan taktviss og tónræn. Ljóð sem ætla sér að vera dans og tónlist samin úr orðum fremur en orð sem spretta af dansi og tón. Þekkilegur skáldskapur en léttvægur.

Það er nokkur annmarki á kveðskapnum hversu skáldkonunni er tamt að nota orðin sem tilfinning ljóðanna lýsir í stað þess að treysta sviðsetningunni, t.d. kalt og hlýtt bls. 17, lykt bls. 10, breytist bls. 21, ótal dæmi. Áhrifin eru sterkari þegar tilfinningin er gefin í skyn og lesandanum gefið eftir að botna, t.d. bls. 15-16 þar sem fátækt er ekki nefnd upphátt. Það dregur úr slagkrafti þegar ljóð eru of ljós; lesandinn þráir að vera „staddur í gátu við sérhver gatnamót“ (11). Og eftirminnilegust eru þau ljóðbrot bókarinnar sem dylja mest en vísa hæst – besta dæmið er erindi 31 á bls. 22 sem hefst á „ferð í draumi“ og lýkur með himnaför; „ef þetta er lífið þá hugsa ég að við maría séum bíó fyrir guð“. Hér nær skáldskapurinn sama flugi og dansinn.

En skemmtilegasta hugmynd bókarinnar er sú að hætta að hugsa, „hvað hugsar þú þegar þú hugsar ekki neitt?“ (43) spyr skáldkonan þegar danskennarinn krefur hana um að hætta að hugsa (og láta dansinn taka yfir) og persóna innan ljóðsins ræður gátuna; „láttu líkamann svara“, segir hún, anda, opna, fljúga. Þarna er tæpt á spurnsmálum er varða uppsprettu sköpunar og túlkunar, listamannseðlið, spurt hvort sköpunarkrafturinn spretti af líkamlegri kviku eða andlegum innblæstri, tilfinningum, ástríðu, skynjun, vitsmunum – á listamaðurinn sér ef til vill annað sjálf hið innra sem er forsenda gáfu hans en hann nær ekki sambandi við nema hann tæmi hugann og hafni rökum veruleikans? Eða er tangóinn einfaldlega bara það holdlegur að höfðinu er ofaukið? Lesandanum er gefið eftir að leita svars í bókinni og er þetta vísbending um að „tangóinn er margt annað en dans“(40) – þær vísbendingar mættu að ósekju vera fleiri.

Mjúk bók og ljúf lesning en skáldskapur sem svarar með orði flestu sem hann spyr í mynd.

Sigurður Hróarsson


KRINGLU KRÁIN
Karma
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum





# Franskir sjónvarpsmolar

Alþjóðlegi minjadagurinn er á morgun en til hans var stofnað af Unesco til að vekja almenning í heiminum til vitundar um vandamálið varðandi vörslu hljóð- og sjónminja, raunverulegra minninga frá okkar tímum.

„Les 24 heures de la télé“ (24 klst. sjónvarpsins), er samantekt úr safni franska sjónvarpsins sem er 1 klst. og 20 mín. að lengd. Í henni er blandað saman hrífandi, fyndnum eða undraverðum senum úr heimi íþrótta, stjórnmála, tónlistar, þjóðfélags, er koma frá „L´institut national de l´audiovisuel“ (Þjóðarstofnun varðandi útvarp og sjónvarp) þar í landi.

Meðal áhugaverðs efnis má nefna tónleika Rostropovitch við Berlínarmúrinn,


**JACQUES BREL**

fyrsta viðtalið við Jacques Chirac, Jacques Brel syngjandi Amsterdam, erfiðleika Johnny Hallyday í París-Dakar rallíinu, viðtal við John F. Kennedy fyrir forsetakosningarnar og hina magnþrungnu spennu í vítaspyrnunum í leiknum milli Frakklands og Brasilíu í heimsmeistarakeppninni árið 1986. Í tilefni dagsins verður dagskráin sýnd á morgun í húsakynnum Alliance Francaise við Tryggvagötu. Aðgangur er ókeypis en sætafjöldi takmarkaður.

Þeir sem vilja tryggja sér sæti geta hringt í s. 552 3870 (á milli kl. 16.00 og 19.00) eða sent tölvupóst (alliance@af.is). Sýningin á morgun hefst kl. 20.


MAN
NAU
ÐUR
HVER ER ÞINNA

## NÝJAR BÆKUR



JPV-útgáfa sendir nú frá sér bók eftir Hildi Helgadóttur þar sem hún segir frá því þegar hún fór til Bosníu á vegum íslenska utanríkisráðuneytisins og var send í þjálfun hjá breska hernum. Hún veltir upp áleitnum spurningum um þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum en sýnir jafnframt broslegar hliðar herlífsins og gerir óspart grín að sjálfri sér í framandi og stundum ógnandi aðstæðum. Hildur Helgadóttir er með meistarapróf í hjúkrun frá Háskólanum í Calgary í Kanada og verkefnastjórnun frá Háskóla Íslands og hefur kennt við báða þessa skóla. Hún hefur starfað víða sem hjúkrunarfræðingur en 1998 réðist hún í heilsugæslusveit breska hersins í friðargæslusveit NATO í Bosníu. Hildur hefur skrifað fjölda greina um hjúkrunarfræði en einnig hafa birst eftir hana smásögur.



Íslensk menning annað bindi til heiðurs Sigurði Gylfa Magnússyni fimmtugum er komið úr hjá Einsögustofnun í Reykjavík. Það geymir safn greina af ýmsu tagi eftir átján höfunda, viðtal við Sigurð Gylfa og teikningu af afmælisbarninu: Meðal höfunda eru Ármann Jakobsson, Bryndís Björgvinsdóttir, Davíð Ólafsson, Eggert Þór Bernharðsson, Einar Már Guðmundsson, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Karl Helgason og nafni hans Ólafsson svo nokkrir séu nefdndir. Afmælisritið er 156 bls.



Sigurður Hjartarson sagnfræðingur hefur gefið út Örstutta frásögn af eyðingu Indíalanda eftir Bartolomé de Las Casas og er útgáfan tileinkuð Amnesty International á Íslandi. Las Casas (1484-1566) var spænskur munkur sem starfaði áratugum saman í nýlendum Spánar í Ameríku. Frá 1515 til æviloka barðist hann ötullega í ræðu og riti fyrir réttindum indíána og bættri meðferð nýlenduherranna á þeim. Sigurður þýðir fordæmingarrit hans, ritar formála og semur skýringar. Bókin er myndskreytt koparstungum, flestum eftir flæmska listamanninn Theodor de Bry. Þýðandi gefur út en ritið er 158 síður.


# STÆRSTA KÖKUBOÐ LANDSINS!




Komdu í Hagkaup í dag!

Kökublaðið er komið út!

## Gestgjafinn býður þér í kökuboð

Komdu í Hagkaup, Skeifunni, Kringlunni og Smáralind, milli kl. 15 og 19 í dag.
Í boði verður hinn fullkomni súkkulaðidraumur sem prýðir forsíðu Gestgjafans að þessu sinni. Komdu og bragðaðu á ljúffengum draumi!

**Láttu sjá þig!**









HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hvaða blað ert þú að lesa? Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma 515 5555 eða sendu okkur póst á askrift@birtingur.is

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

DYNAMO REYKJAVÍK



MANNAUÐUR er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík, Landsbankans, Deloitte, Morgunblaðsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.
Landsbankinn er meginstyrktaraðili verkefnisins.

R GÆFU SMIÐUR?

mannaudur.hr.is

Landsbankinn
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
Morgunblaðið
Deloitte.

GOTT FÓLK

NÝ DÖNSK





BRITNEY SPEARS

> Í SPILARANUM

Britney Spears - Blackout
Plants & Animals - With/Avec EP
Mugison - Mugiboogie
Radiohead - In Rainbows
Nýdönsk - 1987-2007

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Dýrðin uppgötvuð

Hljómsveitin Dýrðin fær góða dóma fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves-hátíðinni hjá tónlistarsíðunni Pitchfork. Ákvað greinarhöfundur að sjá Dýrðina spila fyrir um þrjátíu manns á Grand Rokk í stað þess að fylgjast með hinum þekktu !!!, Bloc Party og Chromeu troða upp. Ástæðan var sú að hann hafði heyrt lög með sveitinni á heimasíðu Iceland Airwaves.

„Sem betur fer fannst mér Dýrðin vera uppgötvun hátíðarinnar,“ sagði blaðamaðurinn, sem heillaðist sérstaklega af lokalagi tónleikanna, Bubble Girl. „Það var ennþá í höfðinu á mér morguninn eftir þegar allir pökkuðu föggum sínum og ráfuðu síðan um Reykjavík til að eyða sínum síðustu krónum í undarlegt lakkrís-sælgæti og ullarpeysur.“



**DÝRÐIN** Hljómsveitin Dýrðin fær góða dóma á tónlistarsíðunni Pitchfork.



> **Plata vikunnar**

Megas og senuþjófarnir – Hold er mold

★★★★★

„Klassapopp með þjóðlegum blæ hreintungumeistara sem kann bæði að yrkja og smíða nýtt í slangrinu.“

PBB



## TÓNNINN GEFINN

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Breyttir tímar*

Fyrir rétt um ári síðan skrifaði ég þrjá pistla hér á tónlistarsíðum Fréttablaðsins um niðurgang íslensks popps. Beindi ég gagnrýni minni að útvarpsstöðvunum og hljómsveitunum sjálfum en þó aðallega að útgáfufyrirtækjunum og auðvitað mest að Senu, langstærsta tónlistarútgáfufyrirtæki landsins. Sagði ég íslensku poppsenuna einkennast af ófrumlegum, leiðinlegum og óáhættusömum uppátækjum sem væru ekki í samræmi við íslenskt samfélag. Fyrir loks tveimur vikum síðan kvað við nýjan tón í íslenskri poppmenningu og ég verð að viðurkenna að það gladdi mitt litla hjarta einstaklega mikið.



**STUÐ Á AIRWAVES** Airwaves-hátíðin er nýafstaðin en þar stóðu íslenskar sveitir sig með prýði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tímarnir okkar með Sprengjuhöllinni er ekkert annað en Sumar á Sýrlandi minnar kynslóðar. Sneisafull af ódauðlegum poppmelódíum sem verða kyrjaðar af íslensku þjóðinni um ókomna framtíð. Um daginn var ég einmitt staddur á tónleikum með Sprengjuhöllinni. Mér á vinstri hönd var ungt par í frekar djúpum sleik og mér á hægri hönd söng móðir mín hástöfum með og klappaði. Þetta kallar maður klassík.

Og nú er kominn tími til þess að láta kné fylgja kviði enda ætti flestum að vera ljóst að 98% þeirra sem eru að skapa tónlist á Íslandi eru ekki í þessum Ædol/X-faktor/kareokí-pælingum sem hafa þó verið ráðandi í íslenskri tónlistarútgáfu. En þetta er ekki eingöngu undir útgáfufyrirtækjunum komið enda taka þau oftast töluverða áhættu. Útvarpsstöðvarnar, þið vitið, þessar ljúfu topptónlistarstöðvar sem eru alltaf bjartar og brosandi, þurfa að vakna og sjá að nútíma íslenskt popp heillar hlustendur alveg jafn mikið og gamli góði Rod Stewart, ef ekki meira. Hljómsveitirnar þurfa einnig að átta sig á að poppformið er ekki svo óheillandi eftir allt saman. Spilun á FM 957 og/eða Bylgjunni þarf ekki að þýða endalok heimsins.

Ég gæti núna dottið í upptalningu á þeim fjölmörgu íslensku hljómsveitum sem mér finnst vera að hjálpa Sprengjuhöllinni að breyta íslenska popplandslagi og gætu jafnvel breytt því enn meira en Sprengjuhöllin hefur gert til þessa. Listinn er einfaldlega of langur og þeir sem hafa á annað borð áhuga á að finna þær þurfa ekki annað en að líta í kringum hornið.

# Frjósamt samstarf

**Platan Raising Sand með Robert Plant og Alison Krauss hefur komið aðdáendum þeirra skemmtilega á óvart. Ekki bara sú staðreynd að þessir ólíku tónlistarmenn hafi gert plötu saman, heldur líka hversu vel hún heppnaðist. Trausti Júlíusson skoðaði samstarf rokkarans og blúgrass-gyðjunnar.**



**INNILEG** Robert Plant og Alison Krauss eiga varla orð til að lýsa aðdáuninni sem þau hafa hvort á öðru.

Nú í vikunni kom út platan Raising Sand með Led Zeppelin-söngvaranum Robert Plant og blúgrass-gyðjunni Alison Krauss. Platan, sem hefur fengið afbragðsdóma, var tekin upp undir stjórn T-Bone Burnett, sem er talinn eiga stóran þátt í því hversu vel tókst til. T-Bone er sennilega þekktastur fyrir að hafa stjórnað upptökum á tónlistinni á kvikmyndaplötunum O Brother, Where Art Thou?, Cold Mountain og Walk The Line.

### Óvænt símtal

Forsögu plötunnar má rekja til símtals sem Alison Krauss fékk algerlega óvænt þegar hún var heima hjá sér í Nashville fyrir sjö árum. Í símanum var enginn annar en Robert Plant, sem tjáði henni að hann væri mikill aðdáandi og að hann vonaðist til þess að þau gætu einhvern tímann unnið saman. Nokkrum árum seinna var Plant beðinn um að taka þátt í dagskrá til heiðurs blúsgoðsögninni Leadbelly og hann notaði tækifærið og bað Alison að syngja með sér. Þau tóku saman fjögur lög og komust að því að þau vildu gjarna vinna meira saman.

### Fiðlu-undrið frá Illinois

Robert Plant er að sjálfsögðu óþarft að kynna, en Alison Krauss, sem er fædd 1971 var fyrst þekkt sem fiðlu-undrið frá Illinois sem fékk plötusamning þrettán ára. Hún hefur undanfarin ár verið fremst í flokki þeirra tónlistarmanna af yngri kynslóðinni sem halda merkjum blúgrass-tónlistarinnar á lofti, en blúgrass er einskonar frum-kántrý. Alison hefur fengið fleiri Grammy-verðlaun en nokkur önnur kona, 20 talsins.

T-Bone Burnett vakti athygli á áttunda áratugnum sem gítarleikari í bandi Bob Dylan, Rolling Thunder Revue, en fór að snúa sér meira að upptökustjórn á níunda áratugnum, tók til dæmis upp plötu Elvis Costello King of America árið 1986. Alison hafði unnið með honum á O Brother... og Cold Mountain-plötunum og stakk upp á því að hann stjórnaði upptökunum á plötunni hennar með Plant.

### Reynsla sem breytti lífi þeirra

Raising Sand var tekin upp á tíu dögum síðasta haust. Á henni eru þrettán lög eftir lagahöfunda eins og Gene Clark, Tom Waits, Townes Van Zandt, The Everly Brothers og Little Milton. T-Bone valdi lögin í samráði við Plant og Alison. Tónlistin á Raising Sand sækir í bandaríska alþýðutónlistarhefð. Á henni blandast saman áhrif frá blúgrass, kántrý, þjóðlagatónlist, soul og rokkabillý.

Bæði Robert Plant og Alison Krauss tala um að gerð plötunnar hafi verið reynsla sem breytti lífi þeirra. Þau voru bæði stressuð í byrjun, en svo small allt og útkoman er heillandi plata sem líkist engu öðru sem þau hafa áður gert. Þau syngja mikið í harmóníu, en það er nokkuð sem Robert Plant hefur ekki fengist við áður. Raising Sand hefur fengið frábæra dóma, til dæmis fimm stjörnur af fimm mögulegum í Mojo, Uncut og breska dagblaðinu Independent.


ROPE YOGA

WWW.OSK.IS

Bæjarhraun 22 220 Hafnarfjörður
Veffang: osk@osk.is / rakel@osk.is
Símar: 695 0089 / 555-3536




Ný byrjendanámskeið hefjast
29. og 30. október
Kl : 06.30 / 08.15 / 12.55 / 16.30
Skráðu þig strax í þetta einstaka ævintýri.
Vertu hjartanlega velkomin
Ósk & Rakel


# Úrvinda eftir Iceland Airwaves

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben er hálfslappur þessa dagana eftir að hafa komið fram á hverjum tónleikunum á fætur öðrum í tengslum við Airwaves-hátíðina.

Sérstaklega var síðasti föstudagur viðburðamikill hjá Pétri þegar hann spilaði með félaga sínum Mugison í beinni útsendingu í dönskum útvarpsþætti, í nýjum skemmtiþætti Loga Bergmanns, á podcast-tónleikum, á öðrum tónleikum í Skífunni, auk þess sem hann tróð upp sjálfur í Lídó um kvöldið. „Það voru frábærir tónleikar. Ég myndi vilja eiga þessa áhorfendur og fara með þá hvert sem ég fer,“ segir Pétur Ben. Hann var eins og gefur að skilja dauðþreyttur eftir daginn og er í rauninni ennþá að jafna sig. „Þetta var dagur þar sem maður átti ekkert eftir en hátíðin gekk rosalega vel upp og mér fannst allt sem við tókum þátt í hafa gengið vel.“

Kona Péturs, Anna Kristín Guðmundsdóttir, var honum til halds og trausts í Lídó eins og svo oft áður. Hann segir það æðislegt að hafa hana með sér á sviðinu. „Það er mjög þægilegt og eiginlega eins og að vera heima hjá sér.“

Anna Kristín spilaði einnig með Pétri í þættinum Söngvaskáld sem var sýndur í Sjónvarpinu á dögunum og stóð sig þar með mikilli prýði. Vanalega hefur hún sungið með Pétri með hristu í hendi en í þættinum brá hún sér í nýtt hlutverk. „Ég lét hana spila á trommur, bassa og orgel. Hún hafði aldrei spilað á þessi hljóðfæri áður og við höfðum bara þrjá daga til að undirbúa okkur. Ég gerði léttar útsetningar á lögunum og það gekk rosalega vel upp. Hún söng um leið og þetta var ótrúlega vel af sér vikið hjá henni. Þetta sýnir að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.“ - fb



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben hafði í nógu að snúast um síðustu helgi.

# HINN ÍSLENZKI ÞURSAFLOKKUR

## OG KAMMERSVEITIN CAPUT

# Viðhafnartónleikar

## 23. febrúar í Laugardalshöllinni

MASTERCARD FORSALA HEFST 1. NÓVEMBER
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA HEFST 2. NÓVEMBER

*(Et kraftigt tegn, misbrug det ikke!)

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Biblían**

Ný biblíuþýðing sem miðast við breiðan lesendahóp og notkun í helgihaldi kirkju og safnaða. Þetta er Biblía 21. aldarinnar.



**2. Latibær Límmiðaleikhús**



Lífgaðu Latabæ við í þessari skemmtilegu límmiðabók með því að líma inn myndir af öllum hinum litríku íbúum Latabæjar.

**3. Leyndarmálið**
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Bókin sat í 13 vikur samfellt í fyrsta sæti metsölulistans þegar hún kom út.

**4. Barbapabbi í langferð**
Anette Tison




Loksins komin ný bók um Barbapabba en bækurnar um Barbafjölskylduna hafa slegið rækilega í gegn meðal íslenskra barna.

**5. Mæling heimsins**
Daniel Kehlmann



Ein mest selda bók í Þýskalandi á undanförnum árum. Nú er hún loksins komin í íslenskri þýðingu.

**6. Dauði trúðsins**
Árni Þórarinsson




Nýr eðalkrimmi eftir höfund metsölubókarinnar Tími nornarinnar. Hér er Einar blaðamaður í essinu sínu.

**7. Negrastrákarnir**



Negrastrákarnir, þessir yndislegu hrakfallabálkar, eru komnir enn og aftur til að skemmta íslenskum börnum. Hinn góðkunni listamaður, Muggur, myndskreytti.

**8. Made in Iceland**
Sigurgeir Sigurjónsson




Ný bók eftir metsöluljósmyndarann Sigurgeir Sigurjónsson. Stórfenglegar landslagsmyndir úr öllum landshlutum og eftirminnilegar mannlífsmyndir.

**9. Viltu vinna milljarð?**
Vikas Swarup




Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Bókin sat 28 vikur samfellt í fyrsta sæti kiljulistans.

**10. Þriðja táknið**
Yrsa Sigurðardóttir




Glæpasagan vinsæla eftir Yrsu Sigurðardóttur. „Spennandi, heillandi og einstök“, segja bandarískir gagnrýnendur.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872






*„Ég er augnakonfektið í sambandinu. Þegar við göngum niður rauða dregilinn veit ég að allir stara á okkur og hugsa: Hvernig í ósköpunum náði hún í hann?“*

**PAUL BETTANY um sig og eiginkonu sína Jennifer Connelly.**



*„Vita þeir ekki að við erum að taka upp þátt? Ég mun sjá til þess að allir hérna inni fái endurgreitt.“*

**SPJALLÞÁTTASTJÓRNANDINN CONAN O´BRIEN eftir að brunabjalla fór í gang meðan þátturinn hans var tekinn upp. Aðgangur fyrir áhorfendur er ókeypis.**



*„Ég vorkenndi henni. Ég vissi að hún var í þann mund að lenda í djúpum skít. Ég fann fyrir þörf til að deila einhverju með henni og sagði við hana að ég væri hommi.“*

**LANCE BASS, liðsmaður NSYNC, deildi samkynhneigð sinni með Britney rétt eftir brúðkaup hennar og Jason Alexander.**

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ace of Base snýr aftur

**Tíundi áratugurinn hefur sett mark sitt á tískuna undanfarin misseri, og margir óttast endurkomu axlapúðanna ógurlegu. Nú rísa hljómsveitir tímabilsins líka aftur upp.**



TAKE THAT



ACE OF BASE NORDICPHOTOS/AFP



AQUA



SPICE GIRLS NORDICPHOTOS/GETTY

**TÓNLIST TÍUNDA ÁRATUGARINS**

**TAKE THAT:**
Seldar plötur: Yfir 25 milljónir
Þekktustu lög: Back for Good, Everything Changes

**AQUA:**
Seldar plötur: Yfir 30 milljónir
Þekktustu lög: Barbie Girl, Cartoon Heroes

**SPICE GIRLS:**
Seldar plötur: Yfir 53 milljónir
Þekktustu lög: Wannabe, Viva Forever

**ACE OF BASE:**
Seldar plötur: Yfir 32 milljónir
Þekktustu lög: All That She Wants, The Sign

**Og hafðu það**

Strákabandið Take That varð fyrst til að tilkynna endurkomu sína. Þeir Robbie, Gary, Mark, Howard og Jason heilluðu stúlkur víðs vegar um heiminn alla leið upp úr reimuðum Doc Martens-skónum á fyrri hluta tíunda áratugarins, þar til Robbie Williams stakk bandið af árið 1995 og ómurinn af brestandi hjörtum barst um heimsbyggðina. Sveitin lagði upp laupana ári síðar.

Helstu lög sveitarinnar voru gefin út á safnplötu árið 2005. Tíu árum eftir sveitarslitin var svo tilkynnt um endurkomu drengjanna fjögurra. Þeir skelltu sér í tónleikaferð og tilkynntu að ný plata væri í bígerð.

**Krydd í tilveruna**

Kryddstúlkurnar, eða Spice Girls, tóku nánast við krúnunni þar sem Take That drengirnir lögðu hana frá sér. Þær bragðbættu tilveru fjölmargra aðdáenda á seinni hluta tíunda áratugarins og sendu frá sér þrjár plötur. Viðurnefni stúlknanna – Scary, Baby, Ginger, Posh og Sporty – voru jafn sjálfsagður hluti af daglegu lífi í Bretlandi og þeir John, Paul, George og Ringo höfðu áður verið.

Ginger, eða Geri Halliwell, yfirgaf hópinn árið 1998, en hann hélt þó áfram störfum í þrjú ár til viðbótar. Þar með lognuðust kryddpíurnar út af, þar til í júní í ár að þær komu saman á ný og tilkynntu tilkomu safnplötu með tveimur nýjum lögum og tilheyrandi tónleikaferð.

**Ferskvatn**

Fast á hæla kryddsterku stúlknanna fylgdi dönsk hljómsveit sem kennir sig við svalandi vatn. Aqua, með söngkonuna Lene Nystrøm í fararbroddi, náði gífurlegum vinsældum á síðari hluta tíunda áratugarins með laginu Barbie Girl. Hópurinn sendi frá sér tvær plötur, Aquarium og Aquarius, áður en leiðir meðlimanna fjögurra skildu. Nýjustu fréttir frá frændum okkar Dönum herma hins vegar að Aqua hyggi á endurfæðingu. Aftur er það safnplata sem verður ofan á, en á henni verður að finna nokkur ný lög. Heimildir dönsku síðunnar MSN gossip herma að Aqua muni leggjast í tónleikaferð á næsta ári, en frekari fregna er enn að vænta.

**Allt sem þau vilja**

Aqua var ekki eina sveitin af norðlægum slóðum sem setti mark sitt á tíunda áratuginn, því Svíarnir í Ace of Base fengu ótrúlegar viðtökur um heim allan. Lagið All That She Wants var greinilega það sem heimurinn vildi, og sænsku systkinin átti greiða leið að hjarta stórs áheyrendahóps.

Hljómsveitin hefur aldrei formlega lagst af, en lítið hefur farið fyrir henni á síðustu árum. Ace of Base hefur nú snúið aftur í hljóðverið og er með nýja plötu í smíðum. Í nóvember á þessu ári mun sveitin koma fram á tónleikum í fullri lengd í fyrsta skipti síðan árið 1996.

Það er því deginum ljósara að tíundi áratugurinn hefur vaknað til lífsins á ný, þó að sumum þætti eflaust ekki verra að hann fengi að blunda enn um stund.

# Styður kærasta dóttur sinnar

Michael Lohan, faðir leikkonunnar Lindsay Lohan, segir nýjan kærasta hennar, Riley Giles, vera góðan dreng. Giles hefur verið handtekinn fjórum sinnum og kynntist Lindsay þegar þau voru saman í meðferð á meðferðarheimilinu Cirque Lodge í Utah.

Michael, sem varð trúaður á meðan á fangelsisdvöl hans stóð, vinnur nú hörðum höndum að því að kynna samkomuna GodMen, sem fram fer í Daytona Beach í Flórída í næsta mánuði. Hann hefur notað tækifærið til að tjá sig um dóttur sína, en hann hefur verið iðinn við það síðan í sumar.

„Hún er á réttu róli í hjarta sínu, huga og sál,“ sagði Michael, sem segir endurfundi þeirra feðgina hafa verið sanna blessun. „Mér finnst ég blessaður að fá að vera hluti af lífi hennar aftur. Mér finnst það blessun að hún sé aftur á réttri leið… að hún hafi fundið rétta leið í lífi sínu,“ sagði Michael.

Hann notaði einnig tækifærið til að viðra skoðun sína á Riley Giles, en slúðurblöð greindu nýlega frá því að hann hafi verið trúlofaður annarri stúlku þegar samband hans við Lindsay hófst. „Hann kemur úr góðri fjölskyldu. Þetta snýst ekki um hvað við gerðum í fortíðinni. Þetta snýst um að gera gott úr því,“ segir hann. „Mér finnst enginn hafa rétt á því að dæma Riley. Þau passa upp á hvort annað. Þau fara saman á fundi,“ sagði faðirinn.



**ÁSTFANGIN** Lindsay ku vera yfir sig ástfangin af Riley, sem var trúlofaður annarri stúlku þegar þau hittust.

**RILEY GÓÐUR STRÁKUR** Michael Lohan segir Riley Giles, kærasta Lindsay dóttur sinnar, vera góðan dreng þrátt fyrir fjórar handtökur.

# Ný bók eftir höfund *Flugdrekahlauparans*

*Þúsund bjartar sólir* segir frá tveimur afgönskum konum, Mariam og Lailu, sem lifa mjög ólíku lífi. Það eru róstusamir tímar í Kabúl og átök milli stríðandi herja og valdataka talibana kemur illa niður á óbreyttum borgurum. Örlögin leiða konurnar tvær saman og þær þróa með sér vináttusamband sem hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir þær báðar.




„Þeirri spurningu hvort *Þúsund bjartar sólir* sé jafn góð og *Flugdreka-hlauparinn* er fljótsvarað: Nei, hún er betri.“
*Washington Post*

„Nýr listrænn sigur og pottþétt metsölubók frá hugdjörfum höfundi.“
*Kirkus Reviews*

„Þeir lesendur sem gleymdu sér yfir *Flugdreka-hlauparanum* ættu ekki að láta þessa ógleymanlegu bók fram hjá sér fara.“
*Booklist*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Britney á lyfjum

Britney Spears er að reyna að greiða úr sem flestum flækjum í lífi sínu og hefur leitað á náðir lyfseðilsskyldra lyfja og sjálfshjálparbóka.

Söngkonan virðist síður en svo hafa misst fréttagildi sitt því ljósmyndarar elta hana hvert sem hún fer. Á vefsíðu Daily Mail er greint frá því að ljósmyndarar hafi náð myndum af Spears á rúntinum og þar hafi verið sjálfshjálparbók sem á að hjálpa fólki að verða betri foreldrar og lyfið Provogil en það vinnur gegn þreytu. Taugasérfræðingurinn dr. Mark Milstein sagði við Us Weekly að lyfið væri alls ekki örvandi heldur kæmi eingöngu í veg fyrir að fólk sofnaði. „Þegar þú lifir og hrærist í lífi hinna frægu og ríku, þar sem þú þarft að vakna snemma á morgnana og fara seint að sofa, þá er mjög líklegt að þú finnir fyrir einhverjum svefntruflunum,“ sagði Mark.

Samkvæmt Daily Mail var Britney á leiðinni á foreldranámskeið þar sem fyrrum eiginmaðurinn Kevin Federline var einnig meðal nemenda. Hún hafði undirbúið sig vel, var búin að glugga aðeins í bókina Co-Parent Solutions, eða Foreldralausnir, en námskeiðið sjálft heitir Parenting Without Conflict sem myndi þá útleggjast Uppeldi án árekstra. Bæði tvö voru skylduð á þetta námskeið af dómara þegar úrskurðað var í forræðismáli þeirra.

Britney hyggst sækja um aukinn umgengnisrétt fyrir dómara í dag en samkvæmt heimildum Daily Mail er líklegt að Kevin fari fram á að hann verði enn meira með strákana tvo.



**ÞREYTTA SÖNGKONAN** Britney Spears notar Provogil til að halda sér vakandi yfir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Litagleði í Los Angeles



**Los Angeles státar af tískuviku eins og svo margar aðrar borgir heims. Hönnuðurinn Petro Zillia var einn þeirra síðustu til að sýna hönnun sína fyrir vor og sumar 2008, en sýning hans skar sig úr vegna óstjórnlegrar litagleði. Áhorfendur fengu stjörnur í augun af einlitum kjólum í sterkum litum, sem eiga eftir að lífga upp á sumartískuna að ári.**





NORDICPHOTOS/GETTY




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Óskarsverðlaunaleikkonan **Helen Mirren** hefur aldrei eignast börn og virðist ekki sjá eftir því. Samkvæmt heimasíðunni ITN.com var það fræðslumyndband um fæðingar sem hafði áhrif á ákvörðun Mirren, sem sagði að nærmyndir af fæðingunni hefðu sett mark sitt á hana um alla framtíð. „Ég get ekki horft á neitt sem snertir fæðingar. Þær vekja viðbjóð hjá mér,“ segir hún.



Enn berast fregnir af þungun **Christinu Aguilera**, sem hefur þó ekki enn staðfest að hún eigi von á sér. Samkvæmt heimildum In Touch Weekly hafa vinir og vandamenn þó þegar haldið veislu til að fagna væntanlegum erfingja og söngkonan hefur víst valið nafn á krílið. „Hún strýkur kúlunni og talar við barnið og kallar það Jordy,“ segir vinur söngkonunnar. Það mun því líklega heita eftir föðurnum, **Jordan Bratman**.



**Heidi Klum** mun koma fram í nýju hlutverki á næstu tískusýningu Victoria's Secret. Hún hefur áður gengið tískupallana fyrir nærfatamerkið, en nú mun fyrirsætan syngja dúett ásamt eiginmanni sínum, poppstjörnunni **Seal**. Þau munu flytja Wedding Day, dúett þeirra af nýjustu plötu Seals.



Söngkonan **Jessica Simpson** hyggst flytja til Nashville í Tennessee í von um að fá innblástur fyrir nýja plötu. Söngkonan býr sem stendur í Los Angeles, en skoðaði nýverið íbúðir í New York. Nú virðist Nashville hafa orðið ofan á. „Jessicu langar virkilega að gera kántríplötu,“ segir heimildarmaður.

# Dóttirin fallegt slys



**ÍHUGAR ÆTTLEIÐINGU** Hin einhleypa Geri Halliwell íhugar að bæta ættleiddu barni í fjölskylduna en fyrir á hún Bluebell Madonnu. NORDICPHOTOS/GETTY

Geri Halliwell kallar dóttur sína „fallegt slys“. Kryddstúlkan á tæplega eins og hálfs árs gamla dóttur að nafni Bluebell Madonna með fyrrverandi elskhuga sínum, Sacha Gervasi. „Það eru svo margar konur einstæðar mæður í dag og mér finnst ég ekkert öðruvísi. Ég held að maður uppskeri það sem maður sáir og Bluebell var fallegt slys,“ segir Geri í viðtali við dagblaðið Guardian.

Hún segir móðurhlutverkið hafa breytt sér. „Ég læri eitthvað á hverjum degi. Ég er að læra að hún er eins og blóm sem þrífst í sólarljósi og sólarljósið er sjálfstraust, ég finn að þegar ég er sjálfsörugg eykst sjálfstraust hennar,“ segir Geri. „Fyrst var ég einhleyp, ung Bridget Jones-týpa. Ég lifði í sjálfselskum heimi. Nú þegar ég er orðin móðir hef ég miklu meiri samkennd,“ segir hún. Geri segist jafnvel hafa velt því fyrir sér að ættleiða fleiri börn. „Ég er að kynna mér þetta svo stöddu,“ segir hún.

# Ekki gaman að sýna brjóstin



Fyrirsætan Helena Christensen talar um reynslu sína af fyrirsætustörfum í nýju viðtali við The Times. Toni og Guy hafa nýverið sent frá sér nýja hárvörulínu undir nafni fyrirsætunnar, en þær Erin O'Connor og Jamelia hafa einnig farið í samstarf með fyrirtækinu.

Í viðtalinu segist Helena ekki hafa gert sér grein fyrir áhrifum ofurfyrirsætanna, en hún telst oft til þess umtalaða hóps. „Ég var bara að lifa lífinu og vinna á hverjum degi. Það gafst enginn tími til að taka eitt skref aftur á bak og skoða hvað var að gerast,“ segir hún. „Ótrúlegt en satt, þá var engin samkeppni. Við vorum bara nokkrar stelpur á brjáluðu ferðalagi, svo ofar öllu studdum við hver við bakið á hinum,“ segir Helena.

Hún segir einnig frá óförum sínum á tískupöllunum. „Þetta hljómar ekki eins og þetta sé neitt mál, en það er ekki fyndið þegar þú missir skóinn og þarft að draga hann á eftir þér því hann er enn spenntur um ökklann á þér. Eða þegar kjóllinn opnast og brjóstin skjótast fram,“ segir hún. „Og svo eru skiptin á tískuvikunni í París, þegar þrjár litlar gamlar konur eru að reyna að renna upp kjólnum þínum sem er svo þröngur að hann skerst inn í húðina, og það fer að blæða og þú svitnar. Svo senda þeir þig út á pallinn og þú finnur dropana leka niður andlitið. Það eru til stærri vandamál í veröldinni, en nákvæmlega þarna er þetta ekkert gaman,“ segir fyrirsætan.

**OFURFYRIRSÆTA** Helena Christensen talar um reynslu sína af fyrirsætustörfum í nýju viðtali við The Times.



**INGMAR BERGMAN** Bein fimmtu eiginkonu hans verða grafin upp á næstunni.

# Eiginkonan grafin upp

Bein fimmtu og síðustu eiginkonu sænska leikstjórans sáluga Ingmars Bergman verða grafin upp og flutt í gröf hans á eyjunni Färø. Þetta var hinsta ósk Bergmans og ákváðu fjölskyldur hans og eiginkonunnar Ingrid að verða við ósk hans og leyfa þeim að hvíla saman.

Bergman, sem leikstýrði meðal annars myndunum Sjöunda innsiglið og Fanny og Alexander, lést 30. júlí á heimili sínu á Färø, 89 ára gamall. Ingrid lést aftur á móti árið 1995. Þau áttu saman eina dóttur en Bergman átti átta til viðbótar, meðal annars rithöfundinn Linn Ullmann sem hann átti utan hjónabands.



**AFTUR Á LAUSU** Pete Doherty hefur slitið sambandi sínu og fyrirsætunnar Irinu Lazareanu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hættur með Irinu

**Pete Doherty hefur slitið trúlofun sinni og fyrirsætunnar Irinu Lazareanu, sem hann hefur átt í sambandi við síðan leiðir Doherty og Kate Moss skildu í júní. „Hann trúlofaði sig í stundarbrjálæði þegar hann var pissfullur,“ segir heimildarmaður The Sun, sem segir Irinu hafa elt Doherty á röndum og ekki látið hann í friði. „Að lokum varð hann að slíta sambandinu,“ segir heimildarmaðurinn.**

**Doherty ku hafa sagt vinum sínum að hann langi nú að ná Kate Moss aftur, en hún á í sambandi við tónlistarmanninn Jamie Hince. Sumir halda þó að Moss sé ennþá ástfangin af Doherty, svo vel gæti verið að hún rati aftur í fang hans.**




# Magnús Þór syngur um hafið

Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson hefur sent frá sér plötuna Sea Son.

Magnús segir að á plötunni hafi samruni hins unga Magnúsar og hins eldri orðið að veruleika. „Ég fann að ég hafði skilið eftir ákveðna þroskaþætti hjá mér og sett þennan unga tónlistarmann til hliðar. Síðan hefur þessi ungi verið að banka upp á og ég ákvað að taka hann formlega í sátt og gera með honum plötu,“ segir Magnús, sem segir að hinn ungi hafi verið næstum því óviðráðanlegur, m.a. vegna skjótra ákvarðanatakna.

Eins og nafnið gefur til kynna er hafið Magnúsi afar hugleikið á nýju plötunni, sem hann tók upp heima í stofunni hjá sér. „Pabbi var sjómaður og kom hingað frá Færeyjum þegar hann var um þrítugt. Ég persónugeri sjálfan mig sem skip á plötunni og segi frá tveimur skipum sem sigla hlið við hlið.“ Á meðal þeirra sem aðstoða Magnús á plötunni eru gamall félagi hans, Jóhann Helgason, og KK, sem spilar á munnhörpu.

Síðasta plata Magnúsar, Hljóð er nóttin, kom út fyrir tveimur árum og hafði að geyma þekktustu lög hans í hans eigin flutningi, þar á meðal Ísland er land þitt, Álfar og Blue Jean Queen. Hitti hún rækilega í mark og seldist í 6 til 7 þúsund eintökum.

Næstu tónleikar Magnúsar verða á Græna hattinum á Akureyri í kvöld.

- fb



**MAGNÚS ÞÓR SIGMUNDSSON** Hafið er Magnúsi Þór afar hugleikið í nýjustu plötu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ástin er svarið við gátunni

**Tónlistarmaðurinn Mugison hefur gefið út sína þriðju sólóplötu, Mugiboogie. *Freyr Bjarnason* spurði hann út í nýja gripinn, sem kemur út þremur árum á eftir hinni vinsælu Mugimama! is this Monkeymusic?**

Mugison hefur haft í nógu að snúast að undanförnu því hann framleiðir Mugiboogie algjörlega sjálfur. Í fyrradag lauk hann við að setja diskinn í umslag og koma honum í dreifingu og eftir það vakti hann til fjögur um nóttina við að ljúka við uppfærslu heimasíðu sinnar þar sem bæði er hægt að hlaða disknum niður og fá hann sendan heim til sín fyrir litlar 1.799 krónur. Sér pabbi hans um þá hlið mála.

### „Remix“ frá Tom Waits

Síðasta sólóplata Mugison var gefin út af þremur fyrirtækjum, 12 tónum, einu í Bandaríkjunum og öðru í Evrópu, en þeir dagar eru liðnir. „Það var aðallega leiðinlegt að mæta á fundi. Ég man eftir einum sem tók tvo tíma úti í Bretlandi. Þá var verið að tala um að fá Tom Waits til að „remixa“ fyrir mig og hver sá sem heldur upp á Waits veit að það er „bullshit“. Samt þarf maður að sitja og hlusta. Ég nenni því bara ekki núna því það tefur mann í því að gera músík,“ segir Mugison, sem er orðinn fúlskeggjaður eftir allt stritið að undanförnu.

### Ástin er svarið

Ástin er áberandi í textum nýju plötunnar og kann Mugison svar við því: „Ástin er svarið við lífsgátunni. Þarna er afbrýðisemislag, sjálfsmorðslag, ástarjátningar og greddulög. Platan fer um víðan völl en ef það er eitthvað sameiginlegt í þeim öllum þá er það að ég trúi á ástina,“ segir hann af miklum sannfæringarkrafti. Innan um hugljúfar poppballöður leynast einnig á plötunni hin níðþungu I´m Alright og Two Thumb Suck´n Son of a Boyo, sem er undir áhrifum frá brasilísku þungarokkssveitinni Sepultura. „Það er rokkhundur í mér og til dæmis finnst mér Roots [með Sepultura] vera ein besta plata allra tíma,“ segir Mugison.

### Vill breyta heiminum

Eitt lag á plötunni, The Animal, er tileinkað Amnesty International. „Þegar ársskýrslan kom frá Amnesty las ég hana og skýrslurnar þrjú ár aftur í tímann og síðan horfði ég á alla heimildarþætti eftir Adam Curtis. Þetta tók mig sirka þrjá sólarhringa og eftir það var ég orðinn útúrsósaður manréttindaböðull.

Ég ætla að breyta heiminum með þessu lagi og reyndi að setja það í þannig búning að það myndi enginn fatta það. Í millilaginu, sem er mjög „singalong-vænt“, er ég að segja að maður eigi ekki að leyfa þessum hálfvitum að stjórna heiminum eins og þeir eru að stjórna honum því við berum ábyrgð á því. Það þýðir ekki að sitja aðgerðalaus og láta tímann líða. Við verðum að taka þátt í þessu.“

### Nálgast svarta beltið

Síðan síðasta sólóplata kom út hefur Mugison búið í þremur húsum og eignast tvö börn. Sjálfur segist hann ekkert hafa breyst en tónlistin sé aftur á móti orðin mun betri. „Lögin eru orðin svona 200 þúsund sinnum betri. Ef maður heldur áfram að gera eitthvað verður maður aðeins betri í því og ég vandaði mig geðveikt. Miðað við hvað ég var að gera var ég kannski með gula beltið en er kominn alla vega með brúna og jafnvel svarta beltið núna.“

### Á leið til Evrópu

Fram undan hjá Mugison eru tónleikar á Ísafirði 6. nóvember og síðan á Akureyri, Vestmannaeyjum og í Reykjavík.

Einnig ætlar hann að kynna Mugiboogie í Evrópu með þrennum tónleikum í Danmörku, fernum í Bretlandi, einum í París og einum í Berlín.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison, sem heitir réttu nafni Örn Elías Guðmundsson, hefur sent frá sér sína þriðju sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.15 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10.20 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 6 - 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 10.10* | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 | 14 |

*Kraftsýning

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| THE INVASION | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | VIP |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| STARDUST DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 4 - 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 6 | L |
| THE INVASION | kl. 8 - 10 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| THE TRANSFORMERS | kl. 10:20 | 10 |

DIGITAL HLJÓÐ OG MYND SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA OG KRINGLUNNI

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION | kl. 8:20D - 10:30D | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE KINGDOM | kl. 10:10 | 10 |
| STARDUST | kl. 5:50D | 10 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 | L |
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 6 | L |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:40 | 7 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |

SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10:10 | L |
| SUPERBAD | kl. 8 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| HÁKARLABEITA | kl. 4 - 600 kr. | L |
| BRETTIN UPP | kl. 4 - 450 kr. | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is



# Hvatt til blóðgjafar

Bandarískir kvikmyndaaðdáendur hafa verið hvattir til að gefa blóð í tengslum við frumsýningu hryllingsmyndarinnar Saw IV. Með þessu móti vilja framleiðendur myndarinnar kynna hana betur og um leið hvetja fólk til þess að gefa blóð.

Þessi háttur hefur einnig verið hafður á varðandi hinar þrjár Saw-myndirnar og hefur uppátækið gengið vonum framar. Að sögn Stephanie Millian, talsmanns Rauða krossins, hafa Saw-myndirnar hvatt aðdáendur á öllum aldri til að gefa blóð. „Það má líta á þetta sem leið fyrir þá til að vaxa úr grasi og í framhaldinu getur blóðgjöfin orðið hluti af lífi þeirra,“ sagði hún.

Markaðsstjórar framleiðslufyrirtækisins Lionsgate ætluðu upphaflega að nota blóðgjöfina til að kynna fyrstu myndina en síðan þá hefur verkefnið undið upp á sig. Fyrst söfnuðust 2.100 lítrar en núna eru lítrarnir orðnir 24 þúsund. „Aðdáendunum finnst þetta vera hluti af heildarpakkanum,“ sögðu þeir.

Á annarri hverri sekúndu þarfnast einhver blóðs í Bandaríkjunum, sem þýðir að á meðan hin 95 mínútna Saw IV er sýnd þurfa um 2.850 manns á blóði að halda.



**SAW** Fjórða Saw-hryllingsmyndin er á leiðinni í bíó.

# Veðramót í sérflokki

Veðramót Guðnýjar Halldórsdóttur fékk ellefu tilnefningar til Eddunnar og er þetta aðeins í annað sinn sem íslensk kvikmynd fær fleiri en tíu tilnefningar. Hafið eftir Baltasar Kormák á enn sem fyrr metið með tólf tilnefningar og Mávahlátur Ágústs Guðmundssonar vermdi annað sætið með sínar tíu samkvæmt imdb.com þar til á þriðjudaginn þegar Veðramót velti henni úr sæti.

Veðramót hefur fengið frábæra dóma í fjölmiðlum og margir jafnvel gengið svo langt að segja þetta eina bestu kvikmynd sem gerð hefur verið á Íslandi. Fimm leikarar myndarinnar eru tilnefndir fyrir leik sinn í kvikmyndinni en það eru þær Hera Hilmarsdóttir og Tinna Hrafnsdóttir í flokki leikara í aðalhlutverkum og þau Jörundur Ragnarsson, Gunnur Schlüter og Þorsteinn Bachmann fyrir leik í aukahlutverki. Þar að auki fékk Guðný Halldórsdóttir tvær, eina fyrir leikstjórn og eina fyrir handrit.

Ef tekið er mið af þeim verðlaunum sem myndir með álíka fjölda tilnefninga má reikna með að Veðramót hljóti að minnsta kosti sex Eddur. En reyndar gæti brugðið til beggja vona því í fyrra voru til að mynda Börn tilnefnd til átta verðlauna en hlutu aðeins ein, fyrir besta handritið. - fgg



**GLÆSILEGUR ÁRANGUR** Ellefu tilnefningar Veðramóta eru glæsilegur árangur og kemur myndinni í flokk með Mávahlátri og Hafinu yfir flestar tilnefningar.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós er ekki ánægð með myndina Vanilla Sky.

# Vanilla Sky var ömurleg

**Hljómsveitin Sigur Rós segir að kvikmyndin Vanilla Sky, þar sem lag hennar Untitled #4 hljómaði, hafi verið ömurleg. Hljómborðsleikarinn Kjartan Sveinsson lét hafa þetta eftir sér eftir sýningu á heimildarmyndinni Heima á bresku hátíðinni Electric Proms. Vanilla Sky kom út árið 2001 og skartaði Tom Cruise, Cameron Diaz og Penelope Cruz í aðalhlutverkum.**

**Sigur Rós hefur einnig átt lag í kvikmyndinni The Life Aquatic with Steve Zissou með Bill Murray í aðalhlutverki, auk þess sem lög sveitarinnar hafa hljómað í sýnishornum við myndirnar The Invasion og Children of Men.**



**MICK HUCKNALL** Forsprakki Simply Red ætlar að einbeita sér að sólóferli sínum.

# Simply Red að hætta

Hljómsveitin Simply Red ætlar að hætta störfum árið 2009, 25 árum eftir að hún var stofnuð. Mick Hucknall, forsprakki sveitarinnar, segir að platan Stay, sem kom út í mars síðastliðnum, sé síðasta plata hennar og hún muni hætta störfum eftir að tónleikaferð hennar lýkur eftir tvö ár.

„Ég hef eiginlega ákveðið að segja þetta gott eftir 25 ár,“ sagði Hucknall, sem hyggst einbeita sér að sólóferli sínum.

Simply Red komst á toppinn á vinsældalistum með plötum á borð við A New Flame, Stars og Life sem hafa selst í rúmum fimmtíu milljónum eintaka. Á meðal vinsælustu laga hennar eru Holding Back the Years, If You Don´t Know Me By Now, Something Got Me Started og Fairground.



## > Hjálmar áfram í Fram

Sóknarmaðurinn Hjálmar Þórarinsson hefur ákveðið að vera áfram í herbúðum Fram næstu tvö árin, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Fram í gær. Ekki kemur fram í tilkynningunni hvort Fram sé búið að ganga frá kaupum á Hjálmari en hann er samningsbundinn skoska liðinu Hearts fram í maí á næsta ári. Hjálmar sagði á dögunum að val sitt stæði á milli þess að spila áfram með Fram eða fara í heimahagana til Þróttar. Hann hefur nú ákveðið að spila áfram með Safamýrarliðinu en hann var mjög vaxandi með Fram í sumar og lék einkar vel síðari hluta sumarsins.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON: SPILAR VEL MEÐ LOTTOMATICA OG ER ÁNÆGÐUR MEÐ LÍFIÐ Í RÓM

# *Mér líður bara eins og ég sé heima hjá mér*

Jón Arnór Stefánsson, körfuboltamaður, hefur verið að spila vel með ítalska liðinu Lottomatica Roma upp á síðkastið og var til að mynda stigahæsti leikmaður vallarins í naumu tapi liðsins gegn Evrópumeisturum Panathinaikos í fyrradag.

„Við vorum að spila mjög góðan bolta og erum frekar fúlir að hafa ekki klárað leikinn enda skoruðum við meira en þeir í þremur af fjórum leikhlutum leiksins," sagði Jón Arnór, sem gerði sér lítið fyrir og skoraði 25 stig, tók þrjú fráköst og stal þremur boltum á rúmum 30 mínútum sem hann spilaði í leiknum.

„Ég fékk mig lausan frá landsliðsskyldu síðasta sumar til þess að geta einbeitt mér að því að komast að hjá Lottomatica og ég tók þátt í öllu undirbúningstímabilinu þar og það er klárlega að skila sér núna. Ég er í góðu líkamlegu formi og fæ að spila mikið þannig að ég er stöðugt að bæta mig. Það er líka spennandi að vera að spila í Meistaradeildinni og svo spiluðum við líka gegn NBA-liðinu Toronto Raptors fyrir stuttu síðan. Það var skemmtileg reynsla og gaman að sjá hvar við stöndum gegn svo sterku liði," sagði Jón Arnór, sem er með lausan samning eftir tímabilið.



„Væntingarnar fyrir tímabilið voru frekar miklar og stefnan sett á topp fjögur í deildinni og vinna þannig áframhaldandi þátttökurétt í Meistaradeildinni að ári. Við erum á góðu róli sem stendur og mér gengur vel. Það hafa nú þegar farið fram viðræður um að lengja samninginn og forráðamenn félagsins eru ánægðir með framlag mitt hingað til, en ég ætla að flýta mér hægt í þessu, skoða mín mál vel og sjá til hvað verður í boði," sagði Jón Arnór, sem kann þó vel við sig í Róm.

„Ítölsk menning höfðar vel til mín og maturinn er frábær og fólkið skemmtilegt. Mér líður bara eins og ég sé heima hjá mér."



**Í FRÁBÆRU FORMI** Erla Dögg Haraldsdóttir setur hvert Íslandsmetið á fætur öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Erla Dögg Haraldsdóttir:

# Bætti 18 ára Íslandsmet í gær

**SUND** Sundkonan og Njarðvíkingurinn Erla Dögg Haraldsdóttir er í frábæru formi þessa daganna og í gær setti hún sitt fjórða Íslandsmet á einum mánuði.

Erla bætti í gær eitt elsta Íslandsmetið með því að synda 100 metra bringusund á 1 mínútu 10,16 sekúndum. Metið setti hún á opna danska meistaramótinu sem fer nú fram í Greve í Danmörku. Gamla metið átti Ragnheiður Runólfsdóttir og það var sett 18. mars 1989.

Millitími Erlu í sundinu var einnig Íslandsmet en hún synti fyrstu 50 metranna á 32,76 sekúndum en gamla metið Ragnheiðar var upp á 32,93 sekúndur. Þetta voru síðustu Íslandsmetin sem Ragnheiður átti í 25 metra laug. Erla Dögg syndir í úrslitum í sundinu í dag en hún átti besta tímann í undanúrslitunum. - óój

Theo Walcott hjá Arsenal:

# Ég er ekki Thierry Henry

**FÓTBOLTI Hinn 18 ára gamli framherji Arsenal Theo Walcott er ekki spenntur fyrir að vera líkt við Thierry Henry, markahæsta leikmann félagsins frá upphafi.**

**„Það var frábært að fá að æfa með honum á hverjum degi og læra af honum. Það eru allir alltaf að líkja mér við Thierry en ég vil vera þekktur fyrir að vera ég sjálfur," segir Walcott, sem játar það þó að Thierry Henry hafi verið hans uppáhaldsleikmaður og fyrirmynd.**

**„Það voru allir svekktir yfir því að hann fór en nú erum við eiginlega búnir að gleyma honum því það gengur svo vel án hans," sagði Walcott en hann skoraði tvö mörk í stórsigrinum á Slavia Prag í vikunni. Líkt og Henry byrjaði Walcott sem vængmaður en Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var fljótur að setja hann fram alveg eins og hann gerði með Henry á sínum tíma.** - óój

# Snæfell engin fyrirstaða

**Íslandsmeistarar KR voru í fínu formi á heimavelli sínum í gær þegar Snæfell kom í heimsókn. KR var mun sterkari aðilinn lengstum og vann sanngjarnan 14 stiga sigur, 85-71. Snæfell er án sigurs í deildinni eftir þrjá leiki.**

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar KR komust aftur á beinu brautina í gær með öruggum sigri á Snæfelli, 85-71. Meistararnir voru talsvert sterkari aðilinn í leiknum en það er eitthvað að hjá Snæfelli, sem er ekki líkt sjálfu sér þessa dagana.

Snæfell mætti til leiks stigalaust eftir tvö töp í upphafi leiktíðar og var greinilega ákveðið að rétta sinn hlut á móti meisturunum. Gestirnir úr Hólminum byrjuðu vel, spiluðu fína vörn og voru þolinmóðir í sókninni.

Heimamenn voru ekki alveg með á nótunum í fyrsta leikhluta og voru sex stigum undir, 16-22. Það kviknaði heldur betur á meisturunum í öðrum leikhluta, þar sem þeir buðu til veislu. Vörnin small algjörlega og það gekk allt upp í sókninni, sama hvort um var að ræða þriggja stiga körfur eða skrautkörfur. Avi Fogel fór mikinn og setti þréttán stig í leikhlutanum. Mest náði KR fimmtán stiga forystu, 48-33, en munurinn var tíu stig í leikhléi, 49-39.

Snæfell lét flugeldasýningu KR í öðrum leikhluta ekki koma sér úr jafnvægi og gestirnir voru mjög grimmir og söxuðu jafnt og þétt á forskot KR. Heimamenn rönkuðu aftur á móti við sér undir lok leikhlutans þegar Snæfell var farið að anda ofan í hálsmálið á þeim. Munurinn níu stig þegar einn leikhluti var eftir, 65-56.



**STERKUR** Avi Fogel er að komast betur og betur inn í leik KR og hann var mjög sterkur gegn Snæfelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann var algjörlega eign KR, sem hafði öll tök á leiknum og hélt Snæfelli allan tímann í hæfilegri fjarlægð. Það var einfaldlega klassamunur á liðunum í gær og hann sást best í lokaleikhlutanum.

„Þetta er svekkjandi því við gerum einfaldlega ekki það sem okkur er sagt að gera, sem er ótrúlegt," sagði Snæfellingurinn Hlynur Bæringsson niðurlútur. „Það fer í taugarnar á mér að við skulum ekki gera það sem búið er að tala um. Það er eitthvað samskipta- og einbeitingarleysi í gangi hjá okkur. Við rífum okkur upp úr þessu. Ég hef fulla trú á því."

Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, var talsvert kátari. „Við erum að fínpússa okkar leik smám saman. Það var gaman að Fogel væri góður í dag og hann er að komast vel inn í þetta hjá okkur. Um leið styrkjumst við.

Ég verð að viðurkenna að ég átti von á Snæfelli sterkara hér í dag. Mér sýnist á öllu að það vanti breidd hjá þeim. Byrjunarliðið er frábært en bekkurinn er ekki nógu sterkur hjá þeim. Það er ljótt að segja það en við völtuðum yfir þá um leið og menn komu af bekknum," sagði Fannar.

henry@frettabladid.is

Grindavík vann Stjörnuna 86-92 í Ásgarði í Iceland Express deildinni í gærkvöld:

# Grindavík sigraði á seiglunni

**KÖRFUBOLTI** Grindavík sigraði Stjörnuna 86-92 í Ásgarði í gærkvöld en fyrir leikinn voru bæði liðin búin að vinna einn leik og tapa einum í Iceland Express deildinni í ár.

Heimamenn í Stjörnunni tóku forystu byrjun og leiddu leikinn nánast allan fyrsta leikhlutann. Grindavík var þó aldrei langt undan og staðan var orðin jöfn 27-27 í lok leikhlutans.

Jafnræðið hélt áfram í öðrum leikhluta þar sem liðin skiptust á að taka yfirhöndina og þegar flautað var til hálfleiks voru gestirnir frá Grindavík með forystu 47-48.

Miklar sviptingar áttu sér stað í þriðja leikhluta þar sem bæði lið náðu ágætis forystu, en staðan að honum loknum var 67-69 Grindavík í vil.

Fjórði leikhluti var æsispennandi eins og við var að búast og staðan var jöfn 78-78 þegar fimm mínútur lifðu leiks. Þá tók hins vegar við vondur kafli hjá Stjörnunni, sem skoraði aðeins 5 stig á tæpum fimm mínútum og gerði það að verkum að sigur Grindavíkur varð þægilegri en efni stóðu til og lokatölur urðu 86-92.



**ÖFLUGUR** Jonathan Griffin reyndist Stjörnunni erfiður í gærkvöld og skoraði 24 stig í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var fyrst og fremst sáttur með að vinna leikinn og hrósaði seiglunni í liðinu.

„Við vorum langt frá okkar besta leik en ég er mjög sáttur með að við náðum að vinna leikinn, því það er sérstaklega mikilvægt að klára líka þá leiki þar sem liðið er ekki að spila vel. En auðvitað þurfum við að spila betur ef við ætlum okkur einhverja hluti," sagði Friðrik en sá þó ástæðu til þess að hrósa liði Stjörnunnar.

„Það er alveg ljóst að þetta er besta Stjörnulið sem ég hef nokkurn tímann mætt og Stjörnumenn eiga eftir að vinna mikið af leikjum í deildinni í vetur og þá sérstaklega á heimavelli sínum." - óþ

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express deild karla:*

**KR - Snæfell 85-71 (49-39)**
**Stig KR:** Avi Fogel 23, Helgi Már Magnússon 15, Joshua Helm 11, Brynjar Þór Björnsson 10, Darri Hilmarsson 8, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 7, Skarphéðinn Ingason 6, Jovan Zdravevski 5.
**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 18, Hlynur Bæringsson 16, Slobodan Subasic 14, Anders Katholm 9, Jón Ólafur Jónsson 8, Justin Shouse 5, Atli Hreinsson 2, Árni Ásgeirsson 1.

**Stjarnan - Grindavík 86-92**
**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Kardzovski 24, Muhammed Taci 16, Steven Lamar Thomas 13, Fannar Helgason 12, Sigurjón Örn Lárusson 10, Kjartan Atli Kjartansson 5, Birkir Guðlaugsson 5, Sævar Haraldsson 1.
**Stig Grindavíkur:** Jonathan Griffin 24, Páll Axel Vilbergsson 24, Þorleifur Ólafsson 17, Adama Darboe 10, Páll Kristinsson 7, Igor Beljanski 6, Jóhann Ólafsson 2, Davíð Hermannsson 2.

**Keflavík - Þór Ak. 99-85**
**Stig Keflavíkur:** Gunnar Einarsson 21, Bobby Walker 17, Tommy Johnson 11, Magnús Gunnarsson 11, Þröstur Jóhannsson 9, Jón Nordal Hafsteinsson 8, Sigurður Þorsteinsson 8, Anthony Susnjara 7, Arnar Freyr Jónsson 4, Vilhjálmur Steinarsson 3.
**Stig Þórs:** Luka Marolt 32, Cedric Isom 28, Óðinn Ásgeirsson 10, Magnús Helgason 9, Jón Kristjánsson 2, Sigmundur Eiríksson 2,

**Hamar - Fjölnir 73-62**
**Stig Hamars:** Raed Mostafa 19, Marvin Valdimarsson 15, George Byrd 14, Friðrik Hreinsson 11, Bojan Bojovic 6, Lárus Jónsson 6, Viðar Hafsteinsson 2.
**Stig Fjölnis:** Drago Pavlovoc 32, Karlton Mims 8, Helgi Þorláksson 5, Nemanja Sovic 5, Kristinn Jónasson 4, Níels Dungal 4, Hjalti Vilhjálmsson 3, Valur Sigurðsson 1.

*N1-deild kvenna í handbolta*

**Stjarnan - Fylkir 23-16**

*Evrópuk. félagsliða í fótbolta*

**Zenit - AZ Alkmaar 1-1**
Grétar Rafn Steinsson lék ekki með AZ vegna meiðsla.
**Helsingborg - Panionios 1-1**
Ólafur Ingi Skúlason var í byrjunarliði Helsingborg en fór af velli í hálfleik.
**Brann - Hamburger 0-1**
Kristján Örn og Ólafur Örn voru i byrjunarliði Brann og Ármann Smári lék síðustu fjórar mínútur leiksins.
**Tottenham - Getafe 1-2**
Jermain Defoe skoraði fyrir Spurs.
**Bolton - Braga 1-1**
El Hadji Diouf skoraði fyrir Bolton.
**Everton - Larissa 3-1**
Tim Cahill, Leon Osman, Victor Anichebe.

Meistaradeild Evrópu:

# Stjóri Rosenborgar hættur

**FÓTBOLTI** Knut Tørum sagði af sér sem stjóri Rosenborg í kjölfar eins besta sigurs í sögu liðsins í gær þegar það skellti Valencia 2-0 í Meistardeildinni, en ákvörðunin var tekin í samráði við stjórn félagsins. „Ég hef reynt að gera mitt besta til þess að ná árangri með liðið. Staða okkar í deildinni í Noregi gefur til kynna að breytinga sé þörf, en ég yfirgef félagið með mikið af góðum minningum í farteskinu," sagði Tørum. - óþ



# BT

# ENSKI BOLTINN FRÍTT Í HEILT ÁR!* AÐEINS 20 TÆKI!!




## SONY

KDL32D3000
SONY 32" LCD SJÓNVARP D3000
Myndstýring: BRAVIA Engine
MOTIONFLOW+ 100Hz - Ný tækni!
Upplausn: 1366x768 HD ready
PIP - myndfrystimöguleiki
S-Force hljómtækni
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 3
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2



Fylgir DVD myndir að eigin vali fyrir 6.000 kr

sýn2 enski boltinn

*12 mánaða áskrift að enska boltanum fylgir. Fylgir aðeins með Sony D3000 sjónvörpum. Gildir aðeins með fyrstu 20 tækjunum.

**179.999** (199.999)

20.000 KR VERÐLÆKKUN!!

BT LÁN Verð frá: 5.014 59 mánaða

ENGAR SPÓLUR EKKERT VESEN!!



## Panasonic

DMREH55
PANASONIC HDD 160GB
160 GB harður diskur
35 tíma upptaka í XP mode
284 tíma upptaka í EP mode
Spilar DivX af CD eða DVD
Spilar MP3
Mpeg2 upptaka
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir

**29.999**

**19.999** Með sjónvarpi



ÞRÁÐLAUSIR BAKHÁTALARAR!!

## Panasonic

SC-PT350
PANASONIC HEIMABÍÓ PT350
500 RMS Wött
Viera Link fyrir Panasonic sjónvörp
Full HD (1080P) UP-Conversion
Þráðlausir bakhátalarar

**49.999**

## MEDION

MD30048
MEDION 32" LCD SJÓNVARP 30048
Týpa: MD30048 LCD veggsjónvarp
Skjástærð: 32 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Noise reduction
Natural Enhanced Sharpness
Borðstandur fylgir
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 6ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x5W






Fylgir DVD myndir að eigin vali fyrir 6.000 kr

1. GREIÐSLA 1. janúar 2008

**89.999**

BT LÁN Verð frá: 2.632 59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



**FJÖLMENNI** Það verður örugglega vel mætt á leikina við Ungverja.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska handboltalandsliðið:

## Sjötta heimsókn Ungverja

**HANDBOLTI** Þetta verður í fjórða sinn sem Ungverjar koma hingað til lands til þess að spila tvo vináttuleiki en auk þess hafa þeir spilað við Ísland hér heima í úrslitakeppni HM 1995 og í undankeppni HM þremur árum síðar.

Í janúar 1974 gerðu þjóðirnar 21-21 jafntefli í fyrri leiknum en Ísland vann þann seinni 22-20. Í desember 1977 gerðu þjóðirnar 24-24 jafntefli í fyrri leiknum en Ungverjar unnu síðari leikinn 13-18. Í febrúar 1991 unnu íslensku strákarnir báða leikina, fyrst 22-20 og svo 22-19.

Ísland vann leik liðanna 23-20 á HM 1995 og þá vannst einnig sigur, 22-19, í undankeppni HM 1999 í nóvember 1998.

Ísland hefur unnið fjóra síðustu leiki þjóðanna á Íslandi. - óój

# Verð að undirbúa mig fyrir það versta

**Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari verður án margra lykilmanna í leikjunum tveimur gegn Ungverjum í kvöld og á morgun. Í liðið vantar meðal annars Guðjón Val, Ólaf Stefánsson og Loga Geirsson. Alfreð mun nota tækifærið og búa liðið undir að spila án Guðjóns í vörninni. Jaliesky Garcia snýr loksins aftur.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið leikur tvo æfingaleiki gegn Ungverjum í kvöld og á morgun. Leikurinn í kvöld fer fram í Laugardalshöllinni og hefst klukkan 20. Á morgun verður aftur á móti leikið á Ásvöllum og hefst sá leikur klukkan 14.

Leikirnir eru kærkomið tækifæri fyrir Alfreð Gíslason landsliðsþjálfara til þess að prófa nýja hluti og nýja menn. Landsliðið er án nokkurra lykilmanna eins og Guðjóns Vals Sigurðssonar, Loga Geirssonar og Einars Hólmgeirssonar sem eru meiddir. Markús Máni Michaelsson er hættur að leika handbolta og svo er Ólafur Stefánsson á Spáni en eiginkona hans á von á barni hvað úr hverju. Hann spilar ekki í kvöld en gæti komið í laugardagsleikinn.

„Ég ætla fyrst og fremst að fara yfir þá hluti sem við höfum verið að vinna með og svo er mikilvægt að koma Garcia inn í dæmið á fullum krafti – bæði í vörn og sókn. Það er frábært að fá hann aftur. Svo ætla ég að nota Arnór svolítið á miðjunni.



**ÁKVEÐINN** Alfreð Gíslason mun öskra sína menn áfram í leikjunum gegn Ungverjum sem fara fram í kvöld og á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þess utan er ég með þrjár nýjar vinstri skyttur sem ég hef verið að skoða og þeir munu eflaust fá eitthvað tækifæri,“ sagði Alfreð en hann hefur verið með liðið í æfingabúðum alla vikuna. Eins og áður segir eru margir menn meiddir og Alfreð ætlar að nota tækifærið til að undirbúa sig fyrir það versta. Til að mynda mun hann prófa leikmenn sem gætu leyst Guðjón Val af hólmi fremstir í 5/1-vörninni.

„Gaui heldur að hann verði með en ég verð samt að undirbúa mig fyrir það versta og að hann verði ekki með á EM. Þó svo að hann geti spilað með okkur á EM er ekki líklegt að hann geti spilað af fullum krafti uppi á toppi í 5/1-vörninni. Ég óttast að öxlin muni ekki hafa það af. Þá yrði hann að fara í hornið og einhverjir aðrir að leysa hans stöðu. Þar hef ég hugsað mér að prófa Róbert, Alexander og Ásgeir Örn. Ég held að þeir gætu allir leyst það með sóma,“ sagði Alfreð en hann hefur eðlilega nokkrar áhyggjur af meiðslum lykilmanna sem eru farnir að meiðast í auknum mæli í handboltanum almennt. „Þetta er að gerast úti um allt. Álagið í boltanum er einfaldlega að verða of mikið og það er eitthvað sem vert er að skoða.“

Alfreð segir að úrslitin skipti ekki öllu en þó verði að sjálfsögðu reynt að vinna eins og alltaf. „Það er þó mikilvægara að fá sem mest út úr leikjunum og þetta hefur verið góð vika hjá okkur,“ sagði Alfreð Gíslason.

henry@frettabladid.is






**ELLEFU MÖRK** Róbert Gunnarsson skoraði 11 mörk í síðasta sigurleik gegn Ungverjum 18. nóvember 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gengið gegn Ungverjum:

## Sex töp í síðustu sjö leikjum

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið mætir Ungverjum í tveimur vináttulandsleikjum á föstudag og laugardag.

Það hefur lítið gengið hjá íslenska landsliðinu gegn Ungverjum undanfarin ár. Ungverjar hafa unnið þrjá síðustu leiki þjóðanna og sex af síðustu sjö viðureignum.

33-29 sigur íslenska liðins á Ungverjum á Heimsbikarmótinu í Svíþjóð 18. nóvember 2004 er eini sigur Íslands á Ungverjum undanfarin átta ár.

Á árunum 1985 til 1999 gekk hinsvegar mjög vel í landsleikjum við Ungverja og höfðu þá íslensku strákarnir betur í 9 af 13 viðureignum.

Fyrir utan þessi fengsælu ár hefur íslenska handboltalandsliðið aðeins unnið 2 af 19 leikjum við Ungverja. - óój

Tímamót í handboltanum:

## HSÍ fagnar 50 ára afmæli

**HANDBOLTI Handknattleikssamband Íslands, HSÍ, fagnar 50 ára afmæli um þessar mundir og heldur upp á afmælið um helgina í kringum landsleikina við Ungverja.**

**Öllum fyrrverandi landsliðsmönnum Íslands í karla- og kvennaflokki er af því tilefni boðið á leikinn á morgun sem fram fer á Ásvöllum.**

**HSÍ vill hvetja þá sem hafa ekki fengið boð á leikinn um að hafa samband við sig á tölvupóstfangið hsi@hsi.is**

- hbg

Ian Jeffs, sem lék með ÍBV í sumar, vonast til þess að fá tækifæri til að spila með liði í Landsbankadeildinni:

# Örebro vill of mikinn pening fyrir mig

**FÓTBOLTI** Ian Jeffs, sem lék með ÍBV í 1. deildinni í sumar, hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið og meðal annars verið orðaður við bæði Val og Fram í Landsbankadeildinni. Jeffs var hins vegar einungis í láni hjá ÍBV síðasta sumar og er sem stendur samningsbundinn Örebro út næsta tímabil, en vill að eigin sögn losna undan samningi við sænska liðið.

„Umboðsmaður minn hefur þegar tilkynnt forráðamönnum Örebro að ég hafi ekki áhuga á því að spila áfram í Svíþjóð og vilji því losna undan samningi við liðið og vonandi verður fundin lausn á þessu máli sem fyrst. Sem stendur vill Örebro fá allt of mikinn pening fyrir mig en ég veit af áhuga liða í Landsbankadeild. Umboðsmaður minn er búinn að vera í viðræðum við nokkur lið og það eina sem ég get sagt er að ÍBV er eitt af þeim,“ sagði Jeffs og kvaðst líka vel við lífið í Vestmannaeyjum en hafa einnig mikinn áhuga og metnað til að spila í efstu deild á ný.

„Mér hefur liðið vel í Vestmannaeyjum og líkar vel við fólkið í kringum félagið, en ég vill spila í efstu deild og það voru því ákveðin vonbrigði að hafa ekki komist upp með ÍBV síðasta sumar og minnkar líkurnar á því að ég spili þar aftur næsta sumar,“ sagði Jeffs, sem að öllu óbreyttu þarf að standa við samning sinn við Örebro og snúa aftur Svíþjóðar.

Lennart Sjögren, yfirmaður knattspyrnumála hjá Örebro, vildi vel kannast við mál Ian Jeffs þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær og sagði hlutina vera í ákveðnum farvegi.

„Eins og staðan er núna getum við lítið aðhafst, því við erum að ganga frá þjálfaraskiptum og þegar því er lokið sjáum við betur hvort við getum notað Jeffs og hvort hann eigi framtíð hjá félaginu. Vilji hann ekki vera áfram, þá þurfum við eðlilega að finna einhverja lausn á því sem hentar báðum aðilum, en það hafa alla vega engin lið enn sem komið er sett sig í samband við okkur með hugsanleg kaup í huga,“ sagði Sjögren en vildi ekki gefa upp þá upphæð sem liðið væri að biðja um fyrir Jeffs.

Ian Jeffs hefur spilað 48 leiki fyrir ÍBV í efstu deild og skorað í þeim átta mörk. - óþ



**EFTIRSÓTTUR** Ian Jeffs spilaði vel með ÍBV í 1. deildinni í sumar en vill fá tækifæri í efstu deild á ný.

Miðjustaðan hjá Barcelona:

## Toure vill spila um helgina

**FÓTBOLTI** Yaya Toure, miðjumaður Barcelona, vonast til þess að spila með gegn Almeria á sunnudaginn en hann hefur verið meiddur undanfarnar vikur.

Fram að því hafði Frank Rijkaard alltaf haft hann í byrjunarliðinu en Barcelona keypti þennan 24 ára landsliðsmann Fílabeinsstrandarinnar frá Mónakó í sumar. „Ég er í góðu standi og vonast eftir að geta farið að spila sem fyrst,” sagði Toure, sem var sáttur með Eið Smára Guðjohnsen í leiknum gegn Rangers. „Ég er virkilega hrifinn af Guðjohnsen. Hann hefur ekki verið að spila mikið en það er mikil samkeppni um stöður í liði Barcelona og þjálfarinn er ekki öfundsverður að þurfa að velja ellefu menn í liðið. Eiður spilaði vel í Glasgow og sýndi að hann styrkir liðið,” sagði Yaya Toure um okkar mann en þeir eru núna farnir að keppa um miðjustöðuna hjá spænska liðinu og nú er að sjá hver fær tækifærið í næsta leik. - óój

Enska úrvalsdeildin:

## Megson tekinn við hjá Bolton

**FÓTBOLTI Gary Megson er orðinn stjóri enska úrvalsdeildarliðsins Bolton eins og allir bjuggust við eftir að hann sagði starfi sínu lausu hjá Leicester City í vikunni. Megson skrifaði undir tveggja og hálfs árs samning og tekur við Bolton af Sammy Lee, sem var rekinn á dögunum. Megson mun stjórna sínum fyrsta leik gegn Aston Villa á sunnudaginn en fylgdist aðeins með í Evrópuleiknum gegn Braga í gærkvöldi. Megson, sem er 48 ára, hefur farið víða en meðal liða sem hann hefur stjórnað eru Stoke City. West Bromwich Albion, Norwich City, Blackpool og Nottingham Forest.** - óój

Körfuboltalið Njarðvíkur:

## Getur unnið 18. leikinn í röð

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar geta í kvöld unnið sinn átjánda deildarsigur í röð í Iceland Express deild karla þegar þeir fá ÍR-inga í heimsókn í 3. umferð.

Njarðvíkingar unnu fimmtán síðustu leiki sína í deildarkeppninni í fyrra og hafa því ekki tapað deildarleik síðan gegn KR í DHL-Höllinni 19. nóvember 2006. Njarðvík hefur enn fremur unnið alla heimaleiki sína í deildinni síðan þeir töpuðu fyrir Grindavík í framlengdum leik 4. desember 2005 og heimasigrarnir eru því orðnir 18 í röð.

Teitur Örlygsson hefur stjórnað Njarðvíkurliðinu til sannfærandi sigra í fyrstu tveimur leikjunum, liðið vann Snæfell 84-71 í fyrsta leik og svo nýliða Þórs 101-73 í síðasta leik. - óój



## > Samuel L. Jackson

„Ég er jafn ástríðufullur í golfi og ég er þegar ég er að leika. Þegar ég byrjaði að spila golf var ég með golfsvein með mér og einn daginn varð ég reiður út í sjálfan mig og kastaði kylfunni. Þá sagði golfsveinninn við mig: „Þú ert ekki nógu góður golfspilari til að verða reiður.“ Ég hef aldrei hent kylfu síðan. Ég nýt golfsins, það skiptir ekki máli hvort ég er góður eða slæmur.“ Samuel leikur í The Man á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON SKYGGNIST TIL VEÐURS

# Rigning á stöku stað, fremur hvasst

Suðsuðvestur af Hvarfi er níuhundruðogáttatíu millibara lægð sem nálgast landið… þetta er nóg. Hver Íslendingur sem kominn er á fullorðinsaldur heyrir rödd veðurfréttanna við þessi orð; rödd sem er jafn seiðandi og arineldur á rigningarkvöldi, jafn þægilega slævandi og róandi lyf uppáskrifað af heimilislækni. Fregnir af veðri eru áþreifanlegasti hluti menningar þjóðarinnar, stöðugar en breytilegar, daglegar en teygja sig afturábak yfir flæmi alda til árdaga lýðveldisins. Millibör. Gráð. Vindstig. Í þessum orðum felst saga.



Varlega skyldi því fara í að breyta veðrinu. Eitt er að úða koltvísýringi og freoni linnulaust út í lofthjúpinn, þannig að Grænlandsjökull og ísbreiður Suðurskautslandsins molni og jörðin hitni á endanum eins og afgangar í örbylgjuofni. Við það þurfa komandi kynslóðir að glíma. Annað og alvarlegra mál er að umhverfa fréttum af veðri og vindum í sjónvarpi. Það hefur áhrif núna.

Eitt versta ógæfuspor ljósvakamiðlanna var nefnilega að binda ofurtrú á stafrænar tæknibrellur og sjónhverfingar við veðurfréttir. Veðurfréttamenn standa nú hægra megin á skjánum, þannig að Austurland er ósýnilegt, horfa fjarrænum augum út í loftið og láta hægri höndina vofa með döprum árangri yfir korti sem þeir sjá ekki sjálfir. Gamla aðferðin, með alvöru kortum, var betri. Í teningnum sem bendiprikið snart var fólgið öryggi.

Þegar kemur að veðrinu sjálfu verða veðurfréttamenn þó að lifa í samtímanum. Nú er svo komið að monsúnúrhelli hefur staðið yfir í tvo mánuði í höfuðstaðnum, þannig að þurrkatíð virðist jafn fjarlæg minning og bjórlíki, og þá verða þeir að sætta sig við það litlausa hlutskipti að tilkynna þjóðinni óbreytt ástand þar til annað kemur í ljós. „Nú, á morgun tekur svo að rigna“ sagði einn veðurfræðingurinn um daginn í miðri dembu. Svo hélt bara áfram að rigna.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 The Man** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Survivor: China** SKJÁREINN



▶ **22.25 Umsátrið um Alamó** SJÓNVARPIÐ



▶ **23.00 I´ll Sleep When I´m Dead** STÖÐ 2



▶ **23.05 Life on Mars** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (24:26)
**17.52 Villt dýr** (21:26)
**18.00 Snillingarnir** (33:42)
**18.24 Þessir grallaraspóar** (2:26)
**18.30 Svona var það** (6:22)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Í þessum þætti keppa lið Vestmannaeyja og Mosfellsbæjar og meðal keppenda eru Helgi Ólafsson skákmeistari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona.

**21.10 Rebus - Mannamunur** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

▶**22.25 Umsátrið um Alamó** (The Alamo) Bandarísk bíómynd frá 2004 byggð á sögulegum atburðum sem áttu sér stað árið 1836. Þá sat tvö þúsund manna her Santa Anna einræðisherra í Mexíkó um tæplega 200 Texasbúa sem vörðust hetjulega í gamalli trúboðsstöð. Meðal leikenda eru Dennis Quaid, Billy Bob Thornton, Jason Patric og Patrick Wilson. Atriði í myndinni er ekki við hæfi ungra barna.

**00.40 Mulholland Falls** Bandarísk spennumynd frá 1996. e.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Man**
**08.00 Looney Tunes: Back in Action**
**10.00 New York Stories (e)**
**12.00 Elizabethtown**
**14.00 Looney Tunes: Back in Action**
**16.00 New York Stories (e)**
**18.00 Elizabethtown**

▶**20.00 The Man** Spennandi gamanmynd með stórstjörnunni Samuel L. Jackson í aðalhlutverki.

**22.00 The 40 Year Old Virgin**
**00.00 Psycho**
**02.00 Around the Fire**
**04.00 The 40 Year Old Virgin**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (50.120)
**10.15 Numbers** (1.24)
**11.00 Freddie** (9.22)
**11.25 Ástarfleyið** (6.11)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (93.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (94.114)
**14.45 Lífsaugað** (e)
**15.25 Blue Collar**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.35 The Simpsons** (4.22) (e)

**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóði upp á skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint, með áhorfendum í sal. (2.10) Hljómsveitin Ný Dönsk mætir í sjónvarpssal og spjallar við Loga um ferilinn og framtíð hljómsveitarinnar.

**20.35 Tekinn 2** (7.14) Inga Lind fær stjörnulífið beint í æð þegar papparassi ljósmyndari fer að ofsækja hana og Hallur úr Leitinni að strákunum upplifir sína verstu martröð þegar hann er tekinn fyrir eiturlyfjasmygl. 2007.

**21.05 Stelpurnar** (10.10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. 2007.

**21.30 Bookies** Gamansöm spennumynd um fjóra háskólanema sem ákveða að setja á fót veðmagnarastarfsemi. Aðalhlutverk: Lukas Haas, Nick Stahl, Johnny Galecki. Leikstjóri. Mark Illsley. 2003.

▶**23.00 I´ll Sleep When I´m Dead** Hörkuspennandi tryllir með Clive Owen og Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverkum. Leikstjóri: Mike Hodges. 2003.

**00.40 Deeply**
**02.20 The Vector File**
**03.50 Forrest Gump** (e)
**06.05 Stelpurnar** (10.10)
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 UEFA Cup - 2007**
**16.55 UEFA Cup - 2007**
**18.35 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**19.00 Gillette World Sport 2007**
**19.30 NFL Gameday**

**20.00 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**

**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Citrus Bowl) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.

**22.00 World Series of Poker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**22.55 Heimsmótaröðin í póker 2006**

**23.45 Heimsmótaröðin í póker** (Bellagio´s Five-Diamond World Poker Classic)

## SÝN 2

**17.30 Middlesbrough - Chelsea**
**19.10 West Ham - Sunderland**

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.20 Premier League Preview** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.50 Premier League Preview** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Game tíví** (e)
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Friday Night Lights** (e)
**20.00 Charmed** (11.22)

▶**21.00 Survivor: China** (6.14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma.

**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (13.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Sonur milljónamærings er myrtur og málið vekur mikla athygli.

**22.50 Masters of Horror** (5.13) Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Nú er komið að sjálfum John Carpenter (Halloween, The Thing) að leikstýra hrollvekjandi sögu með Ron Perlman í aðalhlutverki.

**23.40 Backpackers** (17.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn.

**00.10 Law & Order: SVU** (e)
**01.00 The Company** (e)
**01.50 The Black Donnellys** (e)

**02.40 The Woman In Red** Gamanmynd frá 1984 með Gene Wilder í aðalhlutverki en hann leikstýrir einnig myndinni. Teddy Pierce er feiminn og rólyndur en allt breytist þegar hann verður hugfanginn af rauðklæddri konu.

**04.10 C.S.I.** (e)
**04.55 Vörutorg**
**05.55 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Logi í beinni



Íslensk þáttagerð verður í aðalhlutverki í kvöld en fyrstur á skjáinn er spjallþáttur Loga Bergmanns Eiðssonar. Hljómsveitin sívinsæla Ný Dönsk kíkir í heimsókn og spjallar um ferilinn og framtíðina. Því næst er hrekkjusvínið Auðunn Blöndal með Tekinn 2 og eldhress þáttur af stelpunum.

### ▶ MASTERS OF HORROR
### Skjár einn kl. 22.50

Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Nú er komið að sjálfum John Carpenter (Halloween, The Thing) að leikstýra hrollvekjandi sögu með Ron Perlman í aðalhlutverki. Ofsatrúarmaður reynir að „bjarga" óléttri dóttur sinni sem er að fara í fóstureyðingu. Hann undirbýr vopnaða árás ásamt sonum sínum á sama tíma og læknana fer að gruna að eitthvað yfirnáttúrulegt sé að fóstrinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (44.260)
**19.30 Hollyoaks** (45.260)
**20.00 Ren & Stimpy**
**20.30 Ren & Stimpy**
**21.00 Rolling Stones - The Truth Lie** (e) 40 ár af tónlist, skandölum, uppgjörum og frábær sviðsframkoma eru það sem gerði Rolling Stones að einu frægasta bandi veraldarsögunnar. Frábær heimildarmynd um kappana.

**22.00 It´s Always Sunny In Philadelphia** (7.7) Skemmtileg gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra félaga sem reka bar saman en eru allir of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra. (7.7) Félagarnir eru í viðbragðstöðu þegar þeir komast að því að vinur þeirra var misnotaður í æsku. Þeir vita þó ekki hvenig þeir geta hjálpað honum. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.20 Numbers** (2.24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. (2.24) Enn hefur ekki tekist að handtaka hina morðóðu Crystal en lögreglan hefur meðal annars reynt að fá fyrrum kærasta hennar til hjálpa. Hann vill ekkert segja og nú hefur Crystal rænt einum úr lögregluliðinu. 2006.

▶**23.05 Life on Mars** Önnur þáttaröð breskra þátta sem segir frá lögreglumanninum Sam Tyler sem lendir í alvarlegu slysi og þegar hann vaknar er hann staddur á árinu 1973. Hvað er hér að baki? Er þetta tímaferðalag eða er hann að dreyma? 2006.

**00.00 Totally Frank**
**00.25 Hollywood Uncensored**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** Hetty Wainthropp Investigates **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **15.55** Only Fools and Horses **16.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **17.45** Posh Nosh **18.00** Silent Witness **19.00** New Tricks **20.00** The Office **21.00** Silent Witness **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** New Tricks **23.30** Only Fools and Horses **0.00** Mastermind **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow **3.00** How to Be a Gardener **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook

## DR 1

**12.20** Kender du typen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** Bernard **14.35** Tintin **15.20** F for Får **15.30** Shanes verden **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Mr. Nice Guy **19.00** TV Avisen **19.30** Ikke et ord **21.20** Death and the Maiden **23.00** Boogie Listen **5.30** Den lille røde traktor **5.40** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**12.00** Gjensynet **13.00** Orson og Olivia **13.30**Øya **14.00** VG-lista Topp 20 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Mannen og ørnen **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.15** Herr Hikke **16.20** Karsten og Petra **16.25** Sauen Shaun **16.35** Miniplanetene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.05** Dalziel og Pascoe **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.05** Sopranos **22.55** Eva Cassidy - hun begeistret en hel verden **23.35** Country jukeboks med chat **2.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**12.00** Videokväll hos Luuk **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Niklas mat **16.00** Hotell Kantarell **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **16.55** Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer **17.00** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Miffo **20.35** Rapport **20.45** Kulturnyheterna **20.55** Svensson, Svensson **21.25** Mia och Klara **21.55** Safety of objects **23.55** Sändningar från SVT24





Tilboð helgarinnar
LAMBA RIB-EYE Í HVÍTLAUKSLEGI
aðeins 2700 krónur kílóið.

Opið er á laugardögum í eftirtöldum verslunum Gallerí Kjöts og Fiskisögu
Grensásvegi - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Höfðabakka

GALLERÍ KJÖT

Grensásvegi - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Höfðabakka

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Holdafar er nokkuð sem við gerum eitthvað í og allir eru að eðlislagi grannir.“*

Bára Magnúsdóttir líkamsræktarfrömuður í viðtali við DV 1989.

„Það er öllum eðlilegt að vera frískur, þó að til séu margir sjúlingar. Eins er eðlilegt að vera í réttu holdafari. Það er auðvelt að finna það, maður dregur bara metra frá hæðinni og yfir þá tölu á maður ekki að fara,“ segir Bára nú.



**LÁRÉTT**
**2.** umrót **6.** skóli **8.** tölu **9.** örn **11.** gangþófi **12.** eftirgjöf **14.** ríkis **16.** persónufornafn **17.** fæða **18.** vitfirring **20.** rykkorn **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** niður **3.** bardagi **4.** pretta **5.** eldsneyti **7.** flatfiskur **10.** svelgur **13.** líða vel **15.** kvenklæðnaður **16.** persónufornafn **19.** stöðug hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rask, **6.** fg, **8.** tvo, **9.** ari, **11.** il, **12.** naðun, **14.** lands, **16.** þú, **17.** ala, **18.** æði, **20.** ar, **21.** raða.
**LÓÐRÉTT: 1.** ofan, **3.** at, **4.** svindla, **5.** kol, **7.** grálúða, **10.** iða, **13.** una, **15.** sarí, **16.** þær, **19.** ið.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Björgúlfur Thor Björgúlfsson.
2. Lars Einar Engström.
3. Mugiboogie.






# Endurunnið grín í Spaugstofunni

„Ég sá byrjunina á þessu atriði og fannst eins og ég kannaðist eitthvað við það,“ segir Þorsteinn Guðmundsson en athygli vakti að um helgina virtist Spaugstofan endurvinna sígilt atriði úr Fóstbræðrum. Hjón á miðjum aldri bjuggu í alltof stóru húsi og ákváðu að gera eitt barnaherbergjanna að fangaklefa. Glögga áhorfendur rámaði í að þarna væri á ferðinni atriði sem svipaði óneitanlega til þess þegar þau Þorsteinn og Helga Braga gerðu slíkt hið sama í þáttunum sálugu. „Ég held þó að allir sofi rólegir yfir þessu,“ bætir Þorsteinn við.

„Spaugstofan er líka eilítið annars eðlis og framleiðir gríðarlega mikið af efni og það er því eðlilegt að svona komi upp. Efnistökin eru líka alltaf ólík og mér finnst þetta ekkert mál,“ útskýrir Þorsteinn og bætir því síðan við að kannski hafi Spaugstofufélagarnir horft á þættina og lært eitthvað af þeim. „Og kannski hefur það verið þeirra gæfa. Síðan koma vonandi Fóstbræðraþættirnir út á DVD og þá hafa þeir efni fram á haust.“

Karl Ágúst Úlfsson, einn af forkólfum Spaugstofunnar, sagðist ekki hafa séð áðurnefnd atriði hjá Fóstbræðrum og benti á oft gerðist það að menn fengju svipaðar hugmyndir. „Og það hefur komið fyrir að eldar kvikni á mörgum stöðum samtímis,“ bætir Karl við. Hvað „útlenskuna“ varðar segir Karl að það hafi komið úr Jamie Oliver en Íslendingar séu farnir að versla eftir erlendum matreiðsluþáttum. **- fgg**



**MENN FÁ SVIPAÐAR HUGMYNDIR** Karl Ágúst Úlfsson segist ekki hafa séð Fóstbræðraatriðið.



**SEFUR RÓTT** Þorsteinn Guðmundsson segist ekki kippa sér upp við það að atriði frá Fóstbræðrum hafi verið endurunnið hjá Spaugstofunni.



**SAMDI ALLT SJÁLF** Bryndís Jakobsdóttir er að gefa út sína fyrstu plötu á næstunni en hún samdi allt efnið sjálf, ýmist ein eða í samstarfi við aðra. „Þetta er mjög persónuleg plata,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR: GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU PLÖTU

# Mamma og pabbi veittu mér mikinn stuðning

„Þetta er mjög spennandi,“ segir söngkonan Bryndís Jakobsdóttir, sem sendir frá sér sína fyrstu plötu á næstunni. Eitt laganna á plötunni, Ljáðu mér eyra, hefur þegar vakið athygli í kvikmyndinni Veðramót en það samdi Bryndís ásamt Dóra DNA. „Ég er búin að vera að dunda mér í tónlist lengi, hef verið að æfa mig að semja og finna minn eigin stíl. Svo var ég komin með þó nokkuð mörg lög og ákvað að gera plötu ásamt breskum vini mínum sem ég kynntist í London og hef unnið töluvert með.“

Bryndís á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því foreldrar hennar eru þau Ragnhildur Gísladóttir og Jakob Frímann Magnússon. „Þau hjálpuðu mér ekki við gerð plötunnar hvað tónlistina varðar, þar hef ég alveg ráðið ferðinni,“ segir hún þegar hún er innt eftir því hvort hún hafi notið liðsinnis foreldranna. „En þau hafa veitt mér mikinn stuðning. Pabbi hefur hjálpað mér að koma þessu öllu heim og saman, séð um tæknilegar hliðar og almennar reddingar. Kannski fæ ég þau til að spila eitthvað með mér á næstu plötu.“

Platan hefur enn ekki hlotið nafn en upptökur og annað er á lokastigi. „Æ, ég er frekar sein með þetta allt saman en er að vinna í því að finna fallegt orð sem myndi lýsa plötunni vel. Þetta er mjög persónuleg plata. Ég samdi allt efnið sjálf, bæði ein og í samstarfi við aðra. Mér finnst erfitt að setja tónlist í orð en held ég myndi segja að platan væri mjög melódísk með persónulegum textum. Ég lagði líka mikið upp úr því að hafa tilraunakenndar útsetningar og sérkennileg hljóð, til að mynda þverflautur í popplagi.“ **sigrunosk@frettabladid.is**



**KANNSKI Á NÆSTU PLÖTU** Bryndís er dóttir þeirra Ragnhildar Gísladóttur og Jakobs Frímanns Magnússonar. „Þau hjálpuðu mér ekki við gerð plötunnar hvað tónlistina varðar,“ segir Bryndís. „En þau hafa veitt mér mikinn stuðning.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýr stökkpallur hefur myndast fyrir íslenska leikara sem hafa stundum drýgt tekjurnar með því að koma fram í auglýsingum því auglýsingastofan Himinn og haf verður hluti af alþjóðlegu auglýsingastofakeðjunni TBWA undir nafninu TBWA/Reykjavík. Keðjan er ein af tíu stærstu í heiminum og því gætu íslenskir leikarar farið að birtast í erlendum auglýsingum, sem hefur nú reynst æði mörgum happadrjúgt á hinu alþjóðlega sviði. Ætla starfsmenn auglýsingastofunnar því að bjóða til mikillar veislu á Silfrinu á Hótel Borg síðdegis í dag þar sem þessum merku tímamótum verður fagnað en þar verður **Pétur Jóhann Sigfússon** fremstur í flokki enda leikarinn farið á kostum í Thule-herferðinni sem auglýsingastofan gerði.



Öll spjót standa nú á **Eyjólfi Sverrissyni** landsliðsþjálfara í fótbolta eftir að þrír landsliðsmenn lýstu því yfir í Nettavisen að þeir hefðu ekki trú á honum sem þjálfara liðsins. Þeir drógu orð sín síðan til baka og einn þeirra, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, sagði að þau hefðu verið tekin úr samhengi af norskum „æsifréttamanni“. Reyndar vekur athygli að Gunnar viðurkennir í viðtalinu að hann hafi búist við þessari útkomu og segist ekki ætla að gefa þessum manni fleiri viðtöl.



**Eyjólfur** er ekki einn í því stormviðri sem ríkir í landsliðinu því sveitungar hans í Skagafirðinum hafa tekið upp hanskann fyrir sinn mann. Á vefsíðunni skagafjordur.com er birt stór frétt um að Ísland hafi hækkað sig upp um eitt sæti á FIFA-listanum enda náði landsliðið góðum úrslitum gegn bæði N-Írum og Spánverjum og bætt er við að gagnrýnin á Eyjólf sé nú hálf hjákátleg en svona sé nú bara boltinn. **- fgg**








# Lokaorustan hafin um þulustarf

Eins og fram kom í Fréttablaðinu bárust Sjónvarpinu yfir hundrað umsóknir um starf dagskrárkynnis áður en umsóknarfresturinn rann út í byrjun þessa mánaðar. Af 103 umsóknum voru 18 frá karlmönnum. Það er því ljóst að vinsældir þulustarfsins fara ekki dvínandi nema síður sé. Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, segir að rúmlega fimmtungur hópsins sé nú kominn í lokaúrtak og að endanleg ákvörðun verði tekin fljótlega. „Við boðuðum 21 umsækjanda í prufu og erum að vinna úr þeim. Það er smám saman að koma skýrari mynd á þetta og við reiknum með að ráða í störfin í næstu viku.“

Í prufunum þurftu umsækjendur sjálfir að skrifa texta um dagskrá kvöldsins og lesa hann af myndavélaskjá. „Við tökum allt með í reikninginn,“ segir Þórhallur. „Framkomu, málfar, textavinnu og framsögn. Það er allt lagt undir.“ Þórhallur segir að líklega verði þrír nýir dagskrárkynnar ráðnir. „Það er þó ekki búið að taka endanlega ákvörðun um það. Við erum hér með starfandi dagskrárkynna sem eru inni í þessu líka. Kannski verða þau öll áfram.“ Hann neitar að gefa upp hversu margir karlmenn séu í lokahópnum. „Þeir eru færri en konurnar.“ **- sók**



**FÆRRI KARLAR EN KONUR** Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri Sjónvarpsins gefur ekki upp hversu margir karlar eru í þeim hópi sem koma til greina sem dagskrárkynnar. „Þeir eru færri en konurnar.“

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**




vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**


Þórgunnar Oddsdóttur


## *Sæl eru einföld*

Þegar ég fæddist var símanúmerið heima hjá mér þrjár stuttar. Mér finnst ég háöldruð þegar ég hugsa til þess og skammast mín næstum fyrir að segja frá þessu. Núna, rúmum aldarfjórðungi síðar, er enginn átta ára krakki maður með mönnum nema hann eigi GSM-síma af þriðju kynslóð farsíma. Enginn léti bjóða sér upp á að tala í síma sem nágrannarnir gætu hlerað.

**FÁTT** þótti mér skemmtilegra þegar ég var yngri en að heyra ömmu og afa segja frá lífinu í gamla daga. Ég skildi aldrei hvað þau höfðu verið skelfilega nægjusöm. Sjálfri þótti mér hálf kjánalegt að fólk hefði hoppað af kæti yfir því að fá epli í desember og mér þótti óhugsandi að einhver gæti sætt sig við kerti og spil í jólagjöf. Nú er ég farin að skilja þetta svo miklu betur enda sé ég að bernska mín var ekki síður fátækleg. Alla vega miðað við allsnægtirnar nú. Ég meina – það var ekki einu sinni hægt að horfa á sjónvarpið á fimmtudögum.

**ÞEGAR** ég var lítil var það hápunktur allra bæjarferða að fara í Sigga Gúmm. Siggi Gúmm var stærsta leikfangaverslunin á Akureyri og í minningunni er hún risavaxin ævintýraveröld. Búðinni hefur fyrir löngu verið lokað en líti maður í kringum sig á kaffihúsinu sem þar er nú til húsa leynir sér ekki að þessi dótabúð hefur ekki verið ýkja stór. Tvær nýjustu leikfangaverslanirnar á höfuðborgarsvæðinu eru samtals 4.000 fermetrar. Siggi Gúmm bliknar í samanburði enda gólfflöturinn þar litlu stærri en í stærstu dúkkuhúsunum sem kaupa má í nýju búðunum.

**„SÆLIR** eru einfaldir,“ segir einhvers staðar, jafnvel þótt því hafi nú verið breytt í „sæl eru einföld“. Ég veit það ekki. Mér finnst ég bara hafa verið ferlega vitlaus. Það er náttúrlega mesti barnaskapur að tapa sér í gleði í leikfangaverslun sem slefar ekki einu sinni upp í 100 fermetra. Næstum jafn kjánalegt og að gleðjast yfir legg og skel.

**LÍKLEGA** eiga afkomendurnir eftir að furða sig á nægjusemi okkar sem látum bjóða okkur lítilræði eins og 42ja tommu flatsjónvörp, tvöfalda ísskápa og leikfangaverslanir á stærð við knattspyrnuvelli. „Æ þau þekktu ekkert annað þessi grey. Þau vissu ekki hvað lífsgæði eru.“

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 26. október, 299. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.50 | 13.12 | 17.32 |
| Akureyri | 8.43 | 12.56 | 17.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA